



Íslenska kvemnalandsliðið í handbolta fékk sitt fyrsta stig í undankeppni EM þegar það gerði jafntefli, 30-30, við Slóveníu í Laugardalshöllinni í gærkvöldi. Sjá sport 20. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Gauti spenntur fyrir nýrri búllu

LÍFIÐ Hagavagninn mun ganga í endurnýjun lífdaga og verða opnaður sem hamborgarastaður á næstunni. Emmsjé Gauti er einn þeirra sem að staðnum koma og hann er spenntur.

„Þetta verður í klassa fyrir ofan sjoppuborgarann. Þetta er ekki ísbúðin-í-hverfinu-þínu hamborgarinn. Heldur verður þetta svona hamborgarastaður sem nýtir sér aðferð sem heitir smass-börger. Það er fitumeira kjöt og aðeins öðruvísi steikingaraðferð. Þetta er geggjað því mér finnst vanta svona „basic burger“ í hverfið.“ segir E m s j é Gauti. – sph / sjá síðu 40



Fréttablaðið í dag

SKOÐUN Rektor Háskóla Íslands skrifar um bein tengsl fjárfestingar í rannsóknnum og hagvaxtar. 16

SPORT Dramatík í lokaumferð Olís-deildar karla. 20

MENNING Crescendo eftir Katrínu Gunnarsdóttur verður frumsýnt í Tjarnarbiói í kvöld. 26

LÍFIÐ Nemendur á öðru ári í fatahönnun hafa undanfarið unnið að verkefni í samvinnu við fatahönnun Rauða krossins. Þau velta fyrir sér textilsóun og fleiru. 38

PLÚS 2 SÉRBLÖÐ • FÓLK
• NORDURLAND

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015

Atkvæðið frá frænku eigandans réð úrslitum

Atkvæði frænku eiganda Sundhallarinnar í Keflavík réð úrslitum í ákvörðun um niðurrif. Umdeild ákvörðun í bænum. Umræddur fulltrúi í umhverfis- og skipulagsnefnd hafði þar til í síðustu viku vikið sæti við málsmeðferðina.

SKIPULAGSMÁL Atkvæði bróðurdóttur eiganda Sundhallar Keflavíkur réð úrslitum í ákvörðun umhverfis- og skipulagsráðs Keflavíkur í síðustu viku um nýtt deiliskipulag fyrir reitinn sem Sundhöllin stendur á. Framkvæmdir fyrir hundruð milljóna eru fyrirhugaðar á svæðinu sem fela meðal annars í sér að hús Sundhallarinnar viki fyrir íbúabyggð. Mikil umræða spratt upp fyrir í vikunni um húsið sem er hannað af Guðjóni Samúelssyni og skiptar skoðanir eru um hvort rifa beri húsið eða varðveita það.

Tveir fulltrúar í ráðinu greiddu atkvæði gegn deiliskipulaginu. Þrjú voru fylgjandi, þar á meðal Una

María Unnarsdóttir. Sundhöllin og lóðirnar við Framnesveg 9 og 11 eru í eigu föðurbróður hennar, Halldórs Ragnarssonar, og sonar hans, Heiðars Halldórssonar.

Frá því Una María tók sæti í umhverfis- og skipulagsráði árið 2014 hefur hún ávallt vikið sæti í málum sem varða málefni frænda sinna þar til í síðustu viku.

„Ég hef setið hjá í öllum málum sem varða Húsanes vegna þessa skyldleika og svo þótti mér það faglegra.“ segir Una María og segist ekki hafa kynnt sér málið lagalega fyrir en þetta mál kom upp nú og hafi hún þá aflað sér lögfræðialits um mögulegt vanhæfi.

●● Ég hef setið hjá í öllum málum sem varða Húsanes vegna þessa skyldleika.

Una María Unnarsdóttir

Hún vísar til 20. gr. sveitarstjórnarlaga sem kveður á um að sveitarstjórnarmaður sé vanhæfur sé hann eða hafi verið maki aðila, skyldur eða mægður aðila í beinan legg eða að einum lið til hliðar við ákvörðunartöku. „Það á bara við um foreldra, börn eða systkin og þar af leiðandi telst ég ekki vanhæf í þessu máli.“ segir Una. – aa / sjá bls. 4

Ráðherra vill afnema 25 ára „regluna“

MENNTUN „Ég vil afnema hina svo kölluðu 25 ára „reglu“ við innritun nemenda í framhaldsskóla.“ segir Lilja Alfreðsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra, í aðsendri grein í Fréttablaðinu.

Frá árinu 2012 hefur framhaldsskólum verið heimilt að forgangsráða umsóknnum um skólavist eftir tiltekinni flokkun á umsækjendum. Einn liður í reglugerðinni kveður á um að umsækjendum 25 ára og eldri, sem njóta ekki forgangs



Lilja Alfreðsdóttir.

af öðrum ástæðum, skuli ráðað næstsidast við flokkun umsókna. „Margir túlkuðu þetta sem svo að framhaldsskólar landsins séu lokaðir fólki eldra en 25 ára.“ segir Lilja.


Ráðherra segir að ráðuneytinu hafi ekki borist umkvartanir vegna synjunar um skólavist sökum aldurs og líkur á að það reyni á slíkt séu hverfandi. „Sérstaklega í ljósi þess að framlög til framhaldsskólastigsins voru aukin um 1.290 milljónir milli 2017 og 2018 og í ofanálög eru framlög á nemenda hærri í kjölfar styttingar náms til stúdentsprófs, en framhaldsskólarnir halda þeim fjármunum sem sparast vegna styttingarinnar.“ – jhh / sjá síðu 16

SLÁÐU UPP VEISLU
F E R M I N G

Kringlan

30 ára

Veður



Viða mun rigna með morgninum, en þegar liður á daginn munu vindar snúast og léttá mun til á austurhluta landsins. Vestanlands má reikna með skúrum eða slyddueljum.

SJÁ SÍÐU 24

Framsókn hafi herjað á samninginn

KJARAMÁL Grunnskólakennarar felldu í gær kjarasamning sinn við Samband íslenskra sveitarfélaga. Rúm 68 prósent félagsmanna sögðu nei í atkvæðagreiðslunni. Alls voru 4.697 manns á kjörskrá og greiddu rúm 80 prósent þeirra atkvæði eða 3.973 félagsmenn. 2.599 greiddu atkvæði gegn samningnum.

„Auðvitað eru það alltaf vonbrigði þegar það sem maður leggur fram nær ekki fram að ganga. Við hefðum ekki fallist á þennan kjara-



Ólafur Loftsson, formaður Félags grunnskólakennara.

samning hefðum við haldið að lengra yrði komist,” segir Ólafur Loftsson, formaður Félags grunnskólakennara.

Samningurinn kvað meðal annars á um breytingar á launum, að horfið yrði frá vinnumati, greitt yrði fyrir sértæk verkefni og að tími til annarra faglegra starfa yrði minnkaður.

Ólafur segir að strax í upphafi hafi verið þung herferð gegn samningnum. Hún hafi átt rætur að rekja til Framsóknarflokksins í Reykjavík. Tveir verðandi stjórnarmenn í félaginu séu á lista hjá flokknum í borginni. Vísar Ólafur þar meðal annars til Ásthildar Lóu Þórsdóttur en hún skipar þriðja sæti á lista Framsóknarflokksins í borginni.

Aðspurður um hvað taki nú við segir Ólafur að það muni skýrast á næstunni.

„Við hittum samninganefnd sveitarfélaganna á morgun. Núverandi stjórn mun gera allt sem hún getur til að ný stjórn taki við slíku búi að hún geti náð hámarksárangri í því verkefni sem fram undan er,” segir Ólafur. – jh

Alþjóðlegur dagur gegn kynþáttamisrétti



Nemendur úr Oddeyrarskóla gengu fylktu liði frá skólanum sínum og niður að Ráðhúsi Akureyrar í gær til að faðma það. Ástæðan var sú að í gær var alþjóðlegur dagur gegn kynþáttamisrétti. Nemendurnir héldust í hendur og mynduðu keðju umhverfis húsið. Alþjóðlegur dagur gegn kynþáttamisrétti er haldinn ár hvert. Um alla Evrópu eru haldnir viðburðir undir yfirskriftinni Evrópuvika gegn kynþáttamisrétti. FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN NÍELSSON

Glamour þrefalt dýrara á eBay

VIDSKIPTI Nýjasta tölublað hins íslenska Glamour, þar sem tónlistarkonan Björk Guðmundsdóttir er í forsiðuviðtali, er boðið til sölu á eBay fyrir riflega þrefalt söliverð þess á Íslandi.

Í viðtalinu ræðir Björk meðal annars um #metoo. „Ef ég ætti að segja eitthvað við yngri konur og þykjast vera reynd – ég er ekki mikið til í að vera einhver fyrirmynd – en kannski mest vegna þess að ungar konur hafa beðið mig um að tala, þá finnst mér mikilvægt að hlusta á alla. Ekki bara þolendur heldur líka gerendur og aðrar kynslóðir,” segir Björk meðal annars í viðtalinu.

Hér heima er blaðið selt á rúmar 2 þúsund krónur en á eBay er verðið 70 dollarar eða andvirði 7 þúsund króna. Björk á aðaendur um víða veröld og því margir sem ásælast eintak þrátt fyrir íslenskuna. – jh

Telja sig vera hunsuð eftir sigur í kærumáli

Íbúar í fjölbýlishúsi í Þorrasölum segja Kópavogsbæ ekkert við þá tala eftir að þeir unnu kærúmál gegn bænum vegna ólöglegar aðkomu sem leyfð var að bílakjallara nágrannablokkar. Bæjaryfirvöld segjast vera að skoða málið.

STJÓRNSÝSLA „Bæjarstjórinn svarar ekki skilaboðum, hann vill ekkert við okkur tala. Það er bara af því að við erum litlir karlar,” segir Valgeir Jónasson, formaður húsfélags Þorrasala 9-11 í Kópavogi.

Valgeir segir að eftir að Þorrasalur 9-11 voru byggðir hafi aðkeyrslu að bílakjallara næstu blokkar, Þorrasala 13-15, verið breytt þannig að hún sé milli blokkanna tveggja í stað þess að vísa að götunni. Húsfélagið kærði Kópavogsbæ og vann málið fyrir úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála sem felldi úr gildi ákvörðun Kópavogsbæjar um að veita byggingarleyfi varðandi aðkomuna að bílageymslunni og felldi sömuleiðis úr gildi þá ákvörðun bæjarins að synja kröfu húsfélagsins á númer 9-11 um að beita nágranna þeirra þvingunarúrræðum vegna innkeyrslunnar.

„Þegar þeir koma upp brekkuna úr bílakjallaranum hjá sér þá lýsast upp íbúdir á neðstu hæðunum í Þorrasölum 11. Og svo er náttúrulega ónáði af því þegar hurðin skellist,” segir Valgeir um þau óþægindi sem fylgi hinni breyttu aðkomu að bílageymslunni. Þá eigi að vera göngu- og stígur og aðkoma fyrir slökkviliðsbíla milli blokkanna. „En það var bara klippt af stignum. Þetta er ekki eins og það á að vera.”

Valgeir segir að íbúarnir í Þorrasölum 9-11 hafi varað við því áður en ráðist var í framkvæmdir í nágrannablokkinni að innkeyrslan í bílakjallarann stæðist ekki lög. Enda hafi það komið á daginn. Kópavogsbær vildi síðan að úrskurðarnefndin tæki málið fyrir að nýju en því var hafnað. „Síðan höfum við itrekað reynt að



Aftan við Valgeir Jónasson sést í innkeyrsluna að Þorrasölum 13-15 sem vísar að blokkinni þar sem hann er húsfélagsformaður. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Kópavogsbær ætti alveg absalútt að bera kostnaðinn.

Valgeir Jónasson, formaður húsfélagsins í Þorrasölum 9-11

hafa samband við Kópavogsbæ en þau hunsa íbúana sem hér eru í 35 íbúðum,” segir Valgeir um núverandi stöðu málsins og kveður þannig ekkert hafa þokast. „Þeir ætla bara að svæfa málið.”

Valgeir segir kröfuna einfaldlega þá að innkeyrslan verði færð til þess horfs sem upphaflegt skipulag og

leyfi hafi gert ráð fyrir. „Það er alveg hægt að gera það,” segir hann um slíka framkvæmd. „Og Kópavogsbær ætti alveg absalútt að bera kostnaðinn af því. Við höldum aðalfund í húsfélaginu og þar var einróma samþykkt að halda áfram með málið. En helst vildum við ná samkomulagi við bæinn því það er ekkert nema kostnaður sem fylgir þessu.”

Fréttablaðið spurðist fyrir um það hjá Kópavogsbæ hvernig málið horfi við bæjaryfirvöldum og hvað þau hyggist gera. „Málið er í vinnslu hjá Kópavogsbæ og verða viðbrögð bæjarins við úrskurðinum kynnt málsaðilum á næstunni,” er svarið frá bæjarskrifstofunni.

gar@frettabladid.is

TILBOÐ

Nú er tilboð á **MS rjóma** í öllum verslunum. Fáðu góðar hugmyndir á **gottimatinn.is**.

VERNDUM VATNIÐ



Alþjóðlegur dagur vatnsins er í dag. Að þessu sinni er hann tileinkaður vatnsvernd.

Vatnsbólín eru á ábyrgð á okkar allra. Sýnum varkárni í umgengi við vatnsverndarsvæði.

Kynntu þér málið á veitur.is og á Facebook



Séra Ólafur áfram í leyfi

KIRKJUMÁL Agnes Sigurðardóttir, biskup Íslands, hefur framlengt leyfi sr. Ólafs Jóhannssonar, sóknarprests í Grensáskirkju, ótímabundið. Hefur hann verið í leyfi nánast sleitulaust frá því í maí á síðasta ári.

Háttsemi sr. Ólafs í garð tveggja kvenna var talin ósýðleg af úrskurðarnefnd þjóðkirkjunnar og biskupi gert að ljúka einu málinu.

Biskupsritari segir Agnesi ætla að vinna málið vandlega. – sa

ASÍ hundsar þjóðhagsráð

EFNAHAGSMÁL Miðstjórn ASÍ ákvað í gær að Alþýðusambandið myndi ekki taka sæti í þjóðhagsráði, þrátt fyrir að ríkisstjórnin hafi ákveðið að útvíkka erindi ráðsins og ræða félagslegan stöðugleika ásamt efnahagslegum stöðugleika.



Gylfi Arnbjörnsson.

Það er mat miðstjórnar ASÍ að fram undan séu átök um grundvallarmál eins og fjármögnun velferðarkerfisins, skattamál, launastefnu og jöfnuð. Umræða um þessi mál fer ekki fram í þjóðhagsráði, að mati miðstjórnar, heldur í beinum tengslum við gerð nýrra kjarasamninga í haust.

Ákvörðun um stofnun þjóðhagsráðs var tekin árið 2015, m.a. að frumkvæði ASÍ. Tæp tvö ár eru síðan þjóðhagsráð kom fyrst saman en það hefur hingað til starfað án samtaka launafólks. – jhh

Nýjar reglur um sjóstangveiði

STJÓRNSÝSLA Kristján Þór Júlíusson, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðgjafi, hefur undirritað nýja reglugerð um skráningu afla á opinberum sjóstangveiðimótum en slík mót eru haldin víða um land á hverju sumri á vegum sjóstangveiðifélaga.

Í tilkynningu á vef ráðuneytisins segir að með reglugerðinni sé leitast við að einfalda framkvæmd aflaskráningar en sjóstangveiðifélögnum eru með lögum um stjórn fiskveiða tryggðar fullnægjandi aflaheimildir vegna mótanna og skal tekjum af sölu aflans ráðstafað til að standa á móti kostnaði við mótshaldið. – jhh

Meta árangur af þriggja ára kerfinu með prófum

MENNTUN Verzlunarskóli Íslands ætlar í apríl að leggja próf fyrir nemendur sem eru að ljúka námi eftir þriggja ára nám og þá sem eru að ljúka námi eftir fjögurra ára nám. Prófað verður í íslensku og stærðfræði.

„Við tókum ákvörðun og lögðum mikla vinnu í að stytta námið um eitt ár. Nú er komið að því að fyrsti árgangurinn er kominn í gegnum allt og við útskrifum núna næstum helming allra nemenda skólans,

540 nemendur,“ segir Ingi Ólafsson, skólastjóri Verzlunarskólans.

Ingi segir að skólinn hefði helst viljað fá utanaðkomandi aðila til að vinna verkefnið. „Það er alltaf hættu á að hverjum þyki sinn fugl fagur. Ég hafði áhyggjur af því að við sæjum ekki veikleikana sjálf og svo framvegis,“ segir Ingi. Það hafi aftur á móti ekkert komið frá ráðuneytinu varðandi þetta. „Menntamálastofnun ætlaði að gera það en svo hættu þeir við. Það sem þeir gera hins vegar



Ingi Ólafsson.

er að þeir láta okkur í té gömul próf. Við fáum aðgang að prófabanka hjá þeim,“ segir Ingi. Kennarar skólans muni þá velja úr þessum banka og búa til próf fyrir nemendur í íslensku

og stærðfræði. „Þetta á að leggja fyrir báða árgangana og reyna að meta hvort þau standi jafnfætis í þessu,“ segir Ingi.

Til viðbótar mun skólinn vera með rýnihópa þar sem talað er við nemendur sem eru að ljúka þriggja ára náminu og hugsanlega líka einhverja sem eru að ljúka fjögurra ára náminu. „Svo verðum við með rýnihópa þar sem talað verður við kennara,“ segir Ingi og bætir við að sérfræðingar hjálpi til við verkið. – jhh

Hafa tekið ákvörðun um að rífa Sundhöllina í Keflavík

Ákvörðun hefur verið tekin um nýtt deiliskipulag fyrir lóðina þar sem Sundhöllin í Keflavík stendur. Fyrirverandi ráðherra hefur mótmælt áformum um að rífa húsið. Atkvæði frænku eiganda lóðarinnar réð úrslitum. Minjastofnun hefur ákveðið að beita sér ekki fyrir friðlýsingu hússins. Bærinn ákveði framtíð þess.

SKIPULAGSMÁL Bæjarstjórn Reykjanesbæjar staðfesti á fundi sínum á þriðjudag ákvörðun umhverfis- og skipulagsráðs sveitarfélagsins um deiliskipulag fyrir Framnesveg 9 til 11. Sundhöll Keflavíkur stendur við Framnesveg 9. Húsið er hannað af Guðjóni Samúelssyni og hefur Ragnheiður Elín Árnadóttir, fyrirverandi ráðherra, sett á stofn samtök um varðveislu þess. Ákvörðunin fer í sér að Sundhöllin verður rifin.

Í fundargerð umhverfis- og skipulagsráðs frá 13. mars segir:

„Deiliskipulagið er í samræmi við aðalskipulag 2015-2030 en á þessu svæði er áætluð íbúðabygging með 3-5 hæðum. Sundhöllin er ekki friðuð og samræmist ekki notkun svæðisins samkvæmt Aðalskipulagi Reykjanesbæjar allt frá árinu 2006.“

Fyrirhugaðar framkvæmdir á lóðunum tveimur hlaupa á nokkrum milljörðum króna en Sundhöllin hafði verið til sölu um nokkurra ára skeið þegar Landsbankinn seldi hana til eignarhaldsfélags feðganna fyrir 36,5 milljónir í apríl í fyrra. Ekki var til deiliskipulag fyrir lóðina. Kaupandinn mun hafa keypt í þeirri von að nýtt deiliskipulag yrði gert, en aðalskipulagið gerir ráð fyrir íbúðabyggingu á svæðinu.

Fyrir átta feðgarnir einnig lóðina að Framnesvegi 11 og óskað var heimildar hjá umhverfis- og skipulagsráði til deiliskipulagsvinnu fyrir þá lóð í nóvember 2014.

Una María Unnarsdóttir, bróðurdóttir eiganda lóðanna, sem á sæti í umhverfis- og skipulagsráði sat hjá við afgreiðslu málsins.

Í nóvember 2017 ákvað umhverfis-



Húsnæði Sundhallarinnar stendur við Framnesveg 9 í Keflavík. Lóðirnar eru í eigu feðga sem ætla í framkvæmdir.

is- og skipulagsráð að auglýsa deiliskipulagstillöguna og aftur sat Una María hjá við afgreiðslu málsins. Í hvorugu tilvikinu bera fundargerðir með sér að skiptar skoðanir séu um afgreiðslu málsins.

Við fyrrgreinda afgreiðslu deiliskipulags fyrir lóðirnar í síðustu viku brá hins vegar svo við að Una María sat ekki hjá líkt og áður heldur myndaði meirihluta fyrir tillögunni með tveimur öðrum fulltrúum ráðsins. Tveir fulltrúar greiddu hins vegar atkvæði gegn tillögunni og vísuðu í bókun til mögulegrar skaðabótaskyldu sem

Sundhöllin er ekki friðuð og samræmist ekki notkun svæðisins samkvæmt Aðalskipulagi.

Úr fundargerð umhverfis- og skipulagsráðs frá 18. mars

sveitarfélagið gæti skapað sér færi svo að Sundhöllin yrði skyndifriðuð af Minjastofnun.

Minjastofnun hefur þegar skilað

áliti um málið þess efnis að stofnunin muni ekki beita sér fyrir friðlýsingu hússins og sé það í höndum sveitarfélagsins að ákvarða framtíð þess.

Una María vísaði sem fyrr segir til lögfræðiálits um hæfi sitt og segir engin tengsl milli sín og eigenda lóðanna þrátt fyrir skyldleikann. „Ég átti samtöl líka við minn flokk, Beina leið, og í þeim samtölum kom fram að það hefði verið alveg sama hver hefði setið fundina fyrir flokkinn, niðurstaðan hefði alltaf verið sú sama,“ segir Una.

adalheidur@frettabladid.is



JEEP GRAND CHEROKEE

MEST VERÐLAUNAÐI JEPPI Í HEIMI

VERÐLÆKKUN

DÍSEL 3.0L V6 250 HÖ. 8 GÍRA SJÁLFSKIPTING

HÁTT OG LÁGT DRIF

Staðalbúnaður m.a: Led/BI-Xenon framljós, 8,4" snertiskjár með bakkmyndavél, fjarlægðarskynjarar framan og aftan, hiti í sætum, lykillaust aðgengi og ræsing, rafdrifin framsæti, stillanleg aftursæti, tölvustýrð sjálfvirk miðstöð með loftkælingu, regnskynjari, aðgerðastýri, raddstýrt útvarp o.mfl.

VERÐ FRÁ: 8.690.000 KR.

SÆLLA ER AÐ GEFA!



25%
VILDAR-
AFSLÁTTUR

Ferðataska LW,
8 hjól, 70 cm
VILDARVERÐ: 13.874.-
Verð: 18.499.-



15%
AFSLÁTTUR

Toolbox
TILBOÐSVERÐ: 3.990.-
Verð áður: 4.748.-



Íslandsklukkan
TILBOÐSVERÐ: 5.999.-
Verð áður: 7.810.-




20%
AFSLÁTTUR

S-Tidy eða O-Tidy
TILBOÐSVERÐ: 3.990.-
Verð áður: 4.999.-



30%
VILDAR-
AFSLÁTTUR

Heimskort fyrir merkipinna
VILDARVERÐ FRÁ: 4.339.-
Verð frá: 6.199.-



Visual Atlas of the World
VILDARVERÐ: 11.999.-
Verð: 15.999.-




LX pennar (3 tegundir í boði) **LAMY**
VILDARVERÐ FRÁ: 3.599.-
Verð frá: 4.799.-




25%
VILDAR-
AFSLÁTTUR


Hnattlíkan 24 cm
VILDARVERÐ: 14.624.-
Verð: 19.499.-




Náttúran í máli og myndum
TILBOÐSVERÐ: 4.999.-
Verð áður: 16.597.-



World Football
Infographics
VILDARVERÐ: 3.999.-
Verð: 4.999.-




Norrænar goðsagnir
TILBOÐSVERÐ: 2.999.-
Verð áður: 3.699.-



Fuglar
VILDARVERÐ: 3.999.-
Verð: 4.999.-



Íslensk öndvegisljóð
TILBOÐSVERÐ: 3.299.-
Verð áður: 6.999.-



The World
VILDARVERÐ: 4.799.-
Verð: 5.999.-

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4

Álfabakka 16, Mjódd
Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind

Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2
Húsavík - Garðarsbraut 9

PENNINN

Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Gildistími vildar- og tilboðsverða er til og með 22. apríl eða meðan birgðir endast. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

Guðni óskaði Pútín til hamingju með endurkjörið

STJÓRNMÁL Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands, sendi í gær heilla-óskir til forseta Rússlands, Vladímírs Pútín, sem var kjörinn á ný í embætti um helgina. Í kveðju sinni minnti Guðni á þá skyldu þjóðarleiðtoga að vinna að öryggi og hagsæld íbúa. Brýnt sé að fulltrúar ríkja geti rætt saman af hreinskilni. Greint hefur verið frá því í

erlendum miðlum að margir af þjóðarleiðtogum hins vestræna heims hafi veigrað sér við því að óska Pútín til hamingju, þar sem vafi leiki á því að mannréttindi hafi verið virt við framkvæmd kosninganna. Þannig hafi til dæmis forsætisráðherra Breta og forseti Frakklands ekki óskað honum til hamingju. Angela Merkel, kanslari

Þýskalands, sendi honum hins vegar kveðju. Donald Trump, forseti Bandaríkjanna, hringdi í hann og óskaði honum til hamingju. Þvert á vilja ráðgjafa sinna.

Guðni sagði í kveðju sinni að miklu skipti að þjóðarleiðtogar leiti ætíð friðsamlegra lausna þar sem ófriður ríkir og styðji hvarvetna öryggi, hagsæld og ein-

staklingsfrelsi. Þrátt fyrir miklar sviptingar á alþjóðavettvangi hafi gagnkvæm samskipti Íslands og Rússlands verið báðum ríkjum hagnaféll. Heilladrjúg framtíð norðurslóða og íbúa þeirra byggist á sjálfbærri þróun, umhverfisvernd og góðri samvinnu þjóðanna sem þar búa. – jhh



Guðni Th. Jóhannesson sendi Pútín heillaóskaskeyti. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



Dmitri Peskov, talsmaður Rússlandsstjórnar. NORDICPHOTOS/AFP

Rússar segja Breta hegða sér fáránlega

RÚSSLAND Ákvörðun Breta um að senda Laurie Bristow, sendiherra sinn í Rússlandi, ekki á fund sem allir sendiherrar þar í landi voru boðaðir á vegna efnavopnaárásarinnar á Sergei og Júlíu Skripal, er fáránleg. Þetta sögðu stjórnvöld í Moskvu í gær.

Arásin var gerð í Salisbury í Bretlandi og hafa Bretar og bandamenn þeirra á Vesturlöndum svo gott sem fullyrt að Rússar hafi eittrað fyrir fyrverandi gagnjónsaranum Skripal.

„Ég verð hreinlega að segja að þetta er enn ein birtingarmynd þess hve þetta mál er fáránlegt. Við erum spurð spurninga en svo vilja Bretar ekki hlusta á svörin,“ sagði Dmitri Peskov, talsmaður Rússa. – þea

Stúlkurnar frá Dapchi lausar

NÍGERÍA Hryðjuverkasamtökin Boko Haram skiluðu í gær 105 stúlkum sem rænt var úr skóla í bænum Dapchi á dögnum. Frá þessu greindi fréttastofa Sahara Reporters fyrst. Skæruliðarnir hafi ekið með stúlkurnar inn í bæinn á níu bílum, rétt eins og þegar þeim var rænt.

Samkvæmt heimildum Sahara Reporters greip um sig skelfing á meðal bæjarbúa þegar liðsmenn Boko Haram keyrðu inn í Dapchi. Fólki leitaði skjóls og faldi sig. Þá segir sami miðill að fimm stúlkur hafi látið lífið í haldi samtakanna. Ekki sé ljóst hvort nígeríska ríkisstjórnin hafi greitt einhvers konar lausnargjald til þess að fá stúlkurnar aftur heim. – þea

ADL hótar að magna upp hrós nasista um umskurðarbann

Anti-Defamation League, öflugustu mannréttindasamtök gyðinga í Bandaríkjunum, fullyrða að Íslandi verði hampað af öfgahópum verði frumvarp um bann við umskurði drengja að lögum. Hóta að vekja heimsathygli á umfjöllun öfgamanna.

STJÓRNMÁL „Fari svo að Ísland banni umskurð drengja og þar með gera það ómögulegt fyrir gyðinga og múslima að ala upp fjölskyldur í landinu, lofum við því að Íslandi verður hampað af nýnasistum, rasistum og öðrum öfgahópum,“ segir í umsögn Jonathans A. Greenblatt, forstjóra ADL, um frumvarp um bann við umskurði drengja. Þingmaðurinn Silja Dögg Gunnarsdóttir, einn flutningsmanna frumvarpsins, segir fátt nýtt í umsögn ADL. Hún segir alþjóðlega athygli á frumvarpinu hafa komið sér á óvart.

Greenblatt leggur fram þrenn rök gegn því að frumvarpið verði að lögum. Trúfrelsi, umdeild læknisfræðileg rök um ágæti umskurðar og loks meint áhrif á orðspor og efnahag Íslands.

„Jafnvel þótt gyðingahatur hafi örugglega ekki búið að baki þessu frumvarpi munu áhrif innleiðingar þess verða vegsömun Íslands meðal viðurstygglegustu fordómhópa. Þeir munu fagna slíku banni sem fyrstu lögnum í Evrópu frá seinni heimsstyrjöld til að gera ríki „Judenrein“, eða gyðingalaust.“

Greenblatt hótar svo að samtökin muni neyðist til að magna upp jákvæða umfjöllun öfgahópa um bannið. Samtökin hafi rannsakað vel útbreiðslu gyðingahaturs á samfélagsmiðlum og viti að tiltölulega litill hópur öfgamanna getur dreift



Jonathan A. Greenblatt, forstjóri ADL, var eitt sinn sem aðstoðarmaður Baracks Obama í Hvíta húsinu. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Ég bjóst ekki endilega við að heimurinn færi að fylgjast með okkur.

Silja Dögg Gunnarsdóttir, þingmaður Framsóknarflokksins



skilaboðum sínum fljótt og örugglega á þeim vettvangi.

„ADL greinir reglulega frá slíkum tilfellum og mun fjalla um hrós öfgamanna í garð Íslands. Við hvetjum ykkur til að ihuga fjölmiðlaathyglina sem umfjallanir ADL fá í Bandaríkjunum og alþjóðlega. Á síðustu sex mánuðum hafa rannsóknir okkar og sérfræðinga birst á CNN og NBC, í 60

Minutes og dagblöðum á borð við New York Times og The Washington Post.“

Og í ljósi þess að 28 prósent ferðamanna á Íslandi árið 2016 hafi verið frá Norður-Ameríku ættu Íslendingar að hafa miklar áhyggjur, í efnahagslegu tilliti. Mikill meirihluti bandarískra ferðamanna muni sniðganga Ísland, verði það tengt nasisma.

Silja Dögg segir fátt nýtt í umsögn ADL. Aðrir hafi tjáð sig með þessum hætti og margar ólíkar skoðanir komið fram í umsögnum.

„Þetta er ekki merkilegri eða ómerkilegri umsögn en hver önnur. En að reyna að tengja þetta frumvarp við meint gyðingahatur er firra. Frumvarpið grundvallast á að verja réttindi barnsins til að ráða yfir eigin líkama og að ekki séu gerðar ónaúðsynlegar og hugsanlega skaðlegar aðgerðir á börnum.“ Hún hafi ekki búið við að

frumvarpið vekti heimsathygli.

„Ég bjóst við að umræðan yrði mikil á Íslandi. En ég bjóst ekki endilega við að heimurinn færi að fylgjast með okkur.“

Hjúkrunarfræðingurinn Íris Björg Þorvaldsdóttir, stofnandi Intact Iceland, sem berst gegn umskurði drengja án læknisfræðilegrar ástæðu, segir sorglegt að sjá ADL afvegaleiða umræðuna. Hún bendir á umsagnir annarra bandarískra samtaka, Doctors Opposing Circumcision, sem styðji frumvarpið líkt og danskir og íslenskir læknar, hjúkrunarfræðingar og ljósmæður.

„Spurningin er hvort við Íslendingar ætlum að láta undan svona hótunum. Eru réttindi barna umsemjanleg eins og um viðskiptasamning sé að ræða, eða eru þau einstaklingar með mannréttindi samkvæmt Barnasáttmálanum?“ mikael@frettabladid.is

HAVARTI PIPAR

GLETTILEGA GÓÐUR

Í Havarti pipar er piparkornum bætt í ostinn og kallast piparinn og milda ostabragðið skemmtilega á. Havarti pipar passar vel á hamborgarann eða með grófu brauði og kexi og er jafnframt frábær viðbót við ostabakkann.




www.odalsostar.is





HEAL VISIBLE
SIGNS OF TIME
LYFTIR, MÝKIR, GEFUR LJÓMA



NÝTT BLUE THERAPY RED ALGAE UPLIFT

Nýtt krem með rauðum sjávarþörungum sem endurmótar útlínur anslitsins, lyftir, mýkur og gefur ljóma.

#YOUNGERNATURALLY

BIOThERM
THE HEALING POWER OF LIFE PLANKTON

CHRISTY TURLINGTON-BURNS

biotherm.com

BIOThERM KYNNING

Í SNYRTIVÖRUVERSLUNUM HAGKAUPS.

BIOThERM FÆST EKKI Í HAGKAUP BORGARNESI OG REYKJANESBÆ.

BIOThERM MÆLIR MEÐ:



BLUE THERAPY EYE-OPENING SERUM

endurnýjandi augnserum sem vinnur gegn hrukkum og dökkum baugum. Dregur verulega úr þrota og þungum augnpokum. Einstök formúla, sem einnig STYRKIR og PÉTTIR augnhárin. NÝ tvöföld tækni með BURSTA fyrir augnhárin og STÁLKÚLU fyrir augnsvæðið. Hentar einnig fyrir þá sem nota linsur.



NÝTT: BLUE THERAPY RED ALGAE UPLIFT KREM

Líffræðingar Biotherm hafa fangað lífskraft dýrmæts rauðs sjávarþörungs í einstaka formúlu. Eftir því sem við eldumst fækkar collagen og elastin þráðum húðarinnar verulega. Blue Therapy Red Algae Uplift hefur sjáanleg yngjandi og styrkjandi áhrif á húðina: Útlínur andlitsins verða skýrari, húðin mýkri, stinnari og með meiri ljóma.

Í BÁÐUM KREMUNUM ER AUK ÞESS LYKILINNIHALDSEFNI BIOThERM, GJÖF FRÁ NÁTTÚRUNNI, LIFE PLANKTON™.

Glæsilegur kaupuki fylgir þegar keyptar eru Biotherm vörur fyrir 7.800 kr eða meira á meðan birgðir endast.

20% AFSLÁTTUR AF
ÖLLUM BIOThERM DÖMU- OG
HERRAVÖRUM 22. - 28. MARS

HAGKAUP

*Meira
svona
alla daga*

FRÉTTABLAÐIÐ IS

MEST LESIÐ



1 Óhugnanleg upptaka spiluð í dómi: „Please help me!“

2 Reiðum Madsen tíðrætt um kvikmyndina Seven

3 Maður ógnaði fólki á fæðingardeild

4 Vann kostulegt páskaegg í gjafaleik Rásar 2

5 Harpa Kára kaupir förðunarskóla

Húsnæðisskortur stendur fólki í Húnaþingi vestra fyrir þrifum

Íbúum á NV-landi hefur fækkað um eitt prósent á síðustu fimm árum en nú litur út fyrir betri tíð. Uppgangur í Húnaþingi vestra og sjávarútvegur nærri tvöfaldast í Skagafirði frá 2014. Sveitarstjórinn segir innviði gera fólki sem áður bjó á svæðinu kleift að snúa aftur í heimahagana. Brottfluttur séu því að snúa aftur heim.

BYGGÐAÞRÓUN Á síðustu fimm árum hefur íbúum á Norðurlandi vestra fækkað um líðlega eitt prósent. Fjöldgun varð hins vegar í fyrri í Húnaþingi vestra, Sveitarfélaginu Skagafirði og á Blönduósi og virðist ferðaþjónusta vera að taka við sér í fjórðungnum að mati sveitarstjóra Húnaþings vestra.

Á Norðurlandi vestra eru sjö sveitarfélög. Þar af eru fimm þeirra með innan við þúsund íbúa. Meira en helmingur þeirra 7.170 íbúa sem búa í fjórðungnum búa í hinu víðfeðma sveitarfélagi Skagafirði sem nær út að Almennungi í Fljótum og langt suður fyrir Blöndulón í suðri.

Norðurland vestra er stærsta sauðfjárræktarhérað landsins og mikilvæg grunnstoð atvinnulífs landshlutans. Í þeim hremmingum sem steðjað hafa að sauðfjárrækt upp á síðkastið, með erfiðleikum á erlendum mörkuðum, er mikilvægt að vel takist til hjá hinu opinbera að styðja við sauðfjárrækt ef ekki á illa að fara fyrir atvinnugreininni sem hefur bein neikvæð áhrif á byggðaðþróun á Norðvesturlandi.

„Innviðir hér eru góðir og með aukinni ferðaþjónustu verður til aukin atvinna bæði í greininni sjálfri



Skagafjörður er langstærsta sveitarfélag landshlutans með riflega helming íbúa. Akrahreppur og Skagahreppur eru afar fámennir. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

sem og í afleiddum störfum,“ segir Guðný Hrund Karlsdóttir, sveitarstjóri Húnaþings vestra. „Það sem stendur okkur fyrir þrifum er húsnæðisskortur. Markaðurinn er hins vegar að taka við sér, húsnæði er að seljast á herra verði en áður og fjárfestar vilja byggja til að mynda fimm hæða blokk á Hvammstanga

svo dæmi sé tekið. Einnig er sveitarfélagið að úthluta lóðum til nýbygginga og við sjáum fram á bjarta tíma þar sem aukin þörf er á vinnuafli í sveitarfélaginu.“

Stefán Vagn Stefánsson, formaður byggðaráðs Skagafjarðar, segir sveitarfélagið hafa haldið sjó síðustu ár. „Við búum svo vel að við erum

Innviðir hér eru góðir og með aukinni ferðaþjónustu verður til aukin atvinna

Guðný Hrund Karlsdóttir, sveitarstjóri Húnaþings vestra



með öflugt sjávarútvegsfyrirtæki hérna, með landvinnslu og útgerð, og því eru stöðirnar styrkar hér í Skagafirði ásamt landbúnaði,“ segir Stefán Vagn. „Hins vegar er stærsta byggðamálið í dag að dreifa ferðamönnum betur um landið og nýta þá auðlind betur en nú ert gert.“

Guðný Hrund segir einnig að efling innviða geri fólki sem áður bjó á svæðinu kleift að snúa aftur í heimahagana. „Brottfluttur eru að flytja aftur heim. Með tilkomu ljósleiðaravæðingar og lagningu hitaveitu um allar sveitir sjáum við aukningu hjá okkur sem er frábær viðbót inn í okkar samfélag.“ sveinn@frettabladid.is

Sparaðu og við hvetjum þig áfram

Landsbankinn greiðir 6.000 kr. mótframlag þegar fermingarbörn leggja 30.000 kr. eða meira inn á Framtíðargrunn eða í verðbréfasjóð. Ef báðir kostir eru nýttir leggur Landsbankinn því til 12.000 kr. í mótframlag. Þannig viljum við hvetja til sparnaðar.

Nánari upplýsingar um verðbréfasjóði má nálgast á landsbankinn.is/sjodir.



Bað innréttingar



Ravell baðinnrétting
Skápur & handlaug.
Fánleg í hvítu & gráu.
Stærð 45 x 33 x 68
Verð 25.900

Mikið úrval fyrir öll baðherbergi
Til afgreiðslu af lager

Opið virka daga frá 9 til 18
laugardaga 11 til 15
Ármúla 31 - Sími 588 7332

i-t.is 

**INNRETTINGAR
& TÆKI**

- fyrir þitt heimili



Baráttunni gegn ISIS er ekki lokið þótt samtökin hafi misst höfuðvígi „Kalifa-dæmisins“. Myndin er úr safni. NORDICPHOTOS/AFP

ISIS felldi tugi í tveimur árásum í Írak og Kabúl

AFGANISTAN Þótt hryðjuverkasamtökin sem kenna sig við íslamskt ríki hafi misst nærri allt það landsvæði sem þau sölsuðu undir sig á undanförunum árum eru þau enn fær um að valda gífurlegu tjóni. ISIS-liðar lýstu yfir ábyrgð á tveimur árásum sem gerðar voru í gær. Önnur þeirra var gerð í norðurhluta Íraks og hin í afgönsku höfuðborginni Kabúl.

ISIS-liðinn Talha al-Bishawri sprengdi sig í loft upp í Kabúl þar sem sjíamúslimar voru að fagna nowruz, íranska nýárinu. Íslamska ríkið, sem og önnur hryðjuverkasamtök, telja að íranska nýárið stangist á við íslam. Í ábyrgðaryfirlýsingu samtakanna segir að um hundrað hafi farist en afganskir

miðlar segja að 26 hafi fallið hið minnsta.

Ashraf Ghani, forseti Afganistans, fordæmdi árásina harðlega í gær. Sagði hana glæp gegn mannkyninu. „Forsetinn hefur skipað videigandi aðilum að gera allt sem hægt er til að græða sár þeirra særðu og vottar aðstandendum fórnarlamba samúð sína,“ sagði í yfirlýsingu.

Samtökin réðust einnig á sjíamúslima í Írak, nánar tiltekið á veginum á milli Bagdad og Kirkuk í norðurhluta landsins. ISIS-miðillinn Amaq greindi frá því að skotið hafi verið á fórnarlömbin með sjálfvirkum rifflum á meðan þau voru um borð í rútu sinni og dóu 35 eða særðust í árásinni. – Þea

Hinn grunaði féll fyrir eigin hendi í Texas-ríki

Mark Anthony Conditt, grunaður um að standa að sex sprengjuárásum í Texas, féll fyrir eigin hendi þegar lögregla veitti honum eftirför í gær. Tveir fórust í árásum sex. Bandaríkjaforseti segir lögreglu hafa unnið mikið þrekvirki.

BANDARÍKIN Tveir hafa fallið og sex særst í röð sprengjuárasa í Austin, höfuðborg Texas-ríkis Bandaríkjaanna. Mark Anthony Conditt, sem grunaður er um aðild að málinu, féll í umfangsmikilli lögregluáðgerð í gær.

Árásirnar hófust 2. mars síðastliðinn þegar sprengja sprakk á heimili 29 ára manns í borginni. Maðurinn lét lífið í sprengingunni. Annað fórnarlamb dó svo ellefu dögum síðar en nýjasta árásin var gerð á þriðjudag. Sérðist þá einn litils háttar.

Lögreglan í Austin komst á snodir um meintan árásarmann á þriðjudaginn þegar farið var yfir myndbandsupptökur úr útibúi póstoffryrtækisins FedEx í úthverfi í suðurhluta borgarinnar. Þar hafði sprengja þriðjudags sprungið. Um póstsprengju var að ræða sem átti að senda inn í borgina.

Eftir að hafa skoðað vafraðögu hins grunaða, sem innihélt leitir að fyrirtækjum sem sæju um pakka-sendingar, náði lögregla að finna bifreið hans. Í gærmorgun tóku lögregla og alríkislögregla sér svo stöðu í kringum bílastæði við hótél í bænum Round Rock.

Hinn grunaði keyrði á brott á meðan lögregla beið eftir liðsstyrk



Lögregla safnar gögnum í útibúi FedEx sem varð fyrir árás. NORDICPHOTOS/AFP

og ákváðu lögreglumennirnir að elta hinn grunaða. Þegar bíll hans stoppaði loks gengu vopnaðir lögreglumenn að bílnum. Hinn grunaði sprengdi hins vegar sprengju sína og svipti sig þannig lífi með þeim afleiðingum að einn lögreglumaður særðist.

Lögregla beindi þeim tilmælum til borgarbúa að vera vel á varðbergi og gera yfirvöldum viðvart ef

þeir fyndu grunsamlega pakka. „Við vitum ekki hvar hinn grunaði hefur verið undanfarinn sólarhring. Það er mögulegt að fleiri sprengjur séu í dreifingu,“ sagði Brian Manley lögreglustjóri.

„GRUNNAÐI ÁRÁSARMAÐURINN Í AUSTIN ER DÁINN. Lögregla vann frábært starf!“ tísti Donald Trump, forseti Bandaríkjaanna, um málið. thorgnyr@frettabladid.is



VIÐSKIPTATÆKIFÆRI Á KEFLAVÍKURFLUGVELLI:
**GETUR ÞÚ ELDAÐ FYRIR
MILLJÓNIR FARÞEGA?**

**KYNNINGARFUNDUR VEGNA
ÚTBOÐS Á RÝMI UNDIR
VEITINGAREKSTUR Í SUÐUR-
BYGGINGU FLUGSTÖÐVAR
LEIFS EIRÍKSSONAR**

Isavia leitar að aðila með góða reynslu af veitingarekstri og hefur yfir að ráða vörumerki sem býður upp á afgreiðslu á mat úr fersku hráefni á innan við tveimur mínútum. Gerð er krafa um að viðkomandi bjóði upp á pítsur í sneiðum, fersk salöt o.fl.

Nánari upplýsingar verða kynntar á fundinum.



ISAVIA

STAÐSETNING:
HÓTEL REYKJAVÍK NATURA

TÍMASÆTNING
23. MARS KL. 12

SKRÁNING FER FRAM Á
ISAVIA.IS/VEITINGAREKSTUR

VETRARTILBOÐ BÍLALANDS



Bilaland býður nokkra bíla á einstökum kjörum! Komdu strax í dag og tryggðu þér góðan bíl á frábæru verði!



Mánaðargreiðsla er gerð samkvæmt reiknivél á lykill.is og eru viðskiptavinir hvattir til að kynna sér lánaskilmálana á heimasíðu lykill.is. Árlegur hlutfallslegur kostnaður bílalaána frá lykill.is er breytilegur og kjör lána miðast við vaxtatöflu og gjaldskrá félagsins á hverjum tíma.



50.499 kr.
á mán. m.v. 20% útborgun.

Rnr. 144680

HYUNDAI Tucson Comfort
Nýskr. 06/16, ekinn 51 þ.km, dísil, sjálfskiptur.
Verð 4.390 þús. kr.

TILBOÐ:
3.890 þús. kr.



19.065 kr.
á mán. m.v. 20% útborgun.

Rnr. 370860

HONDA Civic
Nýskr. 07/12, ekinn 89 þ.km, bensín, sjálfskiptur.
Verð 1.690 þús. kr.

TILBOÐ:
1.290 þús. kr.



24.729 kr.
á mán. m.v. 20% útborgun.

Rnr. 331186

FORD Focus Titanium
Nýskr. 05/15, ekinn 61 þ.km, bensín, sjálfskiptur.
Verð 2.390 þús. kr.

TILBOÐ:
1.890 þús. kr.



19.575 kr.
á mán. m.v. 20% útborgun.

Rnr. 153162

OPEL Astra Notchback
Nýskr. 05/16, ekinn 43 þ.km, bensín, 6 girar.
Verð 1.990 þús. kr.

TILBOÐ:
1.490 þús. kr.



26.296 kr.
á mán. m.v. 20% útborgun.

Rnr. 321240

SKODA Yeti 4x4
Nýskr. 10/12, ekinn 71 þ.km, dísil, sjálfskiptur.
Verð 2.190 þús. kr.

TILBOÐ:
1.790 þús. kr.



18.294 kr.
á mán. m.v. 20% útborgun.

Rnr. 370788

DACIA Logan
Nýskr. 04/15, ekinn 53 þ.km, dísil, 5 girar.
Verð 1.690 þús. kr.

TILBOÐ:
1.390 þús. kr.



44.056 kr.
á mán. m.v. 20% útborgun.

Rnr. 144725

NISSAN X-Trail Tekna 4wd
Nýskr. 11/14, ekinn 68 þ.km, dísil, 6 girar.
Verð 3.990 þús. kr.

TILBOÐ:
3.390 þús. kr.



19.065 kr.
á mán. m.v. 20% útborgun.

Rnr. 144881

PEUGEOT 3008 4wd
Nýskr. 12/12, ekinn 141 þ.km, dísil, sjálfskiptur.
Verð 1.790 þús. kr.

TILBOÐ:
1.290 þús. kr.



38.902 kr.
á mán. m.v. 20% útborgun.

Rnr. 144828

TOYOTA Rav4 GX
Nýskr. 05/16, ekinn 74 þ.km, bensín, 6 girar.
Verð 3.590 þús. kr.

TILBOÐ:
2.990 þús. kr.



36.325 kr.
á mán. m.v. 20% útborgun.

Rnr. 370816

RENAULT Kadjar Zen 4wd
Nýskr. 07/16, ekinn 51 þ.km, dísil, 6 girar.
Verð 3.450 þús. kr.

TILBOÐ:
2.790 þús. kr.



46.633 kr.
á mán. m.v. 20% útborgun.

Rnr. 144381

SUBARU Levorg Premium Eyesight
Nýskr. 01/17, ekinn 12 þ.km, bensín, sjálfskiptur.
Verð 4.290 þús. kr.

TILBOÐ:
3.590 þús. kr.



49.210 kr.
á mán. m.v. 20% útborgun.

Rnr. 370798

SUBARU Forester Premium
Nýskr. 07/16, ekinn 45 þ.km, dísil, sjálfskiptur.
Verð 4.290 þús. kr.

TILBOÐ:
3.790 þús. kr.



15.710 kr.
á mán. m.v. 20% útborgun.

Rnr. 153080

RENAULT Clio Authentic
Nýskr. 06/16, ekinn 46 þ.km, bensín, 5 girar.
Verð 1.490 þús. kr.

TILBOÐ:
1.190 þús. kr.



32.460 kr.
á mán. m.v. 20% útborgun.

Rnr. 153237

NISSAN Qashqai Acenta 4wd
Nýskr. 02/16, ekinn 100 þ.km, dísil, 6 girar.
Verð 2.990 þús. kr.

TILBOÐ:
2.490 þús. kr.



13.133 kr.
á mán. m.v. 20% útborgun.

Rnr. 144944

NISSAN Micra Visia
Nýskr. 07/15, ekinn 56 þ.km, bensín, 5 girar.
Verð 1.390 þús. kr.

TILBOÐ:
990 þús. kr.



35.073 kr.
á mán. m.v. 20% útborgun.

Rnr. 144713

KIA Sportage EX
Nýskr. 10/14, ekinn 126 þ.km, dísil, sjálfskiptur.
Verð 3.390 þús. kr.

TILBOÐ:
2.690 þús. kr.



33.748 kr.
á mán. m.v. 20% útborgun.

Rnr. 144780

FORD Mondeo
Nýskr. 09/14, ekinn 59 þ.km, bensín, 6 girar.
Verð 3.290 þús. kr.

TILBOÐ:
2.590 þús. kr.



19.757 kr.
á mán. m.v. 20% útborgun.

Rnr. 144866

CHEVROLET Orlando
Nýskr. 06/14, ekinn 72 þ.km, 7 manna, bensín, 5 girar.
Verð 1.990 þús. kr.

TILBOÐ:
1.490 þús. kr.



60.806 kr.
á mán. m.v. 20% útborgun.

Rnr. 144479

BMW X1 Xdrive18d
Nýskr. 05/17, ekinn 28 þ.km, dísil, sjálfskiptur.
Verð 4.990 þús. kr.

TILBOÐ:
4.690 þús. kr.



50.499 kr.
á mán. m.v. 20% útborgun.

Rnr. 390665

YUNDAI Santa Fe III Comfort
Nýskr. 06/15, ekinn 103 þ.km, dísil, sjálfskiptur.
Verð 4.390 þús. kr.

TILBOÐ:
3.890 þús. kr.

Kletthálsi 11 - 110 Reykjavík og Hyundai notaðir bílar - Kaupþúni 1 - 210 Garðabæ
Sími 525 8000 - bilaland@bilaland.is

www.bilaland.is

www.facebook.com/bilaland.is

bilaland

Opið frá kl. 9-18 og
á laugardögum frá kl. 12-16.

MARKAÐURINN



Ríkir spilarar eru lokkaðir í spilavíti með gylliboðum. NORDICPHOTOS/GETTY

Olíusjóður fjárfestir í mafiuspilavíti

Fjárfestingar olíusjóðsins í Norge í spilavítum í Makaó, sem er sjálfstjórnarhérað í Kína, nema milljörðum norskra króna, að því er segir í frétt á norska viðskiptavefnum E24. Kínverska mafían er talin tengjast spilavítum í Makaó.

Haft er eftir Steve Vickers, sem gegnt hefur yfirmannsstöðu hjá leyniþjónustunni í Hong Kong, að rekstur spilavítanna sé löglegur. Sérstakir milliliðir, sem lokka auðuga spilara frá Kína til Makaó með gylliboðum, séu hins vegar taldir tengjast mafíunni í Kína. Slikir hópar þyki nauðsynlegir til að innheimta spilaskuldir.

Bent er á að bandaríska þingið hafi árið 2013 birt skýrslu þar sem segir að velta spilavítanna í Makaó hafi verið sex sinnum meiri en greint hafi verið frá og gefi það til kynna peningþvætti. – ibs

Bjarnheiður nýr formaður SAF

Bjarnheiður Hallsdóttir, framkvæmdastjóri ferðaþjónustufyrirtækisins Katla DMI, var kjörin formaður Samtaka ferðaþjónustunnar á aðalfundi í gær. Auk hennar buðu Margeir Vilhjálmsson, framkvæmdastjóri bilaleigunnar Geysis, Þórir Garðarsson, stjórnarformaður Gray Line, og Róbert Guðfinnsson, stjórnarformaður Rauðku, sig fram. Bjarnheiður tekur við formennskunni af Grími Sæmundsen. – jhh

Aukið flug og lagerhald kemur niður á íslensku Costco-verði

Viðskiptastjóri Costco segir dýrari flutningsleiðir en gert hafði verið ráð fyrir, gengissviptingar og aukið lagerhald á vinsælum vörum hafa leitt til verðhækkana hjá versluninni á Íslandi. Verðkannanir Fréttablaðsins hafa sýnt fram á töluverðar hækkningar og margir viðskiptavinir fengið sig fullsadda á síhækkandi verði.

„Stefna okkar er að útvega meðlimum okkar gæðavörur á lægsta mögulega verðinu og engin breyting hefur orðið á því, hvorki á Íslandi né annars staðar,“ segir Steve Barnett, viðskiptastjóri Costco í Bretlandi og á Íslandi, í svari við fyrirspurn Fréttablaðsins um verðhækkningar á vörum verslunarinnar hér á landi að undanfögnu.

Verðathuganir Fréttablaðsins hafa sýnt að verð á völdum vörum hefur verið að hækka jafnt og þétt undanfarna mánuði auk þess sem meðlimir hafa kvartað sáran yfir gríðarlegum hækkunum á hinum ýmsu vörum á samfélagsmiðlum. Margir meðlimir hafa hótad því að endurnýja ekki aðildarkort sín þegar þau renna út á næstu mánuðum.

Fréttablaðið leitaði skýringa á þessum hækkunum hjá stjórnendum Costco og í skriflegu svari við fyrirspurn blaðsins segir Barnett að þær séu nokkrar.

Barnett segir að frá opnun hafi verð vissulega hækkað en einnig lækkað af ýmsum ástæðum.

„Við erum að flytja inn vörur frá fjölda landa um allan heim og það hafa verið þó nokkrar sveiflur í gengi gjaldmiðla frá opnun sem hafa orðið til þess að við höfum neyðst til að hækka verð. Ég vil þó benda á að af sömu ástæðu höfum við einnig getað lækkað verð, í einhverjum tilfellum.“

Forsendur flutningsleiða hafa einnig haft nokkuð að segja að sögn Barnetts. Costco hafi neyðst til að nota flug í meiri mæli en gert hafði verið ráð fyrir.

„Sökum flutningstíma og tafa erum við nú að flytja inn með flugi viðkvæmari vörur sem bundnar eru tilteknum dagsetningum í meiri mæli en upphaflega stóð til. Við teljum þetta bæta gæði og tryggja meðlimum okkar lengra hillulíf vara, en á endanum kostar það meira. Við



Viðskiptavinir Costco hafa margir tekið eftir verðhækkunum undanfarið og eru ekki ánægðir. FRÉTTABLAÐID/ERNIR

reynum ávallt að lágmarka þessar hækkningar eins og við getum.“

Barnett segir að þá hafi Costco neyðst til að halda aukalager af vinsælustu vörum verslunarinnar í tímabundnu geymsluhúsnæði til að tryggja að eiga nóg af viðkomandi vörum.

„Þetta hefur einnig átt sinn þátt í auknum kostnaði,“ segir Barnett.

Svo virðist sem virkt aðhald og verðsamanburður fjölmiðla og almennings á Íslandi hafi ekki farið fram hjá stjórnendum Costco erlendis. Barnett segir að verðsamanburðurinn hafi í sumum tilfellum verið á vörum sem hafi tímabundið hillulíf og renni út (e. date sensitive items).

Sökum flutningstíma og tafa erum við nú að flytja inn með flugi viðkvæmari vörur í meiri mæli en upphaflega stóð til.

Steve Barnett, viðskiptastjóri Costco í Bretlandi og á Íslandi

Í þeim tilfellum þar sem vara nálgast það að renna út lækki Costco verð á þeirri vöru til að tryggja að neytendur fái samt sem áður gott verð. Aðferð Costco við þessar breytingar hafi þó valdið ruglingi.

„Upphaflega breyttum við einfaldlega verðinu og margar vörur sem fólk hefur verið að benda á eru afrakstur þessa. Til að forðast rugling gefum við nú upp upphaflegt verð og afsláttinn bæði á hillumerkingum og kvittun.“

Barnett segir að lokum að Costco stundi virkt eftirlit með verðlagi til að tryggja meðlimum sínum lægra verð og betri kjör.

mikael@frettabladid.is

Volkswagen Transporter

BYGGIR Á TRAUSTUM GRUNNI



Transporter hefur fylgt kynslóðum af fólki sem hefur þurft á traustum og áreiðanlegum vinnubjarki að halda sem leysir krefjandi og fjölbreytt verkefni. Hann er með fullkominni stöðugleikastýringu og spólvörn og sjö þrepa sjálfstýringu.

Volkswagen Transporter kostar frá **4.180.000 kr.** (3.344.000 kr. án vsk)

Til afhendingar strax!



FÁANLEGUR MEÐ
4Motion
FJÓRHJÓLADRIFI



Atvinnubílar

Við látum framtíðina rætast.

www.volkswagen.is

HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · sími 590 5000 · hekla.is · umboðsmenn um land allt: Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílas Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ

LERKIDALUR, REYKJANESBÆ

Framtíðarheimili á frábæru verði



OPIÐ HÚS UM HELGINA LERKIDALUR, 260 REYKJANESBÆ LAUGARDAGINN 24. MARS, KL. 13–16

Ný viðhaldslítill raðhús að Lerkidal sameina alla þá kosti sem þýða fallett heimili. Gott innra skipulag ásamt vönduðum frágangi gera húsin að eftirsóknarverðum kosti fyrir alla sem kjósa sérþýli umfram fjölbýli.

Bygging nýs grunn- og leikskóla er að hefjast í hverfinu og stutt er í góðar samgöngur, bæði innan Reykjanesbæjar og til höfuðborgarsvæðisins. Reykjanesbær er þekktur fyrir frábært íþróttastarf og öflugar menntastofnanir. Atvinnulíf er í miklum blóma og næg atvinnutækifæri á svæðinu.

Kynntu þér ný raðhús í Lerkidal þar sem gæði og gott handverk eru lykillinn að bjartri framtíð í viðhaldslitlu húsi.



STÆRDIR:

Þriggja herbergja íbúð 104 m²
Fjögurra herbergja íbúð 117 m²

VERÐ FRÁ:

37.900.000,- kr.

www.stongull.is

STÖNGULL
BYGGINGAFÉLAG



HÚSAMÍÐJAN
HLUTI AF BYGMA

blómaval



HANDLAUGARTÆKI
PINE
8000033
-25%

damixa™
Handlaugartæki
Pine.
8000033

8.695 kr
~~11.595 kr~~



SALERNI
JIKA
7920700/2
-25%

Salerni
JIKA LYRA Plus Scandia,
S-lás eða P-lás. Seti seld sér.
7920700/2

22.410 kr
~~29.690 kr~~

Vegghandlaug
JIKA OLYMP, 50X41 cm.
Blöndunartæki fylgir ekki.
7920710

7.595 kr
~~10.650 kr~~



VEGGHANDLAUG
JIKA OLYMP
7920710
-30%

FRÍÐARLILJA
-25%

Fríðarlilja
11261379

1.490 kr
~~1.990 kr~~



MONSTERA
-26%

Monstera
11328481

1.990 kr
~~2.690 kr~~



ALLAR HÁPRÝSTIDÆLUR
-20%

Nilfisk
Háprýstidæla
100 bór, 1,3kW, 440 ltr./klst., 5 m slanga.
Click & Clean kerfi.
5254200

11.996 kr
~~14.995 kr~~



HEKKKLIPPUR
5083686
-20%



Hekklippur
Texas, rafmagns., 620W, 60 cm blað,
klippigeta 22 mm.
5083686

11.996 kr
~~14.995 kr~~



HÖGGBORVÉL
STANLEY
5151100
-27%

STANLEY
Höggborvél 18V + 50 fylgihlutir
2 stk., 18V Li-Ion rafhlöður, 2.0Ah,
hersla 51Nm.
5151100

25.995 kr
~~35.565 kr~~



VERKFÆRASKÁPUR
NEO
5024494
-33%

Verkfæraskápur
NEO, stærð: 46x68x102 cm, þyngd 45 kg,
burðargeta 280 kg, 6 skúffur, hjól með bremsum,
læsing á skúffum.
5024494

29.995 kr
~~44.995 kr~~



Greinaklippur
Hyper Cut.
5084733

1.349 kr
~~1.799 kr~~

Hekklippur
22 cm.
5084742

2.759 kr
~~3.679 kr~~



ALLAR HYPER-CUT HEKKKLIPPUR
-25%

Strákústur
Með skafti, 40 cm.
5044450

693 kr
~~990 kr~~



STRÁKÚSTUR
40 CM
5044450
-30%

Harðparket
10 mm, Hickory Chelsea fasað.
147047

2.090 kr/m²
~~2.990 kr/m²~~

HARÐPARKET
10 MM
147047
-30%



Byggjum á betra verði





Begonia
11400027

1.990 kr

BEGONIA

VOR

markaður

Allt fyrir garðinn og heimilið
í Húsasmiðjunni og Blómavali

Gildir fimmtudag til sunnudags

Vorlaurkar
25%
afsláttur

Fræ
25%
afsláttur

Sáðbakkar
25%
afsláttur

VOR-
ERIKA



Ástareldur
10327408

799 kr
~~1.199~~ kr

ÁSTAR-
ELDUR
-33%



Vorerika
10327408

599 kr



GAS-
GRILL

GAS-
GRILL

17.990 kr
~~20.990~~ kr



Gasgrill Q2200
Ryðfrír brennari 3,51 kW/h—
BTU. Rafstýrður-kveikjurofi,
grillflötur: 39 x 54 cm.
3000378

47.975 kr



weber



Páskaliljur í potti
tet a tet.

399 kr
~~499~~ kr

tet a tet
PÁSKA-
LILJUR Í
POTTI
-20%

Byggjum á betra verði

husa.is

Glæpir Sjálfstæðismanna



Kolbrún Bergþórsdóttir

kolbrun@frettabladid.is

Íslendingar eru upp til hópa ekki jafn flokkshollir og þeir áður voru og kjósa í meiri mæli en áður eftir eigin tilfinningu hverju sinni. Þessi kjósendahópur er ekki bundinn á klafa einstrengingslegrar flokkshollustu. Einhverjir myndu vilja saka þessa kjósendur um pólitíska lausung, en þeir lita einfaldlega ekki á það sem sálhjálpatriði að festa sig í einum flokki. Þetta er hófsamt fólk sem er ekki líklegt til að grípa til gífuryrða. Aðrir sjá um það.

Í umræðu um íslensk stjórnmal og stjórnmalaflokkka er skítkast orðið nær daglegt brauð og svo útbreitt að flestir eru hættir að kippa sér upp við það. Stjórnmalaflokkar og stjórnmalamenn verða fyrir þessu í mismiklum mæli. Sennilega hefur enginn stjórnmalaflokkur orðið að þola jafn mikla og hamslausa gagnrýni og Sjálfstæðisflokkurinn. Látum vera þótt Jóhanna Sigurðardóttir hafi stigið í pontu á nýlegu flokksþingi Samfylkingarinnar og kallað Sjálfstæðisflokkinn spillingarflokk. Hún hefur lengi séð óvin í þessum stærsta stjórnmalaflokki landsins og ekki dregið af sér við að vara við fólksku hans og undirferli. Þetta gerir lukku á ýmsum bæjum en aðrir eru líklegir til að flokka tal eins og þetta sem innihaldslaus gífuryrði. Svona er talað á hitastundum í pólitík og er jafnvel talið sjálfsgat, en er svo sem ekki til sérstaks sóma.

Umræðan á netinu og í einstaka greinaskrifum er heldur ekki alltaf til sóma. Þar eru of margir einstaklingar sem svamla í drullupolli og vilja helst hvergi annars staðar vera. Dónaskapur er allsráðandi í bland við ofstæki. Reynt er að meiða sem flesta með orðum og þar fá stjórnmalaflokkar og stjórnmalamenn sinn skammt. Þar er Sjálfstæðisflokkurinn ídulega stimplaður sem mikil meinsemd í íslensku þjóðfélagi. Eftir að upplýst var í september á síðasta ári að faðir Bjarna Benediktssonar hefði veitt dæmdum kynferðisafbrotamanni meðmæli varð fúkyrðaflaumurinn sem aldrei fyrr. Flokkurinn var sagður vera flokkur barnaniðinga, þar gætu þeir verið öruggir um að eiga skjól. Í nýlegri grein á vefsíðu Stundarinnar eftir ungan pistlahöfund er róið á sömu mið og talað um samstarf Sjálfstæðisflokksins við barnaniðinga. Þeirri grein virðist ætlað að sjokkera og ögra og það hefur tekist í einhverjum mæli.

Þeir sem leika sér að því að segja Sjálfstæðisflokkinn flokk barnaniðinga eru ekki bara að ráðast að flokknum heldur um leið að gera lítið úr kjósendum hans. Staðreyndin er sú að sómakært fólk kys Sjálfstæðisflokkinn í stórum stíl vegna þess að það sér sitt hváð skynsamlegt og gott í stefnu hans. Sumir kjósa hann í hverjum kosningum, aðrir merkja við hann einstaka sinnum. Þessir kjósendur hafa ekki gert bandalag við illu öflin með því að kjósa Sjálfstæðisflokkinn. Það er heldur ekki hægt að halda því fram að þeir hafi verið plataðir til fylgilags við hann. Og ekki eru þeir dregnir nauðugir á kjörstað. Þessir kjósendur, eins og meginþorri Íslendinga, taka ekki mark á ófgafullum málflutningi hatursmanna flokksins.

Hér skal því ekki haldið fram að það felist stórkostleg frelsun í því að vera staðfastur Sjálfstæðismaður, en það er sannarlega ekkert glæpsamlegt við það.



Þessir kjósendur hafa ekki gert bandalag við illu öflin með því að kjósa Sjálfstæðisflokkinn.

Halldór



Frá degi til dags

Gylfi, frekar en Gulli eða Guðni Vladímír Pútín er í hávegum hjá dagskrárgerðarfólki og hlustendum Útvarps Sögu. Þar hefur verið nokkur kurr vegna orða Guðlaugs Þórs Þórðarsonar utanríkisráðherra um hugsanlega sniðöngungu íslenskra stjórnvalda á HM í Rússlandi. Guðlaugur reyndi í beinni útsendingu í gær að útskýra ástæður þess að víða væri varhugur goldinn við Pútín og sló niður þá grillu að til tals kæmi að láta landsliðið sitja heima. Það myndi aldrei verða og að í stóra samhenginu breyti engu hvort hann eða Guðni [forseti] láti sjá sig svo lengi sem Gylfi Þór Sigurðsson mætir til leiks.

Kaldar kveður frá Gautaborg Urgur hefur verið á Sögu vegna þess að Guðni Th. Jóhannesson var ekkert að flyta sér að senda endurkjörnum Pútín heillaóskir. Hann bætti úr skák í gar og benti Pútín um leið á að þjóðarleiðtogum bæri ætíð að standa vörð um friðinn. Hlustandi ársins 2016 á Útvarpi Sögu, Gautaborgarþúinn Baldur Bjarnason, brást illur við friðarboðskap forsetans og hellti sér yfir hann í athugasemdakerfi Stundarinnar þar sem hann sagði Guðna og þá sem kusu hann (38,49%) eiga að skammast sín fyrir „strengja-brúðuna“ Guðna. Greinilega illa við brúður sem Pútín heldur ekki í strengina á.

thorarinn@frettabladid.is

Einföldum regluverk – afnemunum 25 ára „regluna“



Lilja Alfreðsdóttir mennta- og menningarmálaráðherra



Við lofum stórsókn í menntamálum og við ætlum að standa við það. Það eiga því allir að komast að í framhaldsskólunum sem sækja um

Ég vil afnema hina svo kölluðu 25 ára „reglu“ við innritun nemenda í framhaldsskóla. Frá árinu 2012 hefur framhaldsskólum verið heimilt að forgangsraða umsóknum um skólavist eftir tiltekinni flokkun á umsækjendum. Einn liður í reglugerðinni sem liggur til grundvallar kveður á um að umsækjendum 25 ára og eldri, og njóta ekki forgangs af öðrum ástæðum, er ráðað næstíðast við flokkun umsókna. Margir túlkuðu þetta sem svo að framhaldsskólar landsins séu lokaðir fólki eldra en 25 ára sem hefur áhuga á bóknaði.

Mennta- og menningarmálaráðuneytinu hafa ekki borist umkvartanir vegna synjunar um skólavist sökum aldurs og líkur á að það reyni á slíkt eru hverfandi. Sérstaklega í ljósi þess að framlög til framhaldsskólástigsins voru aukin um 1.290 milljónir milli 2017 og 2018 og í ofanlag eru framlög á nemanda hærri í kjölfar styttingar náms til stúdentsprófs, en framhaldsskólarnir halda þeim fjármunum sem sparast vegna styttingarinnar. Ég er þeirrar skoðunar að einfalda eigi regluverk ef ekki er þörf fyrir það. Þessi aðgerð er skref í þá átt.

Nú eru drög að breytingum á fyrrgreindri reglugerð komin í opið samráð á vef samráðsgáttarinnar. Öllum er frjálst að senda inn umsógn eða ábendingar um drögin í gegnum samráðsgáttina en markmið hennar er að auka gagnsæi og möguleika almennings og hagsmunaaðila á þátttöku í stefnumótun, reglusetningu og ákvarðanatöku opinberra aðila.

Þess má geta að umsækjendum 25 ára og eldri bjóðast einnig fjölmörg önnur námsúrræði en nám í framhaldsskóla. Þar er helst að geta framhaldsfræðslu, sem boðin er um allt land og lögð hefur verið áhersla á að efla og styrkja með auknum fjárfraðslum á síðustu árum. Þá geta nemendur á þessum aldri sótt aðfaranam í staðnámi eða fjárnámi.

Við lofum stórsókn í menntamálum og við ætlum að standa við það. Það eiga því allir að komast að í framhaldsskólunum sem sækja um, uppfylli þeir þau inntökuskilyrði sem skólarnir setja hverju sinni. Það að vera yngri en 25 ára er ekki inntökuskilyrði.



Nailner penninn

við svepp í nögl.

Einföld lausn á hvítleiðu vandamáli.

Vertu með fallegar neglur, alltaf!

Fæst í apótekum

Dreifing: Ýmus ehf

Aldrei að ýkja

Í DAG



Þorvaldur Gylfason

Vinur minn einn, hátt settur, mikils metinn, viðföruill og þaulreyndur embættismaður, sagði við mig yfir kvöldverði: Það má ekki ýkja spillinguna á Íslandi. Það má ekki bera spillinguna hér saman við Afríku þar sem menn eru drepnir í stórum stíl. Slik skot geiga. Ég tók athugasemdir ekki til mín. Ég hef alltaf reynt að virða reglu Gandís: Aldrei að ýkja, þess þarf ekki. Samtal okkar vinanna fer hér á eftir, við stiklum á stóru.

Er Ísland of lítið?

NN: Vandinn hér er ekki spilling, heldur fólksfæð. Við erum einfaldlega of fá.

ÞG: Ekki endilega. Fólksfæðin þarf ekki að vera vandamál. Reynslan utan úr heimi virðist sýna að lítil, þ.e. fámenn lönd eru yfirleitt óspilltari en stærri og fjölmennari lönd. Spillingin í Indlandi, Indónesíu, Kína og Rússlandi – 40% mannkyns búa í þessum fjórum löndum! – stafar ekki af fólksfæð þar, öðru nær. Í litlum löndum þar sem allir vita allt um alla er auðveldara að halda spillingu í skefjum en í stórum löndum þar sem menn geta skýlt sér bak við fjarlægðina og fjöldann.

NN: Já, en sjáðu t.d. Hæstarétt þar sem einn dómari gnæfir yfir aðra. Í stærri löndum geta einstakir menn ekki náð slíkri stöðu því þar eru fleiri um hituna.

ÞG: Nú jæja? Má ég minna á Earl Warren, forseta Hæstaréttar Bandaríkjanna 1953-1969? – sem hafði verið varaforsetaframbjóðandi repúblikana 1948. Hann þótti njóta slíkrar virðingar að honum væri bezt treystandi til að stýra nefndinni sem var skipuð til að rannsaka morðið á Kennedy forseta í Dallas 1963. Skýrslan reyndist röng í grundvallaratriðum. Bandaríkjaþing hafnaði henni 1978 og lýsti því yfir að Kennedy hefði líklega verið fórnarlamb samsæris svo sem flestir Bandaríkjamenn hafa talið trúlegast frá öndverðu þvert á niðurstöðu Warren-nefndarinnar. Og taktu Pútín Rússlandsforseta sem stefnir á 24ra ára samfellda setu á valdastóli án þess að blikna. Og sjáðu Xi Jinping sem fékk þingið í Beijing til að breyta stjórnar-



skránni svo hann getið setið á forsetastóli til æviloka. Ekki er fámenninu um að kenna þar austur frá.

Spilling grefur undan lýðræði

NN: Nei, en aðalatriðið er að spillingin hér heima er ekki stórvægileg og ekki heldur illkynja eins og víða í Afríku og Rússlandi þar sem bladamenn og stjórnarandstæðingar eru drepnir í hrönnum. Okkar spilling er miklu

vægari, hér er enginn drepinn, heldur eru menn í versta falli frystir úti ...

ÞG: ... Þú átt kannski við „andrúmsloft dauðans“ eins og Morgunblaðið lýsti því 24. júní 2006? ...

NN: ... og auðvitað bitnar t.d. klíkuskapur í mannaáðningum, mismunun í úthlutun aflaheimilda, einkavina-væðing, sjálfataka o.fl. á saklausu fólki og landinu öllu.

ÞG: Segðu. Nápotið er ekkert grín.

NN: Enda hefur ríkið oftar en einu sinni verið dæmt til að greiða fórnarlömbum skaðabætur vegna spilltra embættaveitinga í dómkerfinu og kallað m.a. yfir sig hirtingu mannréttindanefndar Sameinuðu þjóðanna og Mannréttindadómstóls Evrópu hvað eftir annað – og fordæmingu kjósenda skv. könnunum Gallups og MMR. En enginn var drepinn.

ÞG: Rétt. En eigum við þá að þegja um spillinguna hér heima úr því að hún kostar minna hér en í Afríku, Rússlandi og Kína? Eigum við ekki heldur að ræða opinskátt um afturförina sem er smám saman að birtast umheiminum og okkur sjálfum í erlendum skýrslum sem sýna að spilling á Íslandi mælist mun meiri en annars staðar um Norðurlönd og vitna um lýðræði sem hefur látið undan síga og mælist nú einnig veikara hér en annars staðar á Norðurlöndum? Nei, við verðum að ræða málið opinskátt frekar en í hálfum hljóðum. Annars getum við varla endurheimt stöðu okkar við hlið annarra Norðurlanda. Ef við þegjum eykst hættan á að við höldum áfram að dragast aftur úr.

Fyrirmynd annarra landa?

NN: Ísland er í grundvallaratriðum gott land þótt margt megi betur fara. Við þurfum að horfa áfram veginn.

ÞG: Já, vissulega, en hrúnið afhjúpaði djúpar sprungur. Og Panama-skjölin, maður lifandi. Og ...

NN: Auðvitað var það gersamlega galin hugmynd að Ísland gæti orðið fyrirmynd annarra landa í bankarekstri eins og sumir sögðu fram að hrúni. Til þess erum við of fá. Og það er jafngalið að hugsa sér að íslenskir dómstólar geti með réttu orðið öðrum löndum fyrirmynd með því að dæma alla þessa bankamenn í fangelsi. Hvaðan skyldu 340.000 hræðum norður í hafi koma slíkir yfirburðir umfram önnur lönd? Í lögfræði!

ÞG: Þú meinar. Tveir þriðju hlutar viðmælenda Gallups vantreysta dómkerfinu skv. glænýrri könnun.

NN: En maturinn hér er góður. Peking-önd í Reykjavík. Á Rauðarárstígum!



VANTAR GARÐHÚSGÖGN?

Taktu þér greiðslufrí með Kortaláni og láttu drauminn rætast.

Bekking er gjaldmiðill framtíðar



Jón Atli Benediktsson
rektor Háskóla Íslands

Uppbygging rannsókna og doktorsnáms við Háskóla Íslands undanfarna tvo áratugi hefur komið skólanum í fremstu röð alþjóðlegra rannsóknaháskóla. Þjóðir heims fjárfesta í rannsóknarháskólum til að byggja upp samfélag sem drifid er áfram af menntun, rannsóknum og nýsköpun. Hér á landi hefur verið stigið skref í þá átt með uppbyggingu háskólastigsins en til að byggja upp blómlegt þekkingarsamfélag á Íslandi til framtíðar þarf samstillt átak háskóla, stjórnvalda og atvinnulífs. Atvinnulífið þarf að sjá sér hag í því að vinna með háskólum og háskólar þurfa að sjá ábata af því að vinna með atvinnulífinu. Þannig er hægt að tryggja hagnýtingu þekkingar og að ungt fólk hafi fjölbreytt tækifæri til að nýta háskólamenntun sína og sjái sér þannig hag í að búa hér á landi.

Rannsóknir háskóla og doktorsnám er mikilvægur þáttur í þessari menntasókn. Hagnýting þekkingar er forsenda þess að hægt sé að takast á við samfélagslegar áskoranir á borð við loftslagsbreytingar og misskiptingu auðs og til að fyrirtæki geti þróað starfsemi sína. Opinberar stofnanir, nýsköpunarfyrirtæki og atvinnulíf kalla sífellt eftir sérhæfðari þekkingu og háþróaðri tæknilausnum. Mörg framsæknu fyrirtæki heims hafa því byggt upp öflugt samstarf við háskóla til að sækja þangað þekkingu og tækninýjungar sem sprottnar eru úr grunnrannsóknunum á öllum fræðasviðum. Hátæknirísar á borð við Google og Apple sækjast t.d. markvisst eftir samstarfi við háskóla og rannsóknastofnanir og er þróun þessara fyrirtækja háð slíkri þekkingarsköpun. Mikilvæg framþróun síðustu áratuga – s.s. GPS-tæknin, snertiskjárin og internetið – hefði aldrei náðst án fjárfestingar samfélagsins í háskólamenntun, rannsóknunum og doktorsnámi í fjölbreyttum fræðigreinum.

Háskóli Íslands hefur þegar stigið markviss skref til að skapa lífandi og gagnvirkan samstarfsvettvang við atvinnulífið. Dæmi um þetta er uppbygging Vísindagarða í Vatnsmýrinni í samvinnu við Reykjavíkurborg þar sem Háskólinn og nýsköpunarfyrirtæki eru leidd saman. Þá hefur Háskólinn haft forystu um stofnun þekkingarveitunnar „Auðnu“ sem er vettvangur til að veita hugverkum og nýrri tækni úr háskólum og rannsóknastofnunum



Beint samband er á milli fjárfestingar í rannsóknum, nýsköpun og þróun annars vegar og framleiðniaukningar og hagvaxtar hins vegar. Áhrifin eru víðtækust í þeim ríkjum sem fjárfesta mest í háskólastarfi.

til samfélags og atvinnulífs. Erlendar úttektir hafa sýnt að skortur á slíku samstarfi og slíkri þekkingarveitu hefur verið veikleiki kerfisins hér á landi. Sóknarferin hér fyrir íslenskt samfélag eru nánast óþrjótandi.

Beint samband er á milli fjárfestingar í rannsóknum, nýsköpun og þróun annars vegar og framleiðniaukningar og hagvaxtar hins vegar. Áhrifin eru víðtækust í þeim ríkjum sem fjárfesta mest í háskólastarfi. Sýnt hefur verið fram á að hver aukin króna til rannsókna og nýsköpunar skilar vexti þjóðartekna sem nemur fimmfaldri þeirri aukningu. Fjárfesting í rannsóknum og menntun skilar sér þannig margfalt til baka til samfélagsins í auknum hagvexti og lífsgæðum.

Sameiginlegt viðfangsefni

Samkvæmt nýsköpunarvísitölu Sameinuðu þjóðanna stendur Ísland sterkt að vígi þegar lítið er til árangurs vísindarannsókna og alþjóðlegs samstarfs, en síður þegar kemur að þáttum á borð við nýtingu hátækni, útlutning og framleiðni. Hluti vandans er að við verjum ekki nægilegum fjármunum í rannsóknir og þróun, jafnt í háskólum sem fyrirtækjum. Við þurfum sameiginlega að setja okkur metnaðarfull markmið til að vera samkeppnishæf við nágrannaþjóðir okkar.

Evrópusambandið stefnir að því að verja þremur prósentum af landsframleiðslu aðildarríkjanna í rannsóknir og þróun og skapa með því fjölda nýrra starfa og auka hagvöxt. Framsækin ríki á borð við Bandaríkin, Japan og Suður-Kóreu fjárfesta nú þegar þrjú til fjögur prósent af landsframleiðslu sinni í rannsóknaháskólum, alþjóðasamstarfi, hagnýtingu og nýsköpun til að tryggja samkeppnishæfni sína. Slík fjárfesting skilar sér beint til atvinnulífsins og samfélagsins alls.

Það er sameiginlegt viðfangsefni okkar, háskólasamfélagsins, atvinnulífsins og stjórnvalda að stuðla að hagnýtingu þekkingar í þágu sjálfbærni samfélagsins, velferðar allra og til að efla samkeppnishæfni þjóðarinnar. Farsæld samfélags okkar til framtíðar er í húfi.

Freyr Frostasyni svarað vegna vistspors sjókvíaeldis



Jónatan Þórðarson
fiskeldisfræðingur

Freyr Frostason arkitekt, formaður Icelandic Wildlife Fund skrifar um sjókvíaeldi í Fréttablaðið 14. mars sl. og finnur því flest til foráttu. Sjókvíaeldi á laxi er mikilvæg matvælaframleiðsla, og telur um 2,2 milljónir tonna á ári á heimsvísu, en þyrnir í augum þeirra sem telja hættu á að kynbættur stórlax úr eldi geti spilt íslenskum laxastofnum og mengað firði. Þessi umræða er oft og tíðum öfgakennd og lituð rangfærslum.

Það skal fyrst áréttað að hinn norsk-ættaði eldislax okkar er kynbættur en ekki erfðabreyttur, eins og Freyr heldur fram. Á þessu er reginmunur, sem öllum ætti að vera ljós, sem vilja vita. Svo virðist sem þeir sem andmæla sjókvíaeldi séu almennt fylgjandi eldi á landi. Því er ekki úr vegi að bera saman þessa tvo valkosti, en undirritaður rak stærstu landeldisstöð heims í 16 ár og er því afar vel kunnugur málavöxtum, en hefur varið undanförunum átta árum í að endurreisa sjókvíaeldi við strendur Íslands.

Þegar horft er til vistspors laxaframleiðslu eða próteinframleiðslu almennt er gjarnan litið til fjögurra þátta.

1. Hve mikillar orku krefst framleiðslan?
2. Hvað verður um úrgang sem fellur til?
3. Hver eru áhrif hugsanlegrar genablöndunar vegna stroks kynbættis eldisfisks?
4. Hvað kostar fjárfestingin við framleiðslu á hvert kíló í vistspori og hve mikið er hægt að endurvinna af búnaðinum?

Fyrirliggjandi staðreyndir eru eftirfarandi:

1. Það kostar 7 kílóvattstundir af raforku að framleiða 1 kg af laxi í landeldi, þ.e.a.s. færa laxinum súrefni og fjarlægja úrgangsefni. Í sjókvíaeldi kostar þetta enga orku. Ísland á hreina orku, sem hægt er að nota til þessarar framleiðslu, en hún er takmörkuð auðlind og ekki mikið rafmagn til í kerfinu fyrir stórskala framleiðslu. Frekari virkjanafarmæmdir eru umdeildar.
2. Úrgangsefni, sem verða til við framleiðsluna í landeldi er hægt að fanga að miklu leyti og nýta sem áburð, en eigi að síður endar seyran inni í stóra nitur- og fosfathringnum á endanum. Úrgangur frá sjókvíaeldi fellur að einhverju leyti til botns en leysist allur upp

að lokum og endar með sama hætti inni í stóra nitur- og fosfathringnum. Þannig er þessi þáttur með tiliti til vistspors afar umdeilanlegur.

3. Strok verður æ minna með árunum og búnaðurinn betri og betri með hverju ári sem líður, með sama hætti og öll önnur tæki þróast með tímanum. Enginn framleiðandi vill að lax sleppi þannig að hvatinn er augljós. Klárlega má fullyrða að strok er minna úr strandstöðvum ef vandað er til verks. Um neikvæð eða jákvæð áhrif genablöndunar er erfitt að fullyrða og líffræðingar eru afar ósammála um þennan þátt umræðunnar. Það vegur hins vegar þungt að benda á rauntölur um afkomu norska laxastofnsins, sem afleiðu af auknu eldi. Hér er um sögulegar rauntölur að ræða en ekki framreiknaðar tölur byggðar á veikum faglegum grunni og lélegum rannsóknum. Þar er ekki hægt að merkja að aukni eldi hafi neikvæð áhrif á afkomu laxastofnsins í Noregi þar sem villilaxastofninn þar hefur vaxið hin síðari 15 ár og laxeldi á sama tíma vaxið tífalt.
4. Erfitt er að fullyrða að allar byggingar sem byggðar eru í landeldi séu endurnýjanlegar. Afskriftartími sjókvía er 10 til 15 ár. Net, kaðlar og kvíar eru að fullu endurnýttar. Hér hefur sjókvíaeldi klárlega vinn-inginn.

Steinn úr húsi Kolbrúnar



Sveinbjörg Birna Sveinbjörnsdóttir
óháður borgarfulltrúi

Fréttablaðinu 12. mars sl. heldur Kolbrún Bergþórsdóttir því fram að ég hafi látið „sérkennileg orð falla um múslima“ í aðdraganda sveitarstjórnarkosninganna 2014. Þetta hafi leitt til þess að hópur „hatursfólks“ hafi kosið mig. Þótt forysta Framsóknarflokksins hafi brugðist sé ásynd flokksins nú orðin „geðþekktari“ og sé það vel.

Það sem ég sagði

Í aðdraganda sveitarstjórnarkosninganna lýsti ég sem kunnugt er afstöðu minni til þeirrar ákvörðunar Reykjavíkurborgar að gefa Félagi múslima á Íslandi lóð til að byggja á mosku. Í viðtali við blaðamann visir.is þann 23. maí 2014 lýsti ég þeirri skoðun að afturkalla ætti lóðarúthlutunina. Í því sambandi vitnaði ég meðal annars til Sáði-Arabíu og var orðrétt haft eftir mér: „Það myndu koma peningar að utan ef moska yrði byggð hérna. Ekki spurning. Þeir byrja að streyma inn um leið [og] leyfið fyrir moskunnar fæst.“ Með þessu vísaði ég til hins allkunnna, að Sáði-Arabar hafa verið öðrum þjóðum duglegri að styrkja byggingu moska í Evrópulöndum þar sem breidd er út öfgakennd útgáfa af islamstrú.

Flestir skildu orð mín sem varnaðarorð þótt Kolbrún kjósi að lita á þau sem hatur. Fylgir hún þar borgarstjórnar efni Samfylkingarinnar í Reykjavík, Degi B. Eggertssyni, sem vildi ekki gera mikið úr hættnni og lét hafa eftir sér að maður stýrði ekki borg með því að mismuna fólki eftir trúarskóðunum.

Jón og séra Jón

Ég var ekki búin að vera nema örfáa mánuði í borgarstjórn þegar Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, greindi opinberlega frá því að sendiherra Sáði-Araba hefði tjáð honum að Sáði-Arabar hygðust leggja

umtalsvert fé til byggingar mosku í Reykjavík. Kvaðst forsetinn hafa orðið „hissa og svo lamaður“ og brýndi fyrir Íslendingum að vakna til vitundar um vandann sem fylgdi öfgafullri islamstrú. Kvað forsetinn þann vanda ekki verða leystan með barnalegri einfaldni og aðgerðum á sviði umburðarlyndis og félagslegra umbóta. Í viðtali sem Kolbrún sjálf tók við forsetann hafði hún orðrétt eftir honum: „Ég tel líka ástæðu til að árétt að þau öfl sem hafa fostað og fjármagnað öfgakennda útgáfu af islam, stutt staði [lesist „moskur“, innskot S.B.S.] og skóla þar sem ungt fólk, einkum karlmenn, eru aldir upp í öfgakenningum, hafa greinilega ákveðið að Ísland eigi að vera hluti af þeirra athafnasvæði.“ Mér vitanlega hefur Kolbrún ekki gagnrýnt þessi ummæli forsetans enda ekki tilefni til. Það er því greinilegt að það skiptir Kolbrúnu máli hvaðan varnaðarorðin koma. Ekki er sama hvort þar á í hlut Jón eða séra Jón.

Borgarstjórnir á undan og eftir Jóni

Þessar fréttir urðu hins vegar til þess að Dagur B. Eggertsson, sem þá hafði tekið við sem borgarstjóri af Jóni Gnarr, mælti fyrir um rannsókn á fjárframlagi Sáði-Araba. Í ljós kom að Sáði-Arabar höfðu ákveðið að leggja allt að 350 milljónir króna til að reisa mosku í Reykjavík. Fyrirverandi borgarstjóra og oddvita Samfylkingarinnar, Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur, var ekki skemmt. Kvaddi hún sér hljóðs í fjölmiðlum og varaði við því að Sádur yrðu boðnir hingað velkomnir. Í viðtali við fréttastofu Ríkisútvarpsins sagði hún að það væri „fráleit hugmynd að Sáði-Arabía [fengi] að setja fjármagn í byggingu mosku í Reykjavík“. Það þurfti því fyrirverandi borgarstjóra – konu með bein í nefinu – til að taka af skarði. Borgarstjórnir á eftir Jóni treysti sér ekki til að biðja um meira en skýrslu. Eftir það hefur ekki heyrst meira frá honum.

Nýju fötin Kolbrúnar

Vera má að ályktanir Kolbrúnar stafi af vanþekkingu hennar á mál-efnum Sáði-Araba enda hefur lítið



Í aðdraganda sveitarstjórnarkosninganna lýsti ég sem kunnugt er afstöðu minni til þeirrar ákvörðunar Reykjavíkurborgar að gefa Félagi múslima á Íslandi lóð til að byggja á mosku.

verið sagt af fréttum hér á landi um markmið þeirra með uppbyggingu moska í Evrópu. Kolbrún, sem hefur á undanförunum misserum starfað sem ritstjóri DV, ætti þó að muna eftir því þegar efni úr skýrslu þýsku leyniþjónustunnar lak í þarlanda fjölmiðla í árslok 2016. Í skýrslunni kom fram að Sáði-Arabar hefðu stutt öfgahópa í Þýskalandi með því að fjármagna moskur, trúarskóla og trúarleit-toga. Það eru síðan ekki nema örfáar vikur frá því að fréttir voru sagðar af því frá Belgíu að Sáði-Arabar hefðu, eftir þrýsting frá þarlandum stjórnvöldum, samþykkt að hætta öllum afskiptum af Stórmoskunnunni í Brussel. Í frétt Reuters-fréttastofunnar, þar sem fjallað er um þessar vendingar, er Sáði-Aröbum lýst sem útflytjanda öfgakenndrar útgáfu af islam (e. „a global exporter of an ultra-conservative brand of Islam“). Varla telur Kolbrún að stefnda Sáði-Araba sé önnur hér á landi en á meginlandinu?

Enda þótt Kolbrún sé nú „fastur penni“ Fréttablaðsins þýðir ekkert fyrir hana að reyna að telja lesendum blaðsins trú um að það hafi verið sérkennilegt þegar ég setti mig upp á móti því að hér yrði reist moska með fjármagni frá Sáði-Arabíu. Það hljómar eins og nýju fötin keisarans. Það sem er hins vegar „sérkennilegt“ er að slík ummæli skuli koma úr ranni einstaklings, sem þar til nýverið var ritstjóri DV, en á vefmiðlinum dv.is hafa „virkir í athugasemdum“ um árabil fengið, að því er virðist óátalið af hálfu ritstjórnans, að spúa hatri yfir múslima og trú þeirra í athugasemdum sem þeir rita við fréttir blaðsins. Hver er ábyrgð Kolbrúnar á því?

Útsala

15. mars til
20. apríl

50-70%
afsláttur af erlendum
bókum og völdum
vörum.

bóksala stúdenta

Alvöru bókabúð og miklu meira

www.boksala.is

ORMSSON

Þvottadagar

15%

AEG

914550043

ÞVOTTAVÉL

L7FBE840E

Tekur 8 kg af þvotti. 1400 snúningar. Öll hugsanleg þvottakerfi. Kolalaus mótör. Íslensk notendahandbók.

Verð áður: 119.900,- Verð nú: 101.915,-



ÍSLENSKT STJÓRNBOÐ

3 ÁRA ÁBYRGÐ

10 ÁRA ÁBYRGÐ Á MÓTÖR

AEG

914550046

ÞVOTTAVÉL

L7FBM826E

Tekur 8 kg af þvotti. 1600 snúningar. Öll hugsanleg þvottakerfi. Kolalaus mótör.

Verð áður: 139.900,- Verð nú: 118.915,-



15%

AEG

914913404

ÞVOTTAVÉL

L6FBE720I

Tekur 7 kg af þvotti. 1200 snúningar. Öll hugsanleg þvottakerfi. Íslensk notendahandbók.

Verð áður: 89.900,- Verð nú: 76.415,-



ÍSLENSKT STJÓRNBOÐ

3 ÁRA ÁBYRGÐ



AEG

914913410

ÞVOTTAVÉL

L6FBE840I

Tekur 8 kg af þvotti. 1400 sn. Öll hugsanleg þvottakerfi. Kolalaus mótör. Íslensk notendahandbók.

Verð áður: 99.900,- Verð nú: 84.915,-

15%

15%

AEG

916097949

ÞURRKARI

T6DBM720G

Tekur 7 kg af þvotti.

Áður: 99.900,- Nú: 84.915,-



15%

AEG

916097952

ÞURRKARI

T6DEL821G

Tekur 8 kg af þvotti.

Áður: 109.900,- Nú: 93.915,-



15%

AEG

916097905

ÞURRKARI

T7DEP831E

Með varmadælu.

Tekur 8 kg af þvotti.

Áður: 129.900,- Nú: 110.415,-



SAMSUNG SAMSUNG SAMSUNG SAMSUNG SAMSUNG



SAMSUNG

WW70

Þvottavél

7 KG. 1400 SN.

Eco Bubble

Kolalaus mótör.

Verð nú 59.900,-

59.900,-

ecobubble TECHNOLOGY



SAMSUNG

WW80

Þvottavél

8 KG. 1400 SN.

Eco Bubble

Kolalaus mótör.

Verð nú 64.900,-

ecobubble TECHNOLOGY



SAMSUNG

DV70M

þurrkari A++

7 KG. barkarlaus þurrkari.

Varmadæla í stað elements.

Verð nú 76.900,-

Væntanlegur

FYRIR HEIMILIN Í LANDINU

ORMSSON

LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800

Netverslun

ORMSSON.IS



ORMSSON

Greiðslukjör

Vaxtalaust í allt að 12 mánuði



Opnunartímar:

Virka daga kl. 10-18

Laugardaga kl. 11-15.

ORMSSON KEFLAVÍK SÍMI 421 1535	ORMSSON PRISTUR-ÍSAFIRÐI SÍMI 456 4751	KS SAUBÁRKRÓKI SÍMI 455 4500	SR BYGG SIGLUFIRÐI SÍMI 467 1559	ORMSSON AKUREYRI SÍMI 461 5000	PENNINN HÚSAVÍK SÍMI 464 1515	ORMSSON VÍK -EGILSSTÖÐUM SÍMI 4712038	ORMSSON PAN-NEKAUPSSTAÐ SÍMI 477 1900	ORMSSON ÁRVIRKINN-SELFOSSI SÍMI 480 1160	GEISLI VESTMANNAEYJUM SÍMI 481 3333	TÆKNIBORG BORGARNESI SÍMI 422 2211	OMNIS AKRANESI SÍMI 433 0300	BLÓMSTURVELLIR HELLISSANDI SÍMI 436 6655
--------------------------------	--	------------------------------	----------------------------------	--------------------------------	-------------------------------	---------------------------------------	---------------------------------------	--	-------------------------------------	------------------------------------	------------------------------	--



Karen Knútsdóttir sneri aftur í íslenska landsliðið í gær eftir meiðsl. Hún skoraði fjögur mörk í 30-30 jafntefli gegn Slóveníu. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Ekki nógu duglegar að refska

Íslenska kvennalandsliðið var nokkrum sekúndum frá því að koma sér í vænlega stöðu í baráttunni um 3. sæti síns riðils í svekkjandi jafntefli í gær. Leikurinn var kaflaskiptur og Íslandi mistókst að refska Slóveníu.

HANDBOLTI Íslenska kvennalandsliðið var fjórum sekúndum eða einu stoppi í varnarleiknum frá því að vinna fyrsta leik sinn í undankeppni EM 2018 í handbolta í gærkvöldi í 30-30 jafntefli gegn Slóveníu. Sigur hefði reynst liðinu afar mikilvægur í baráttunni um að ná þriðja sæti riðilsins sem getur komið liðum inn á EM en þess í stað er Ísland áfram á botni riðilsins með eitt stig.

Kaflaskiptur leikur

Íslenska liðið átti flotta kafla og skiptust liðin á mörkum lengst af en tapaðir boltar voru að kosta liðið og leiddu Slóvenar í hálfleik.

Það forskot fór upp í fjögur mörk um miðbik seinni hálfleiks en þá kom kraftur í íslenska liðið sem virtist ætla að fleyta því til sigurs. Karen Knútsdóttir kom Íslandi yfir þegar tuttugu sekúndur voru eftir

en Slóvenar svöruðu með marki af línunni þegar fjórar sekúndur voru eftir. Skot Helenu Rutar Örvarsdóttur er lokaflautið gall frá fram hjá og skildu liðin því jöfn.

„Þetta var mjög sárt, við vorum með leikinn í okkar höndum á lokaflaumum en þær ná að bjarga stigi hérna. Við spiluum þetta alveg eins og við settum upp, spiluum hraða miðju og náðum að finna fin skot en það dugði ekki til,“ sagði Helena Rut sem var markahæst í íslenska liðinu með tíu mörk.

„Þær voru svolítið óskípulagðar í vörninni og við fengum mörg mörk upp úr því að keyra strax hratt á þær.“

Verðum að spila þessa vörn allan leikinn

Íslenska liðið átti frábæran 6-1 kafla um miðbik seinni hálfleiks þegar

það náði forskotinu eftir að hafa verið fjórum mörkum undir. Fyrst og fremst byrjaði áhlaupið í varnarleiknum og markvörslu.

„Þegar við náum færslunum okkar rétt þá erum við með stórhættulega vörn og þær voru að tapa nokkuð mörgum boltum. Það vantar bara að halda þessari vörn í sextíu mínútur en ekki hluta leiksins eins og í dag,“ sagði Helena.

„Það var flottur kafla en við fáum of mikið af mörkum á okkur að mínu mati og það er margt sem má laga.“

Karen Knútsdóttir tók í sama streng og Helena en var þó ánægð með spilamennskuna.

„Miðað við hvernig leikurinn spilaðist er afar sárt að hafa bara fengið stig en ég er samt stolt af liðinu. Við spiluum vel á báðum endum vallarins og gáfumst aldrei upp.

Undankeppni EM 2018

Ísland 30-30 Slóvenía (16-17)

Mörk Íslands Helena Rut Örvarsdóttir 10, Pórey Rósa Stefánsdóttir 6, Karen Knútsdóttir 4/3, Birna Berg Haraldsdóttir 4, Hildigunnur Einarsdóttir 2, Ester Óskarsdóttir 1, Eva Björk Davíðsdóttir 1, Arna Sif Pálsdóttir 1, Perla Ruth Albertsdóttir 1. **Varin skot:** Hafdis Renótdóttir 11, Guðný Jenný Ásmundsdóttir 5.

Síðustu tíu mínútur leiksins var ég alveg viss um að við myndum taka þennan leik en við vorum ekki nógu duglegar að refska þeim fyrir þeirra mistök.“ kristinnpall@frettabladid.is

Eyjamenn deildarmeistarar í fyrsta sinn

HANDBOLTI Agnar Smári Jónsson tryggði ÍBV fyrsta deildarmeistaratitilinn í handbolta karla í sögu félagsins þegar hann skoraði sigurmark liðsins gegn Fram í þann mund sem leiktíminn rann út, 33-34.

Flest benti til þess að Selfoss yrði deildarmeistari. Þeir unnu öruggan sigur á Víkingi, 37-26, og svo virtist sem Fram ætlaði að gera lærisveinum Patreks Jóhannessonar stóran greiða. Framarar voru yfir nær allan tímann gegn Eyjamönnum en misstu tókin á leiknum undir lokin. Bikarmeistarar ÍBV sóttu á, Sigurborgur Sveinsson jafnaði metin í 33-33, Aron Rafn Eðvarðsson varði

svo frá Arnari Birki Hálfánssyni og í lokasókninni skoraði Agnar Smári sigurmark Eyjamanna sem fögnuðu vel og innilega öðrum titlinum sem liðið vinnur í mánuðinum.

Í úrslitakeppninni mætir ÍBV ÍR sem steinlá fyrir Aftureldingu í gær, 43-21. Selfoss mætir Stjörnunni sem tapaði fyrir FH, 26-38.

FH-ingar mæta Aftureldingu í 8-liða úrslitunum, líkt og fyrir tveimur árum. Þá fóru Mosfellingar áfram.

Valur vann Hauka, 22-29, í úrslitaleik um 4. sætið. Valsmenn voru sterkari aðilinn í leiknum og tryggðu sér 4. sætið og heimavallarrett í einvíginu gegn Haukum. – ips



Eyjamenn fagna deildarmeistaratitlinum vel og innilega. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Nýjast

Olís-deild karla

Fram - ÍBV 33-34

Markahæstir: Arnar Birkir Hálfánsson 12, Andri Þór Helgason 8, Valdimar Sigurðsson 6 - Sigurborgur Sveinsson 12/4, Andri Heimir Friðriksson 6, Agnar Smári Jónsson 6, Kári Kristján Kristjánsson 4/2, Elliði Snær Viðarsson 3.

Selfoss - Víkingur 37-26

Markahæstir: Árni Steinn Steinþórsson 8, Haukur Prestarson 6, Teitur Örn Einarsson 6/1, Hergeir Grímsson 4, Atli Ávar Ingólfsson 3, Richard Sæþór Sigurðsson 3, Elvar Örn Jónsson 3 - Jón Hjálmarsson 7, Birgir Már Birgisson 7, Egídjús Mikalónis 4.

Stjarnan - FH 26-38

Markahæstir: Ari Magnús Þorgeirsson 5/1, Garðar B. Sigurjónsson 4, Leó Snær Pétursson 4, Birgir Steinn Jónsson 3 - Óðinn Þór Ríkharðsson 12, Einar Rafn Eðsson 11/1, Jóhann Birgir Ingvarsson 5, Ásbjörn Friðriksson 5/2.

Haukar - Valur 22-29

Markahæstir: Adam Haukur Baumruk 5, Hákon Daði Styrmissón 4/2, Atli Már Báruson 3, Jón Þorbjörn Jóhannsson 2, Heimir Óli Heimisson 2 - Magnús Óli Magnússon 11, Vignir Stefánsson 6, Anton Rúnarsson 4/1, Sveinn Aron Sveinsson 3.

Grótta - Fjölnir 30-35

Markahæstir: Gunnar Valdimar Johnsen 6, Sveinn Jose Rivera 5, Pétur Árni Hauksson 5/1, Júlíus Þórir Stefánsson 4 - Kristján Örn Kristjánsson 7, Sveinn Jóhannsson 7, Bjarki Lárusson 5, Brynjar Loftsson 5/1, Andri Berg Haraldsson 4/3, Sigfús Páll Sigfússon 3.

Afturelding - ÍR 43-21

Markahæstir: Gestur Ólafur Ingvarsson 7/1, Böðvar Páll Ásgeirsson 5, Pétur Júníusson 4, Kristinn Hrannar Bjarkason 4, Ernir Hrafn Arnarson 4/1, Gunnar Kristinn Þórsson 4 - Orri Freyr Þorkelsson 7/4.

Efri	Neðri	
ÍBV	34	Stjarnan 21
Selfoss	34	ÍR 18
Valur	34	Grótta 13
Haukar	29	Fjölnir 10
Afturelding	23	Víkingur 5

Domino's-deild kvenna

Keflavík - Haukar 90-70

Stigahæstar: Brittanny Dinkins 40/11 fráköst/6 stoðsendingar, Birna Valgerður Benónýsdóttir 15, Salbjörg Ragna Sævarsdóttir 9, Thelma Dis Ágústsdóttir 7/11 stoðsendingar - Helena Sverrisdóttir 21/8 fráköst, Ragnheiður Björk Einarsdóttir 15, Whitney Frazier 13/7 fráköst/6 stoðsendingar.

Valur - Snæfell 58-59

Stigahæstar: Aalyah Whiteside 20/14 fráköst, Elin Sóley Hrafnkelsdóttir 15/13 fráköst, Hallveig Jónsdóttir 13, Dagbjört Dögg Karlsdóttir 5/6 stoðsendingar - Kristen McCarthy 24/14 fráköst/7 stoðsendingar/6 stolnir, Alda Leif Jónsdóttir 11, Berglind Gunnarsdóttir 7, Rebekka Rán Karlsdóttir 7.

Skallagr. - Stjarnan 89-69

Stigahæstar: Carmen Tyson-Thomas 33/15 fráköst/8 stoðsendingar/5 stolnir, Sigrún Sjöfn Ámundadóttir 18/7 fráköst/6 stoðsendingar, Jóhanna Björk Sveinsdóttir 10 - Danielle Rodriguez 40/12 stoðsendingar/5 stolnir, María Lind Sigurðardóttir 10/8 fráköst.

Breiðablik - Njarðvík 59-77

Stigahæstar: Whitney Knight 24, Sóllilja Bjarnadóttir 9, Birgit Ósk Snorradóttir 9, Telma Lind Ásgeirsdóttir 9/5 stolnir - Shalonda Winton 31/17 fráköst/6 stoðsendingar, Ina María Einarsdóttir 13, Erna Freydis Traustadóttir 9, Hulda Bergsteinsdóttir 8/9 fráköst.

Efri	Neðri	
Haukar	40	Stjarnan 28
Keflavík	38	Snæfell 22
Valur	36	Breiðablik 22
Skallagrímur	28	Njarðvík 2



4 FYRIR 3 AF BORDSTOFUSTÓLUM*



20% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM HÆGINDASTÓLUM



PIER

Gildir 22. – 28. mars
Gildir ekki með öðrum tilboðum.

* Ekki er greitt fyrir vöruna með lægsta verði.

Smáratorgi 522 7860 • Korputorgi 522 7870 • Glerártorgi 522 7880 • Selfossi 522 7890

TÍMAMÓT

Merkisatburðir

1867 Borgarnes við Brákarpoll verður löggiltur verslunarstaður. Borgarnes hlýtur kaupstaðarréttindi 24. október 1987.

1924 Ríkisstjórn Jóns Magnússonar, sú þriðja undir forsæti hans, tekur við völdum. Hún situr þar til í júlí 1926.

1972 Í ljós kemur að Geirfugladrangur, vestur af Eldey, hafði hrúnið eða sokkið í sæ. Drangurinn, sem er grunnlínu-punktur landhelginna, var áður um tíu metra hár en kemur nú aðeins upp úr sjó á fjöru.

1982 Geimskutlan Columbia heldur í sína þriðju geimferð.

1986 Kvikmyndin Eins og skepnan deyr frumsýnd í Reykjavík.

1993 Intel setur fyrsta Pentium-örgjörvann á markað.

1995 Valerij Poljakov snýr aftur til jarðar eftir að hafa dvalið 438 daga í geimnum.

1996 Fyrsti tölvuleikurinn í leikjaröðinni Resident Evil kemur út í Japan.



Innilegar þakkir og hlýhugur til allra sem sýndu okkur samúð, vináttu og hlýju vegna andláts og útfarar ástkærrar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

Önnu Hjörleifsdóttir

Sérstakar þakkir fær starfsfólk á Grund fyrir alveg sérstaklega faglega og kærleiksrika umönnun.

Sigdís Sigmundsdóttir
Hjórdís Sigmundsdóttir
Benedikt Sigmundsson
Lárus Sigmundsson

Kristinn Waagfjörð
Erna Þórunn Árnadóttir

Þóra Arnheiður Sigmundsd.

Jóhannes Oddsson

barnabörn og barnabarnabörn.



Hjartans þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför elskulegrar eiginkonu minnar, móður, tengdamóður, ömmu og langömmu,

Betu Einarsdóttir

Langholtsvegi 39.

Sérstakar þakkir til starfsfólks 5. hæðar á Skjólí fyrir góða umönnun og hlýju.

Fjalarr Sigurjónsson

Anna Fjalarsdóttir
Máni Fjalarsson

Gisli Skúlason
Anna Einarsdóttir

barnabörn og langömmubörn.



Skúli Sveinsson

frá Hvannstöði,

er lést 4. mars að heimili sínu, Borg, Borgarfirði eystra, verður jarðsungið frá Bakkagerðiskirkju laugardaginn 24. mars kl. 14.00.

Systkinin frá Hvannstöði.



Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Björn Hermannsson

fyrirverandi tollstjóri,
Hliðarhúsum 3-5,
áður Álftamýri 39,

lést þriðjudaginn 13. mars. Útförin fer fram frá Háteigskirkju þriðjudaginn 27. mars kl. 13.00.

Ragna Þorleifsdóttir

Þóra Björnsdóttir
Gústaf Adolf Björnsson
Hermann Björnsson
Jónas Björnsson

Jón H.B. Snorrason
Guðrún Gunnarsdóttir
Eiríka Ásgrímsdóttir
María Markúsdóttir
Hlín Brynjólfssdóttir

barnabörn og barnabarnabörn.



Grínistinn Rökkvi Vésteinsson er fertugur í dag en er ekki beint hoppandi kátur með þennan merkilega áfanga.

Alltaf verið að minna hann á hækkingu aldurinn

Grínistinn Rökkvi Vésteinsson er fertugur í dag. Hann ætlar ekki að halda upp á afmælið í dag enda er hann ekki mikið afmælisbarn. Hann ætlar þó að halda uppistand um helgina í staðinn þar sem hann mun meðal annars fjalla um tímamótin sem hann stendur á.

S kemmtikrafturinn og uppistandarinn Rökkvi Vésteinsson fagnar 40 ára afmæli í dag. Hann er ekki mikið afmælisbarn að eigin sögn og ætlar ekki að halda upp á stórafmælið.

„Nei, ég ákvað að gera það ekki, ég ætla frekar að reyna að gleyma því að ég sé orðinn svona gamall,“ segir Rökkvi og hlær þegar hann er spurður út í hvort hann ætli ekki að halda afmælisveislu í tilefni dagsins. „Ég meina, ef bill myndi keyra yfir mig í dag þá myndi koma frétt um að maður á fimmtugsaldri hefði látist. Hugsaðu þér.“

Rökkvi ætlar þó að halda uppistand undir yfirskriftinni Fertugur gamall fauskur reynir að vera myndinn á laugardaginn sem hann segir vera hálfgerð afmælisuppistand. Í uppistandinu mun



Ég ætla frekar að reyna að gleyma því að ég sé orðinn svona gamall.

hann koma inn á hræðslu sína við aldurinn. „Ég verð með uppistand á Akranesi á laugardaginn í Dularfullu búðinni, það má segja að ég sé þínu að halda upp á hvað ég er orðinn gamall með því. Ég ætla meðal annars að segja frá því þegar maður fær að finnast maður gamall fyrst. Það var þegar maður fór að horfa á eftir einhverjum sætum gellum en þær voru allar að ýta á undan sér barnavögnum. Og það eru 20 ár síðan, og þetta verður alltaf verra og verra,“ segir Rökkvi og hlær.

„Svo eru núna að koma til mín einhverjir fullorðnir menn og segjast hafa verið aðdáendur einhvers sem ég gerði þegar þeir voru krakkar. Það er alltaf verið að minna mann á aldurinn.“

Spurður út í hvort hann hafi alltaf verið svona hræddur við aldurinn segir Rökkvi: „Ég held að maður reyni bara að hugsa sem minnst út í það. En þegar maður er fertugur grínisti þá fer maður að hugsa með sér hvort maður ætti ekki að fara að hegða sér eins og maður.“

Rökkvi er minna spenntur fyrir þessum tímamótum sem hann stendur á og meira spenntur fyrir helginni. „Akranes er í miklu uppáhaldi hjá mér, Skagarmenn hlæja nefnilega bara að öllu, líka hlutum sem flestir myndu bara hneykslast á,“ segir hann kiminn.

gudnyhronn@frettabladid.is

ÞETTA GERÐIST 22. MARS, 1948

Atómstöðin eftir Halldór Laxness kom út og seldist upp

Á þessum degi fyrir 70 árum kom út skáldsagan Atómstöðin eftir Halldór Laxness. Hún seldist upp hjá forlaginu samdægurs. Bókin, sem er ein af 14 skáldsögum sem Halldór gaf út, segir frá bøndadótturinni Uglu að norðan sem kemur til Reykjavíkur til að læra á orgel. Hún ræður sig í vist hjá þingmanninum og heildsalanum Búa Árland og lærir hjá Organistanum.

Atómstöðin var mjög umdeild við útgáfu enda snerti hún á mörgum hitamálum samfélagsins. Halldór sjálfur lýsti Atómstöðinni sem innleggi „inn í pólitískt hitamál“.

Þann 7. ágúst árið 1949 var skrifað um bókina í Alþýðublaðið. Þar sagði meðal annars: „Atómstöðin er misheppnaðasta skáldsaga Halldórs Kiljans Laxness. Eina persóna

bókarinnar, sem höfundurinn leggur sig fram við að lýsa og metur einhvers er burgeisinn og „landsölumaðurinn“ Búi Árland. Kristinn E. Andrésson og „bókmenntafræðingarnir“ Bjarni Benediktsson frá Hofteigi og Magnús Kjartansson myndu áreiðanlega forðama jafn borgaralega skáldsögu og Atómstöðina, ef höfundurinn væri ekki kjósandi kommúnistaflokksins og einlægur aðdáandi rússnesku kúgunarinnar.“

Árið 1984 var gefin út kvikmynd eftir Atómstöðinni. Leikstjóri var Þorsteinn Jónsson og með aðalhlutverk fóru þau Tinna Gunnlaugsdóttir og Gunnar Eyjólfsson. Kvikmyndin Atómstöðin var sýnd á fjölmörgum kvikmyndahátíðum erlendis, meðal annars Cannes International Film Festival.





FIMMTUDAGUR 22. MARS 2018

Tíska

Rokkaður stíll og áberandi skart

Brynhildur Oddsdóttir, söngkona og gítarleikari, er hrifin af götustíl og klæðist gjarnan gallabuxum, leðurjakka og grófum skóm. Hún spáir mikið í hverju hún klæðist þegar hún kemur fram og þá verða svört föt helst fyrir valinu. ➔2



Erna Einarsdóttir, yfirhönnuður hjá Geysi, hlaut á dögunum hönnunarverðlaun Grapevine fyrir haust- og vetrarlínuna 2017 sem heitir Skugga-Sveinn. ➔4

Rauði gervipelsinn og svörtu buxurnar frá Freddy's eru í miklu upphaldi hjá Brynhildi. MYND/EYÐÓR



CASUAL & KÓSÝ Í PÁSKAFRÍÐ

Fallegt, fágæð og töff!

comma,
SMÁRALIND

Sigríður Inga
Sigurðardóttir
sigriduringa@frettabladid.is



Framhald af forsiðu →

Brynildur Oddsdóttir, söngkona og gítarleikari hljómsveitarinnar Beebee and the Bluebirds, hefur í nógu að snúast þessa dagana. Hljómsveitin gaf nýlega út sína aðra plötu, *Out of the dark*, sem hefur fengið afar góðar viðtökur. „Á föstudaginn höldum við tónleika á Græna hattinum á Akureyri. Við erum mest komin út í rokktonlist en í grunn-

inn er Beebee and the Bluebirds blús-, rokk- og sálarband,“ segir Brynhildur.

Hljómsveitin hefur komið víða við og spilað á tónlistarhátíðum á borð við Icelandic Airwaves, Blús-hátíð Reykjavíkur, Drangey Music Festival, auk hátíða erlendis. Brynhildur segir spennandi tíma fram undan hjá sveitinni og stefnan er að spila á tónlistarhátíðum í sumar.

Spáir þú í hverju þú klæðist þegar þú kemur fram? „Já, algjörlega. Ég er mest í rokkúðu lúkki og þá helst fötum úr leðri eða með kögri. Ég er mikið í svörtum fötum eða



Flott föt,
fyrir flottar konur

Stærðir 33-53

Verstunin Belladonna



belladonna

Skeifunni 8 • 108 Reykjavík • Sími: 517 6460 • www.belladonna.is

CHANEL



CHANEL-kynning í Sigurboganum
21.-24. mars

Við kynnum nýja farðann frá Chanel, **Le Teint Ultra**.

Ný kynslóð af farða sem gefur góða þekju, er mjög léttur og endist frá morgni til kvölds.

Einnig kynnum við nýja ilminn **Rouge Coco Intense** og varalitinn **Rouge Coco Lip Blush** sem hægt er að nota bæði á varir og kinnar.

Gréta Boða verður á staðnum og veitir faglega ráðgjöf.



LAUGAVEGI 80 ■ TEL: 561 1330 ■ WWW.SIGURBOGINN.IS



Brynhildur klæðist gjarnan svörtum fötum og leðurjakka þegar hún spilar á tónleikum. MYND/EYÞÓR

glans. Stundum er ég með áberandi skartgrip til að poppa upp lúkkið. Ég held að heildarsvipurinn skipti máli og sé í samræmi við hvað maður gerir. Ég fylgi ekki algjörlega nýjustu tiskustraumum heldur vil frekar skapa minn eigin stíl.“

Hvernig myndir þú lýsa þínum fatastíl? „Mér finnst gaman að vera í götustíl, t.d. svörtum buxum eða gallabuxum, leðurjakka og Dr. Martens skónum mínum. Svo er skemmtilegt að poppa þennan stíl upp og gera hann aðeins meira fansí með því að klæðast töff gervifeldi yfir. Dagsdaglega klæði ég mig gjarnan á þennan hátt og svo finnst mér gervifeldurinn gera mig aðeins finni.“

Hvar kaupir þú föt? „Hér og þar. Ég kaup föt sem mér finnst falleg og það skiptir mig ekki máli úr hvaða búð þau eru. Ég fer oft í second-hand búðir og á fatamarkaði. Ég kaupi helst skó frá góðu merki, mér finnst mikilvægt að eiga góða skó.“

Finnst þér skemmtilegt að kaupa föt? „Já, alltof gaman. Sem dæmi þá á ég allt of mikið af jökkum. Ég held ég sé með jakkablæti. Það er rosalegt. Ég er nýbúin að kaupa mér tvo gervipelsa þótt ég eigi skrilljón jakka. Falleg yfirhöfn setur líka punktinn yfir i-ið, ekki síst í köldu



Brynhildur er hrifin af götustíl og fötum í felulitum. MYND/EYÞÓR

veðri. Mér hefur líka alltaf þótt gaman að kaupa mér skó.“

Hvaða litum klæðist þú helst? „Svörtum og síðan er gaman að hafa einhvern lit með sem sker sig úr, t.d. rauðan. Ég er líka mikið fyrir föt í felulitum og á jakka, kjóla og buxur með þannig mynstri.“

Áttu þér uppáhalds fataverslun?

„Ég fer bara inn í þá búð sem er með falleg föt í útstillingarglugganum. Mér finnst Gyllti kötturinn flott búð og Spútnik líka.“

Áttu uppáhaldsskó? „Dr. Martens

skórnir mínir eru í algjöru uppáhaldi hjá mér. Ég fer varla úr þeim.“

Notar þú fylgihluti? „Já, ég er mikið fyrir hálsmen, helst stór og áberandi. Mér finnst þau þurfa að vera með, ekki sist ef ég er í látlausum fötum.“

Bestu fatakaupin? „Tvímælalaust tveir jakkar sem ég fékk á klink úti í Bandaríkjunum.“

Áttu flik sem þú getur ekki verið án? „Svörtu buxurnar mínar frá Freddy's. Þær eru algjörlega ómissandi í minn fataskáp.“

Fólk er kynningarbláð sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í forni viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnar-efni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: Ábyrgðarmaður: Elmar Hallgríms Hallgrímsson

Umsjónarmenn efnis: Elin Albertsdóttir, elin@frettabladid.is, s. 512 5349 | Ragnheiður Tryggvadóttir, heida@frettabladid.is, s. 512 5367 | Oddur Freyr Þorsteinsson, oddurfreyr@frettabladid.is, s. 512 5368 | Sigríður Inga Sigurðardóttir, sigriduringa@frettabladid.is, s. 512 5372 | Starri Freyr Jónsson, starri@frettabladid.is, s. 512 5358 | Þórdís Lilja Gunnarsdóttir, thordisg@frettabladid.is, s. 512 5338

Sölu menn: Atli Bergmann, atli@frettabladid.is, s. 512 5457 | Jón Ívar Vilhelmsson, jonivar@frettabladid.is, s. 512 5429 | Ólafur H. Hákonarson, olafurh@frettabladid.is, s. 512 5433 | Máté Dalmy, mate@frettabladid.is, s. 512 5442,



hjá
Hrafnhildi

Engjateigi 5 // 581 2141 // hjahrafnhildi.is



SUNDFÖT 2018

Selena

Bláu húsin v/ Faxafen • www.selena.is • 553 7355

Smart föt,
fyrir smart konur

Stærðir 38-58

Verslunin Belladonna



belladonna

Skeifunni 8 • 108 Reykjavík • Sími: 517 6460 • www.belladonna.is

Kanína
5.495Egg
2.795Eggjabíkar
1.495Skál
1.495Munnþurrka
695Litill diskur
1.495Stór diskur
2.295Dúkur
8.995

Nýjar vörur

Opíð til kl. 21 í kvöld

KRINGLUNNI | 588 2300

INDISKA



Prjónaefni og þá helst íslensk ull og mynstur úr íslenskri ullarhefð eru áberandi í hönnun Ernu Einarsdóttur fyrir Geysi. MYND/ELISABETH TOLL Í SAMSTARFI VIÐ EINAR HJÁ E&CO

Þægilegur Skugga-Sveinn

Erna Einarsdóttir, yfirhönnuður hjá Geysi, hlaut á dögunum hönnunarverðlaun Grapevine fyrir haust og vetrarlínuna 2017 sem heitir Skugga-Sveinn. Erna hefur starfað hjá Geysi frá 2012 en var áður hjá tiskuhúsi YSL í París.

Brynhildur
Björnsdóttir

brynhildur@frettabladid.is



Erna lærði fatahönnun í hollenska lista- og hönnunarháskólanum Gerrit Rietveld Academie og Central Saint Martins í London þáðan sem hún útskrifaðist árið 2012 með starfstilboð frá tiskuhúsi Yves Saint Laurent upp á vasann en aðaláhersla hennar á lokasýningu skólans var flikur úr prjónaefni. Þar starfaði hún með Hedi Slimane sem þá var nýráðinn yfirhönnuður tiskuhússins. „Svo varð ég ólétt og flutti heim.“ segir Erna hlæjandi. „Á meðan ég var í fæðingarorlofi átti ég í samtali við eigendur Geysis sem lauk með því að ég tók að mér að byggja upp Geysisvörumerkið og vera yfirhönnuður. Skugga-Sveinn er línun okkar fyrir haust og vetur 2017 og það er sú lína sem er að fá verðlaun.“

Aðspurð um innblástur að verðlaunalinunni segir Erna hann koma úr ýmsum áttum. „Upphaflega var ég mikið að skoða málverk eftir Guðmundu Andrésdóttur en svo fékk ég ábendingu um að leiktjöld eftir Sigurð málara frá sýningu Þjóðleikhússins á Skugga-Sveini væru til sýnis í Þjóðminjasafninu og ég fór að skoða þau og þetta tvennt varð mér innblástur að Skugga-Sveinsfatalinunni.“

Hún segist hanna fyrst og fremst á konur fyrir Geysi. „Vörumerkið sem við höfum byggt upp í nokkrum ullarflikum hjá Geysi er fyrst og fremst kvenlína og áherslan er mest á prjónið.“ segir Erna. „Fyrst vorum við mest í íslensku ullinni en höfum svo skoðað ýmiss konar efni og erum að bæta við efnunum og saumunum flikum. Við höfum gert stöku karlmannaflíkur og ég hef



Erna Einarsdóttir fatahönnuður í peysu úr Skugga-Sveinsfatalinunni en rauði, blái og hvítu liturinn er eitt af einkennum línunnar.

MYND/STEFÁN KARLSSON

svo stundum stolist til að skjóta inn nokkrum barnaflíkur með fram, aðallega göllum og peysum.“

Hún segir samt aðaláhersluna vera á Geysisikonuna. „Hún er borgarkona en með sterka tengingu við íslenska arfleifð í litum og mynstrum.“ segir Erna. „Við förum ekki eftir tiskustraumum heldur viljum að þetta séu vandaðar og sígildar flikur sem hægt er að eiga í skápnum lengi.“ segir Erna en viðurkennir að hún fái stundum að sletta úr klaufunum. „Við viljum bæði hafa þessar klassísku línur en hafa líka spennandi föt sem krydda línuna. Þannig að þetta eru ekki bara praktískir rúllukragabolir heldur fæ ég stöku sinnum að leika mér.“

Hún segir að Grapevine viðurkenningin skipti sig miklu máli. „Við búum í landi þar sem er ekki

UMSÖGN DÓMNEFNDAR GRAPEVINE UM SKUGGA-SVEIN:

Sterk litapallettan samanstendur af dumbrauðum, dökkbláum og hvítum og áherslan er á aðsníðna hálfslíða kjóla og víðar ullarpeysur þar sem saman fara stórir litafletir og breiðar rendur sem gefa bæði nútímalegt yfirbragð og eru með Norðurlandablæ. Helstu höfundar-einkenni Geysislínunnar leyndu sér ekki, einföld og skýr hönnun úr gæðaeftum, flikur sem eru bæði þægilegar og klæðilegar og hugmyndin er öll vel unnin, bæði hvað varðar útlit, kynningu og markaðssetningu. Allt fer fullkomlega saman.

auðvelt fyrir fatahönnuð að búa til vörumerki og halda því úti og það skiptir máli að hafa einhvern þétt við bakið á sér. Það er gott að vita að maður er að gera eitthvað rétt og einhver sér það, tekur eftir því, skilur og sýnir áhuga. Persónulega er þetta mjög mikil hvatning fyrir mig.“

Geysislínun hefur fest sig vel í sessi á Íslandi og margir velta fyrir sér hvort það sé útrás í kortunum. Erna segir að þau fari mjög varlega í það enda hafi uppbygging merkisins gengið fyrir. „Við höfum aðeins þreifað fyrir okkur í Kaupmannahöfn en það er klárlega næsta verkefni hjá okkur að skoða þetta nú þegar við erum búin að staðsetja okkur vel á þessum markaði. Það er ekki auðvelt að halda fjölbreytni og metnaði á svona litlum markaði eins og Ísland er og því stærri sem við erum, því meiri fjölbreytni getum við boðið.“

LANCÔME

PARIS



NÝTT
NÝR HYLJARI
MEÐ MIKLA
ÞEKJU

LANCÔME
TEINT
IDOLE
ULTRA
WEAR
CAMOUFLAGE

LANCÔME
TEINT
IDOLE
ULTRA
WEAR

FLJÓTANDI
FARÐI
VINSÆLI FARÐINN Í
10 LITUM.

NÝTT
ÞÆGILEGUR
STIFTFARÐI SEM
GEFUR ÞETTA OG
ENDINGARGÓÐA
FLAUELSAFERÐ



FIND YOUR SHADE.
FIND YOUR POWER.

TEINT IDOLE ULTRA WEAR

CONCEALER MEÐ MIKLA ÞEKJU - ALHLIÐA STIFTFARÐI, SEM GEFUR ÞÆGILEGA, NÁTTÚRULEGA EN SAMT ÞEKJANDI OG ENDINGARGÓÐA FLAUELSMJÚKA ÁFERÐ SEM ENDIST ALLAN DAGINN.

LANCÔME KYNNING

Í LYFJUM & HEILSU KRINGLU

FIMMTUDAG TIL SUNNUDAGS, 22. – 25. MARS

Vertu velcomin á kynninguna og fáðu sýnishorn af dagkremlum, næturkremlum og farða meðan birgðir endast.



20%

AFSLÁTTUR

AF ÖLLUM LANCÔME VÖRUM

ERTU TILBÚIN Á STEFNUMÓT MEÐ MONSIEUR BIG?



MONSIEUR BIG maskarinn þykkir allt að 12X, hefur mjúka áferð og allt að 24 tíma endingu.

„MUST-HAVE“ Á STEFNUMÓTI VIÐ MONSIEUR BIG:

MONSIEUR BIG MARKER svartur eyeliner með tvískiptan sveigðan odd sem er fullkominn til að gera breiða djarfa línu eða mjög nákvæma fína línu.

MONSIEUR BIG BROWS skrúfblýantur sem ekki þarf að ydda ásamt bursta. Augnabránaliturinn er með kremaða, púðraða, mjúka áferð, fljótlegur og auðveldur í notkun.



GLÆSILEGUR KAUPAUKI ÞEGAR ÞÚ KAUPIR LANCÔME VÖRUR FYRIR 8.900 EÐA MEIRA.

Glæsilegur



Verð 39.900 kr.
Stærð 38-46

Kíkið á myndir og verð á Facebook

BLACK PEPPER

FASHION

Laugavegi 178 | Sími 555 1516

Opið: Virkir dagar 11-18 | Laugardagar 11-15

Með betri
buxum í bænum
Robell buxur



Kr. 12.900.-

Kr. 7.900.-

Str. 36-52
Fleiri litir

Ríta

Við erum á Facebook

Bæjarlind 6 • S. 554 7030



Hönnuðurinn vildi blóm og hamingju í hönnun sína.



Brjóstahaldarann burt og hálsmálið er V-laga og nær nánast niður á mitti.

Axlirnar verða breiðar á ný

Hönnuðurinn Anthony Vaccarello sem stýrir Saint Laurent tískuhúsinu í París þykir hafa snúið til fortíðar í hönnun sinni fyrir haust og vetur 2018-2019. Breiðar axlir á jökkum eru áberandi, ekki ósvipað og voru í tísku fyrir 30 árum.

Saint Laurent sýndi haust- og vetrartískuna í París fyrir stuttu. Mynstruð efni, breiðar axlir, mjög stutt dress og ökklahá leðurstígvél voru einkennandi. Sýningin þótti kynþokkafull en henni lauk með blikkandi ljósum og glitrandi Eiffeltorni í baksýn. Stígvélin voru mest áberandi ásamt þessum miklu öxlum á jökkunum. Þá þóttu V-hálsfél sem náðu helst niður á nafla geta ýtt undir nýtt tískuútlit. Til að klæðast slíkum fatnaði þarf að henda brjóstahöldum.

Sjálfur segist hönnuðurinn hafa viljað koma blómum og hamingju aftur á kortið. „Eitthvað fallett fyrir augað. Á milli blómajakka úr flaueli komu svartir síðkjólar með mjög svo óvenjulegu hálsmáli. Svart leður var nokkuð áberandi og það er greinilegt að skóbotnarnir eru að hækka. Stuttbuxur úr svörtu leðri gætu orðið sparifatnaður í haust, ef tíska Vaccarellos nær fram að ganga.

Anthony Vaccarello er ítalsk/belgískur tískuhönnuður sem vakti mikla athygli þegar hann var ráðinn stjórnandi hjá Saint Laurent. Hann fæddist í Brussel árið 1982, einkabarn foreldra sinna sem eru ítalskir. Vaccarello hafði lokið fyrsta ári í laganámi þegar hann sneri við blaðinu og fór í myndlistarnám. Þar vaknaði áhugi hans á fatahönnun og aftur skipti hann um námsbraut. Hann útskrifaðist árið 2006 með miklum glans. Vaccarello starfaði í tvö ár undir stjórn Karls Lagerfeld hjá Fendi. Hann sneri síðan til Parísar og hefur hannað fyrir stjórnur á borð við Jennifer Lopez, Miley Cyrus, Gwyneth Paltrow og Alessöndru Ambrosio. Hann starfaði um tíma hjá Versace áður en hann hóf störf hjá Saint Laurent París.



FRÉTTABLAÐIÐ.IS

Stendur undir nafni



FRÉTTABLAÐIÐ



FRÉTTABLAÐIÐ APP



FRÉTTABLAÐIÐ.IS

Norðurland

FIMMTUDAGUR 22. MARS 2018





Edda Sól Jakobsdóttir er frá Grindavík en ákvað að ganga menntaveginum á Akureyri og er mjög ánægð með þá ákvörðun.

SUNDLAUG AKUREYRAR
Vatnaveröld fjölskyldunnar

Opið á skírdag, föstudaginn langa, laugardag og páskadag 9.00-19.00. Annar í páskum opið 9.00-18.30.

Sundlaug Akureyrar
Sími: 461 4455

www.visitakureyri.is

Frábær tækifæri hjá MA á Akureyri

Leikfélag Menntaskólans á Akureyri verður með síðustu sýningu á LoveStar eftir Andra Snæ Magnason í Hofi í kvöld. Edda Sól Jakobsdóttir leikur eitt aðalhlutverkið.

Elin Albertsdóttir
elin@frettabladid.is



Leikfélagið vakti mikla athygli í fyrra fyrir uppfærslu sína á söngleiknum Anný en Edda Sól lék einnig í því verki. LoveStar er söngleikjagerð vísindaskáldsögu eftir Andra Snæ sem Einar Aðalsteinsson leikstýrir. Edda er á lokaári í Menntaskólanum á Akureyri og útskrifast í vor. „Stjórnlíkaleikfélagsins ákvað að setja þetta verk upp í samráði við leikstjóran. Við breyttum handritinu töluvert og gerðum verkið að söngleik. Andri Snær var mjög opin fyrir því að við gerðum það sem við vildum með verkið, breyttum til dæmis karlahlutverkum í kvenhlutverk og öfugt. Við frumsýndum 9. mars við mjög góðar undirtektir gesta í Hofi. Þetta er búið að vera frábært ferli og æðislegt tækifæri fyrir okkur í menntaskólanum að koma fram í Hofi sem er meiriháttar salur. Auk þess er leikritið skemmtilegt og við leikendur höfum skemmt okkur vel,“ segir Edda Sól.

Andri Snær kom á frumsýningu verksins og Edda segir að hann hafi verið mjög sáttur. „Það var æðislegt að hitta Andra og rabba við hann. Það var líka gaman hvað hann var ánægður með sýninguna,“ segir Edda.



Úr sýningunni LoveStar eftir Andra Snæ Magnason. Þarna er Edda í hlutverki sínu.

Um fimmtán manns koma fram í sýningunni, leikarar, dansarar og kór. „Það er mikill áhugi á leiklistarfélaginu í skólanum. Margir nemendur koma í prufur. Ég er búið að vera í leikfélaginu öll árin mín hér og þar sem þetta er síðasta árið mitt er ekki leiðinlegt að enda á svona flottri sýningu,“ segir Edda sem stefnir á fjölmiðlafræði í Háskólanum á Akureyri næsta ár. „Þrátt fyrir leiklistaráhugann langar mig meira í fjölmiðlafræði,“ segir hún. „Ég hef líka mikinn áhuga á framkomu og hef lært margt um hana í leiklistinni. Leiklistin kemur alltaf að góðum notum og ég vonast til að halda áfram í áhugamanna-leikhúsi.“

Nemendur útskriftarþekkingar fóru í útskriftarferð til Króatíu á síðasta

ári. „Hefð er fyrir því að fara í ferðalag á þriðja ári en það mun væntanlega breytast þegar menntaskólinn stytst í þrjú ár. Þetta eru búin að vera fjögur góð ár á Akureyri og margt að gerast. Ég hef eignast fullt af vinum og liður vel hérna.“

Edda Sól er Grindvikingur en ákvað að fara til Akureyrar í menntaskóla. „Heimavistin gerði mér kleift að vera hér í námi. Ég sé alls ekki eftir að hafa valið þennan skóla. Ég hef fengið fullt af góðum tækifærum í leiklistinni, ég er ritstjóri skólablaðsins og hef verið í skemmtinefnd. Það hefur því verið nóg að gera og mjög skemmtilegur tími. Mér finnst góð tilbreyting að prófa að búa annars staðar á landinu. Ég sé líka betur hvað foreldrar mínir gera mikið fyrir mig.“

HALLÓ PÁSKAR!

Allt um viðburði í bænum á
www.visitakureyri.is



Jónas Sig
og Ritvélar framtíðarinnar



Baraflokkurinn ásamt Lost




Sóli Hólm uppistand

U2 Heiðurstónleikar



Matteusarpassián



Pálmi Gunnarsson



Komdu
nordur!

Grease tónleikar



Sjeikspír eins
og hann leggur sig

HAM



Galdrakarlinn í OZ



Beebee and the Bluebirds
ásamt Lucy in Blue



Iceland
Winter
Games



Iceland Winter Games
23.-25. mars

Pálmi Gunnarsson
24. mars í Hofi

Matteusarpassián
Skírdag 29. mars í Hofi

Beebee and the Bluebirds
ásamt Lucy in Blue
23.mars á Græna Hattinum

Sjeikspír eins og hann leggur sig
23. og 31. mars í Samkomuhúsinu

Sóli Hólm uppistand
30. mars á Græna hattinum

Grease tónleikar
23. mars í Hofi

HAM
28. mars á Græna hattinum

Galdrakarlinn í OZ
– Leikhópurinn Lotta
31. mars & 2. apríl í Hofi

U2 Heiðurstónleikar
24.mars á Græna Hattinum

Baraflokkurinn ásamt Lost
29. mars á Græna hattinum

Jónas Sig og Ritvélar framtíðarinnar
31. mars & 1. apríl á Græna hattinum

#hallópáskar



Tækifærin eru til staðar á Norðurlandi

Tveir þingmenn Norðausturkjördæmis eru sam-mála um að allar forsendur séu fyrir góðu mannlífi og öfluggu atvinnulífi á næstu árum á Norðurlandi.

Starri Freyr
Jónsson

starri@frettabladid.is



Anna Kolbrún Árnadóttir settist á þing fyrir Miðflokkinn á síðasta ári en hún hefur búið á Akureyri stærstan hluta ævi sinnar. Hún segir helstu styrkleika Norðurlands liggja m.a. í frjóu mannlífi auk þess sem þau séu svo lánsöm að hafa góða skóla á öllum skólastigum sem styðji hverjir aðra bæði í formlegu og óformlegu samstarfi. „Þetta samstarf leiðir svo af sér góða tengingu við atvinnulíf, menningu, ferðamennsku og margt fleira.“

Hún sér fyrir sér góðan vöxt á svæðinu næsta áratuginn en þar þurfi þó allir hagaðilar að vinna áfram saman og móta sameigin-



Anna Kolbrún
Árnadóttir,
þingkona Mið-
flokksins.

MYND/ERNIR

lega stefnu þannig að svæðið nái sem bestri stöðu. „Mér finnst mest spennandi að þróa svæðið þannig að vel verði staðið að fjölskyldum og að við tökum utan um einstaklinga frá vöggu til grafar. Að allir njóti aðstoðar þurfi þeir á henni að halda og að einstaklingar upplifi sig sem hluta af heild. Ég vil gjarna sjá fleiri fyrirtæki á svæðinu með fjölbreytta starfsemi og samhliða því vil ég sjá aukna nýsköpun sem laðar þá að fleiri til þess að búa hér og heldur vonandi í alla þá sem annars myndu flytja burt. Það finnst mér mest spennandi og jafnframt töluverð áskorun.“

Hún segir Norðlendinga með eindæmum hjálpsamt fólk. „Ef einhver festir sig t.d. í skafli á bílnum þá eru um leið komnir allavega tveir eða þrír jeppar til að draga viðkomandi af stað. Þetta sést sjaldan á höfuðborgarsvæðinu er ég viss um.“

Aðspurð hvort hún geti nefnt

nokkrar faldar perlor sem islenskir ferðalangar ættu að kynna sér segist hún ekki beint vilja auglýsa þær. „En ætli það sé ekki auðvelt að benda á öll litlu söfnin sem eru á Norðurlandi. Eins er hægt að velja að pakka nesti og fara í sveitaferð, svo eru ýmiss konar kaffihús og veitingastaðir sem öll hafa sína sérstöðu.“

Háskólinn í lykilhlutverki

Njáll Trausti Friðbertsson hóf formlega afskipti af bæjarmálum á Akureyri árið 2010 sem varabæjarfulltrúi og fjórum árum síðar sem bæjarfulltrúi. Hann settist á þing árið 2016 fyrir Sjálfstæðisflokkinn og segir stóra málið vera uppbyggingu meginflutningskerfis raforku á Norðurlandi. „Sú ótrúlega staða sem komin er upp hér á Norðurlandi í þessum málaflokki er með hreinum ólíkindum. Lélegt dreifikerfi hefur haft afar slæm áhrif á atvinnuuppbyggingu á svæðinu undanfarinn



Njáll Trausti
Friðbertsson,
þingmaður
Sjálfstæðis-
flokks.

MYND/AUÐUNN

áratug og það þarf að laga strax.“

Aðspurður um helstu styrkleika Norðurlands nefnir hann fyrst Háskólann á Akureyri sem gegni lykilhlutverki í framþróun svæðisins og um leið mikilvægu hlutverki á landsbyggðinni. „Hlutverk skólans nú þegar við förum inn í fjórðu iðnbylt-inguna verður stórt og mikilvægt og vonandi tekst að byggja upp frekara nám sem snýr að tækni og raungreinum á næstu misserum. Okkar góðu framhaldsskólar gegna líka stóru hlutverki í þessu samhengi.“

Hann nefnir einnig ferðapjónustuna sem hefur styrkst ásamt öllum innviðum hennar. „Við erum að sjá mun fjölbreyttari þjónustu við ferðamenn en áður og það hefur gefist vel. Menningarlífið hefur einnig verið öflugt á svæðinu og er mikil gróska á þeim vettvangi.“

Allar forsendur eru fyrir hendi fyrir góðu mannlífi og öfluggu atvinnulífi á næstu árum á Norður-

landi segir Njáll. „Það eru gríðarlega miklir möguleikar í uppbyggingu ferðapjónustunnar á svæðinu og þá gegna góðar samgöngur inn á svæðið lykilhlutverki og þá sérstaklega ef það á að nást árangur við að byggja upp heilsársferðapjónustu á svæðum sem eru lengst frá Keflavíkurlflugvelli. Það er gaman að fylgjast með öflugri uppbyggingu ferðapjónustunnar hér á Norðurlandi með fjölbreyttu úrvali afþreyingar fyrir ferðamenn.“

Hann nefnir nokkrar náttúru-perlur sem hann hvetur Íslendinga til að skoða á ferð sinni um Norðurland. „Þar má m.a. nefna Flateyjardal, Grímsey, Fjórðurnar og Laxárdal. Ekki má síðan gleyma norðausturhorni landsins sem mig grunar að margir Íslendingar hafi ekki kynnt sér, t.d. Melrakkaslétta og Þistilfjörð. Það er af nógu að taka og fjölbreytileiki svæðisins til ferðalaga er mikill.“

Lifa
borða
njóta

aurora
CAFE • BAR • GRILL

AKUREYRI
Icelandair Hotels

Lífsins lystisemdir bíða þín á Icelandair hótél Akureyri. Njóttu góðrar hvíldar í björtu herbergi með fallegu útsýni yfir bæinn og gómsætrar máltíðar á glæsilega veitingahúsinu okkar, Aurora Restaurant.

Við tökum vel á móti þér!

Icelandair Hotels

www.icelandairhotels.com



BJÓRBÖÐIN

• S P A •



Iceland's very first beer spa opened in June 2017. Bjórböðin SPA is located in Árskógssandur in the north of Iceland. There you will soak away the stress of modern life by relaxing in a bath of warm beer.

All the tubs also have a draft beer tap alongside so that visitors aged 20 and over can help themselves to a cold one while they bathe.

We also have outside tubs with amazing views and a restaurant with beer related food.

To book you can visit our website www.bjorbodin.is or by email bjorbodin@bjorbodin.is

Bruggsmidjan Kaldi is located 100 meters from the Spa. You can have a walk through the brewery, hear the story and you get to taste our variation of beers.

The tour takes about 45-60 minutes.

bruggsmidjan@bruggsmidjan.is
or tel **466 2505**.



Bjórböðin ehf. | Ægisgata | 621 Árskógssandi

www.bjorbodin.is



Eimskips gámostökkið er stærsti viðburður hátíðarinnar. MYND/ERLENDUR ÞÓR MAGNÚSSON

Einstök snjóþretta- og tónlistarhátíð á Akureyri

Dagana 5.-8. apríl verður snjóþretta- og tónlistarhátíðin AK Extreme haldin á Akureyri. Hátíðin er reglulegur gestur sem býður upp á frábæra skemmtun fyrir alla aldurshópa og setur fjörlegan brag á bæinn.

Oddur Freyr Þorsteinsson
oddurfreyr@frettabladid.is



AK Extreme er snjóþretta- og tónlistarhátíð sem fer fram 5.-8. apríl næstkomandi og hefur verið haldin næstum árlega síðan 2002, með örfáum hléum,“ segir Hreggviður Ársælsson, einn af aðstandendum AK Extreme. „Þetta byrjaði sem veisla, en hefur aldeilis undið upp á sig og notið aukinna vinsælda, bæði sem skemmtun á svæðinu og afþreying fyrir fólk fyrir norðan almennt.“

Alls kyns vetraríþróttaviðburðir

„Hátíðin byrjar á fimmtudagskvöldinu með brunkeppni í boði Origo sem endar svo í grillveislu í Hlíðarfjalli,“ segir Hreggviður. „Það mega allir taka þátt í brunkeppninni og renna sér á skíðum, snjópotu, bretti eða hverju sem er sem kemst niður brekkuna. Svo höldum við grillveislu með tónlist, gleði og góðri stemningu.“

Á föstudagskvöld er svo mót í Gilinu á Akureyri, sem heitir Burn jib keppni,“ segir Hreggviður. „Það er keppni sem er svolitíð skyld hjólabrettakeppni. Við setjum upp handrið til að renna sér á og það er stökkið yfir bíla og annað slíkt, þannig að þetta er svona göturrennsli, sem er orðið mjög vinsælt um allan heim. Allir sem hafa reynslu af að taka þátt í jib mótum

eru velkomnir, án þess að skrá sig eða neitt, en eftir um klukkutíma rennsli velur dómnefnd, sem fylgist vel með því sem fer fram á svæðinu, nokkra aðila til að keppa til úrslita.“

Á laugardagskvöld er svo stærsti viðburðurinn, Eimskips gámostökkið, þar sem keppt er bæði á snjósleða, skíðum og snjóþrettum,“ segir Hreggviður. „Það fær enginn að taka þátt í því nema hafa verið boðið sérstaklega af dómnefndinni okkar. Ástæðan er sú að við viljum ekki senda neinn upp á gámana nema þeir hafi reynslu. Þannig að bara þau færustu fá að taka þátt.“

Fjöldi keppenda kemur til Akureyrar til að taka þátt í íþróttaviðburðunum, bæði íslenskir og erlendir,“ segir Hreggviður. „Í ár verðum við með þó nokkra erlenda keppendur, meðal annars AK Extreme kónginn, Zoltan Strcula frá Slóvakíu, sem vann í fyrri á snjóþretti. Við fáum líka þrjá erlenda skíðakeppendur sem ætla að taka þátt í gámostökkinu.“

Sunnudagurinn er svona rólegi dagurinn okkar, sem flestir gestir nota til að skemmta sér í Hlíðarfjalli, og þá heldur Fimleikafélag Akureyrar líka AK Extreme Parkour-mót sem fer ört stæklandi,“ segir Hreggviður.

Öflug tónlistardagskrá

Auk íþróttaviðburðanna verður öflugt skemmtanalíf í bænum á meðan hátíðin stendur yfir. „Í ár ætlum við aftur að hefja hátíðina



Það er fjör í Sjallanum þegar AK Extreme fer fram. MYND/HREGGVIÐUR ÁRSÆLSSON



Eimskips gámostökkið er stærsti viðburðurinn. MYND/ERLENDUR ÞÓR MAGNÚSSON

á Græna hattinum með tónleikum og partí á fimmtudagskvöldinu. Þar ætla Une Misère og Dr. Spock að bomba í nokkur desíbel,“ segir Hreggviður. „Þannig að eftir gott hlé verður hið ógleymanlega byrjunarpartí AK Extreme haldið aftur. Þetta hafa verið epísk kvöld eins og elstu menn muna. Það hefur líka aldrei verið eins ódýrt inn á Græna hattinn eins og þetta kvöld, það kostar bara 1.500 kall.“

Yfir helgina spilar svo rjóminn af íslensku hipphoppssenunni á tveggja daga hátíð í Sjallanum. Þar má nefna Jóa Pé og Króla, Aron Can, Birni, Flona, Young Karin, Emmsjé Gauta og fleiri,“ segir Hreggviður.

Í ár lofar Burn svo að bjóða upp á kraftmikla og glæsilega eldvörpusýningu á föstudags- og laugardagskvöld,“ segir Hreggviður. „Þeir sem þekkja til víta að Burn hefur verið með glæsilegar eldvörpur á svæðinu hingað til, en í ár er lofað stærra og skemmtilegra kerfi en hefur nokkru sinni verið sýnt áður í Gilinu.“

Einstök stemning

„Það sem gerir AK Extreme einstaka hátíð er samstarfsvilji allra fyrir-tækja og vina okkar sem vinna að þessu með okkur,“ segir Hreggviður. „Þetta er einstakt snjóþrettamót út af þessari fjölskyldustemningu sem er ráðandi. Menn eru allir af vilja gerðir að hjálpa og við fáum gríðarlegan stuðning.“

Við viljum endilega þakka öllum sem koma að þessu innilega fyrir allt. Það eru allir svo gladdir og það gengur allt svo vel að við gætum ekki verið ánægðari með hvernig þetta hefur gengið. Við höfum líka fengið mikið hrós fyrir og ég held að Akureyringar í heild sinni séu bara nokkuð ánægðir með okkur,“ segir Hreggviður að lokum.

Hægt er að fylgjast með AK Extreme á facebook.com/akextreme-iceland/.

Mývatn kemur stöðugt á óvart

Mývatn er einn vinsælasti ferðamannastaður landsins, enda náttúran, vatnið sjálft og umhverfið engu líkt. Á góðum sumardögum koma fleiri ferðamenn að Mývatni en til Þingvalla en á veturna snýst dæmið við. Við vatnið eru vegir og merktar gönguleiðir sem leiða fólk að áhugaverðum stöðum og er hægt að njóta landslagsins, skoða náttúrufyrirbæri eða

stunda plöntu- og fuglaskoðun. Mývatn er einmitt frægt fyrir fjölbreytt fuglalíf en talið er að á svæðinu haldi sig fleiri andategundir en annars staðar á jörðinni.

Dimmuborgir eru í nágrenni vatnsins en um er að ræða hraunmyndanir sem líkjast helst kynjaverum úr íslenskum ævintýrum. Fyrir jólin má t.d. sjá jólasveina á ferð um Dimmu-

borgir. Frá Mývatni er stutt yfir að Dettifossi, sem er ekki aðeins stórbrotinn heldur aflmesti foss landsins.

Á síðasta ári kom út bókin Undur Mývatns eftir Unni Jökulsdóttur. Unnur hlaut Hin íslensku bókmenntaverðlaun og Fjöruverðlaunin fyrir bókina sem lýsir vel lífinu við Mývatn. Við Mývatn eru hótél, veitingastaðir og önnur þjónusta.



Mývatn er einn vinsælasti ferðamannastaður landsins.



Perla Eyjafjarðar

Hrisey hefur löngum verið kölluð perla Eyjafjarðar en hún býður m.a. upp á fallega náttúru, skemmtilega gistingu- og ýmsa afþreyingu fyrir fólk á öllum aldri. Í eyjunni er m.a. hægt að fara í margar skemmtilegar gönguferðir, bregða sér upp á traktor með heimamönnum í túr um eyjuna, heimsækja hús Hákarla-Jörundar sem er eftirminnileg upplifun, kíkja í sundlauginu og rabba við heimamenn eða bara njóta friðsældar og fjölbreytts fuglalífs á þessum einstaka stað. Matvöruverslun er í Hrisey auk veitingastaða, leiksvæða og frisbígolfvallar.

Ár hvert er haldin Hriseyjarhátíð en hún fer fram í júlí og stendur yfir heila helgi. Boðið er upp á fjölskylduvæna dagskrá sem felst m.a. í óvissuferðum um eyjuna, fjöruferð, kvöldvöku, varðeldi og söng. Hriseyjarhátíðin 2018 verður haldin helgina 13. til 14. júlí.

Ferjan Sævar siglir til Hriseyjar reglulega allt árið frá Árskógssandi og tekur siglingin aðeins um 15 mínútur.

Nánari upplýsingar má m.a. finna á www.hrisey.is.



Ómissandi sælkerastopp

Akureyningar kunna þá list öðrum betur að bera fram girnilegar pulsar og hamborgara. Í bílalúgum eru til dæmis afgreiddar djúpsteiktar pulsar með óvæntu meðlæti eins og rauðkáli, osti, kryddi, frónskum og kokteilsósu og eru algjört lostæti. Vítaskuld er líka hægt að panta hefðbundið pulsumeðlæti í pulsbrauðið; lauk, tómatsósu, sinnep og remúlaði, en hitt sérakureyrnska er einstaklega ljúft og sælt eitt og sér.

Hamborgari með girnilegum, djúpsteiknum frónskum kartöflum á milli er annar akureyrnskur sælkerabiti og hjá mörgum þekktur sem „Akureyringur“ enda ómissandi bragðupplifun á ferð um Norðurland.

FLJÚGUM HÁTT / LENDUM FALLEGA



HLUTI AF GÓÐU FERÐALAGI

Isavia óskar skíðafólki og öðrum ferðalöngum góðrar skemmtunar og mjúkrar landingar á flugvöllum okkar á Norðurlandi.



ISAVIA



Heitreykt sild

Sildin hefur lengi fylgt Norðurlandi og mátti m.a. finna eina af aðalstöðvum sildveiða landsins, snemma á 20. öldinni, á Hjalteyri. Hér er einföld uppskrift að heitreyktri sild.

Fyrir fjóra

4 stykki heil sild, slógdregin, hreinsuð og hreistruð

Saltþækil:

2 lítrar vatn

400 g sjávarsalt

200 g púðursykur

2 hvítlauksgeirar, marðir

1 lárviðarlauf

1 teskeið svört piparkorn

1 stjörnuanis

Fyrir saltþækilinn: Blandið öllu saman í potti og náid upp suðu. Kælið þækil alveg niður og setjið síldina í pottinn. Látið hana marinerast í 5 klst. Takið síldina úr þæklinum og látið þorna. Fyrir reykingu: Raðið kolum í hálfhring í botninn á kúlulaga kolagrilli. Hafið röðina tvo kolamola á breidd og tvo á hæð. Raðið viðarbútum ofan á kolin. Kveikið í fimm öðrum kolamolum og þegar þeir eru orðnir gráir og heitir, setjið þá þétt upp við annan endann á kolaröðinni. Setjið álform með vatni í hinn hluta grillsins og leggið grindina ofan á. Raðið fiskunum með magann niður, þannig að þeir snúi uppréttir, á þann hluta grillsins þar sem kolin eru ekki. Lokið grillinu og heitreykið síldina í um 4-6 tíma. Berið fram með t.d. kartöflusalati og ofnsteiktu grænmeti. Heimild: www.hidblomlegabu.



Sildarminjasafnið er heimsóknarinnar virði. MYND/AUÐUNN NIELSSON

Verðlaunasafn á Siglufirði

Norðurland á sér afar merkilega sögu og þar eru fjölmörg söfn og fræðasetur sem áhugavert er að skoða. Sildarminjasafnið á Siglufirði er eitt þeirra og þeir sem leggja leið sína norður ættu ekki að láta safnið fram hjá sér fara. Sildarminjasafnið er eitt af stærstu söfnum landsins. Sýningar þess eru í fimm húsum, sem samtals eru 2.500 fermetrar. Safnið hefur frá því það var opnað hlotið margvísleg verðlaun og viðurkenningar, svo sem Nýsköpunarverðlaun Ferðamálaráðs, Íslensku safnaverðlaunin og Umhverfisverðlaun Ferðamálastofu. Á safninu fá gestir tækifæri til að kynna sildveiðum og vinnslu á silfri hafsin en sú saga er samofin sögu Siglufjarðar. Sildarminjasafnið er opið alla daga frá maí og fram í september en eftir samkomulagi frá október og fram í apríl.

Merkileg náttúrusmið

Ásbyrgi er stórkostleg náttúrusmið með allt að 100 m háum hamrapiljum, sem hækka eftir því, sem innar kemur í gljúfrið. Innst er Botnstjörn með mikilli grósku allt um kring. Ásbyrgi er 3,5 km langt og um 1,1 km breitt. Í miðju þess er standberg, Eyjan, sem er allt að 250 m breitt. Byrgið er skógi vaxið, einkum birkí og víði auk reynis. Nokkur þúsund barrtré voru gróðursett þar og dafna vel. Fyllinn verpir í þverhníptum hömrunum en aðrir fuglar í trjáreitum og móum.

Talið er að Ásbyrgi hafi myndast við að

minnsta kosti tvö hamfarahlaup úr Vatnajökli, annað fyrir 8-10 þúsund árum en hið síðara fyrir u.þ.b. þrjú þúsund árum. Síðan hefur Jökulsá fært sig til austurs. Þjóðsagan segir að hinn áttfætti hestur Óðins, Sleipnir, hafi stigið þar niður fæti þegar goðið var á yfirreið. Ásbyrgi er í eigu Skógræktar ríkisins, en er innan Vatnajökulspjóðgarðs og í umsjá hans.

Nánar um Ásbyrgi og Vatnajökulspjóðgarð, www.vatnajokulsthjodgardur.is/



Nú er Lag

Með sveigjanlegu vali dagsetninga getur þú tryggt þér lægra verð hjá Air Iceland Connect. Enda hafa Íslendingar alltaf kunnað að haga seglum eftir vindi.

Finndu rétta daginn fyrir þitt flug á airicelandconnect.is

Air Iceland
Connect



GALLAJAKKI
13.990

512 SLIM TAPER
12.990

LIVE IN

Levi's[®]

Levi's Kringlunni - Levi's Smáralind

Young Thug hannar bakpoka

Rapparinn Young Thug hefur vakið mikla athygli fyrir stíl sinn og nú hefur hann slegist í lið með tiskuhönnuðinum David Ben-David, stofnanda götumerkisins Sprayground, til að hanna bakpoka.

Samstarfsverkefni rapparans Young Thug og Davids Ben-David, stofnanda og hönnunarstjóra tösku- og aukahlutaframleiðandans Sprayground, er komið á markað. Saman hönnuðu þeir tvo bakpoka sem eru nú komnir í sölu.

Young Thug er meðal annars þekktur fyrir sérstakan stíl sinn, en hann fylgir oft ekki hefðbundnum hugmyndum á því sviði og vakti til dæmis athygli þegar hann klæddist kjól eftir ítalska hönnuðinn Alessandro Trincone á plötuumslagi plötunnar sinnar Jeffrey árið 2016.

Young Thug hefur lengi notað vörur frá Sprayground merkinu en aldrei áður unnið með því og raunar hefur hann ekki áður brugðið sér í hlutverk tiskuhönnuðar.

„Young Thug hefur frábært tiskuvit og frábært tiskunafn en hefur aldrei hannað tiskufatnað eða auka hluti áður. Mig langaði til að draga



Rapparinn Young Thug með hönnun sína á bakinu. MYNDIR/SPRAYGROUND



hann inn í minn heim,” segir samstarfsfélagi hans, David Ben-David.

Ben-David segir að þó að hann hafi unnið með mörgum frábærum listamönnum hingað til, þá sé tónlist og nærvera Young

Thug engu lík og hún hafi gefið honum einstakan innblástur. „Young

Thug gaf nýju stefnunni minni kraft og það á allt rætur að rekja til flutnings hans í hljóðverinu, það var eins og sál kæmi út úr líkama hans,” sagði Ben-David. Eftir þetta ákvað Ben-David líka að búa til sína eigin tónlist, sem verður gefin út undir nafninu „Money on the Plane“ í sumar.

Bakpokarnir frá Sprayground og Young Thug eru tveir, annar er

fjólublár og bleikur með hákarlskjafi og kostar tæpar 8.000 krónur, en hinn er fjólublár, með mynd af demöntum og kostar tæplega 6.500 krónur. Þeir eru fáanlegir á vef Sprayground.

Annars er það að fréttu af Young Thug að í síðasta mánuði tilkynnti hann á Twitter að hann vilji skipta um nafn og vera kallaður „SEX“. Það fylgdi ekki sögunni hvers vegna og

það á eftir að koma í ljós hvort nýja nafnið festist við hann, en þetta er ekki í fyrsta sinn sem hann segist vilja skipta um nafn. Í ágúst 2016 sagðist hann ætla að breyta listamanns nafni sínu í „No, My Name Is Jeffrey“, en seinna sagði hann að hann vildi einfaldlega breyta því í Jeffrey, sem er raunverulegt nafn hans, því hann vildi ekki lengur vera kallaður Young Thug.

VORKOMAN Í NÁND

FISLÉTTIR DÚNJAÐAR FRÁ KR. 19,900,- SUMARFRAKKAR FRÁ KR. 18900,-



Skóðið
laxdal.is/
yfirhafnir

BERNHARD
LAXDAL



Hafðu (AKU) með í valinu

Kaup á nýjum gönguskóm getur verið snúið ferli. Til að velja rétt þarf að vera hægt að bera saman allar helstu gerðir. Því er best að gefa sér góðan tíma, fara á alla helstu sölustaði, prófa, máta og taka síðan upplýsta ákvörðun.



AKU skórnir eru framleiddir á Ítalíu úr 100% evrópskum íhlutum og efnum



Aukin mýkt við ökkla

GoreTex filma, 100% vatnsvörn

2mm gúmmíborði (grjótvörn) sem hentar vel í íslensku hraunlendi

Dempun

IMS: Kerfi sem gefur auka mýkt niður í sólann

AKU Exoskeleton, innan- og utanfótarstuðningur

Mýkra leður til að minnka spennu og auka þægindi

Reimalæsing, hægt að vera með sittvora stillinguna yfir rist, eða um ökla

Rúllukefli til að halda jafnri spennu á reimum

2,6mm ekta ítalskt Nubuck leður

Custom fit innlegg

Vibram sóli

AKU SUPERALP GTX 34.990 kr. STÆRÐIR 35-48



Lágir gönguskór / borgarskór

AKU Climatica NBK GTX

24.990 kr.

Lágir gönguskór / borgarskór

AKU Climatica Suede GTX kvenna

22.990 kr.

Gönguskór með góðan stuðning

AKU ALTERRA GTX kvenna

27.990 kr.

Gönguskór með góðan stuðning

AKU ALTERRA GTX

27.990 kr.

Léttir gönguskór

AKU TRIBUTE GTX

21.990 kr.

Lágir, millistífir gönguskór

AKU ROCK II GTX

23.990 kr.

GG-sport



Smiðjuvegur 8, Græn gata, 200 Kópvogi, sími: 571 1020 • www.ggsport.is

Opíð virka daga frá 10.00 til 18.00, laugardaga frá kl. 11.00 til 15.00

„Finndu okkur á Facebook“



Smáauglýsingar

512 5800

Afgreiðsla smáauglýsinga og simi er opin alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

Bílar & Farartæki



TAMCO SPORT bensinvespa 50cc 25 km/h, 13 ára lámarksaldur, þrjú litir í boði. Ekkert próf, engar tryggingar, BARA GAMAN. Verð Kr. 209.000,-

SUZUKI
Skeifunni 17, 108 Reykjavík
Sími: 568 5100
suzukisport@suzuki.is
Suzuki.is / suzukisport.is

Hjólbarðar



NÝJU SAILUN DEKKIN Á FRÁBERU VERÐI.

Einnig úrval notaðra dekkja. Tökum notuð uppí ný. Vaka s. 567 6700

Þjónusta

Hreingerningar

VY-ÞRIF EHF.

Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikael S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Húsviðhald

SMÍDAVIÐGERÐIR

Öll almenn trésmíðavinna, viðhald eða breytingar. Eingöngu íslenskir iðnaðarmenn. Tilboð eða tímavinna. Uppl. S 7815544 eða smidavidgerdir@gmail.com SmidaVidgerdir ehf.

Nudd

NUDD

Slökunarnudd í miðbæ Reykjavíkur. Sími 694 7881, Janna.

Spádómar

Nympha-dora

Tarot-lestur og Kristalkúla með leiðsögn að handan

VISA 562 8211 EURO

Rafvirkjun

RAFLAGNIR OG DYRASÍMAKERFI S. 896 6025
Tilboð dyrasímaakerfi, mynddyrasímar. Löggildur rafverktaki. rafneisti@simnet.is

Keypt & Selt

Til sölu



Tilvalin fermingargjöf!

BENSÍNSVESPA
Engin trygging! Ekkert próf!

Kr. 229.900,-



Nitró - Úrðarharvi 4 - 557 4848 - nitro.is



Ný veiddur Hornafjarðarhumar og fleirra góðgæði úr hafinu. Humarsalan SERFRÆÐINGAR Í SJÁVARFANGI. WWW.HUMARSALAN.IS S. 867 6677

HITAVEITU-SKELJAR



HEITIRPOTTAR.IS

HÖFÐABAKKA 1
SÍMI 777 2000

Óskast keypt

KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR

Alla virka daga í verslun okkar Laugavegi 61 Jón & Óskar jonogoskar.is s.552-4910

Skólar & Námskeið

Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og aksturmat. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrússon.

Til sölu

TIL SÖLU • JEEP WRANGLER RUBICON



Árg. 2015 ek, 42þ. km. | sjálfskiptur, vél 3.6 L bensin
100% læsingar | Dana hásingar | leðurinnrétting og m. fl.

VERÐ 7.950.000



BÍLASALA AKUREYRAR HF
FREYJUNESI 2 • 603 AKUREYRI
SÍMI 461 2533 • FAX 461 2543

Nánar á bilak.is
Bílasala Akureyrar ehf
S. 461-2533
sala@bilak.is

GLAMOUR.is



Allt það helsta úr
heimi **TÍSKUNNAR**
á einum stað
GLAMOURIS



Þjónustuauglýsingar

Sími 512 5407

WORK NORTH

**HÚSARIF • JARÐVINNA • MÚRBROT
STEYPUSÖGUN • KJARNABORUN**

Sími. 852-5804 | 852-5808 | worknorth@simnet.is

Snyrti & nuddstofan Smart

Kirkjulundi 19 • 210 Garðabæ

Alltaf frábær tilboð í gangi hjá okkur!
Kíkjið á facebook síðu okkar:
facebook.com/snyrti og nuddstofan smart

Verið hjartanlega velkomin.

Tímabantanir í s. 789 3031 & 897 3035 • helgasig2@gmail.com
og á Facebook.com/snyrti og nuddstofan smart

Úti- og innimálun

Gerum föst verðtilboð í utanhúsmálun og endurmálun sameigna fyrir húsfélög og fleira.
Vönduð vinnubrögð og notum einungis topp efni.

Vaskir Drengir ehf

Björgvin P. Hallgrímsson
Löggiltur málarameistari



vaskirdrengir@gmail.com
sími 844-9188

EYJALIND

Sæti og varahlutir í

- Lyftara
- Vinnuvélar
- Vörubíla
- Bata



Vertu vinur okkar á Facebook

Sími: 517-8240 - Súðarvogur 20 - www.eyjaland.is

Geymsluskúrar /gestahús til sölu



- Þrjár stærðir 7,5/9,5/14,9 fm.
- Veggjagrind út 45x95 timbri.
- Pappi og bástúl á þaki.
- Rofar og tenglar IP44 rakaheldnir.
- Skúrar sem þola veður og vinda.

Nánari upplis; reisum@simnet.is eða s. 899 0913 Fríða, www.reisum.is

Ferðþjónustuhús



Vönduð hús sem henta vel í ferðþjónustuna, afhendast fullkláruð.

Nánari uppl. reisum@simnet.is eða í síma 899 0913 Fríða
www.reisum.is

Rafstilling ehf

startarar - alternatorar - perur viðgerðir - sala hröð og góð þjónusta
Dugguvogi 23 - s: 58 14991
rafstilling@rafstilling.is

viftur.is

Viftur • Blikkrör • Aukahlutir

íshúsið
S:566 6000 • Smiðjuvegur 4a, 200 Kópavogur



BIFREIÐAVERKSTÆÐI KÓPAVOGS



TOYOTA ÞJÓNUSTA ALLAR ALMENNAR BÍLAVIÐGERÐIR

SMIÐJUVEGUR 2 • KÓPAVOGUR
WWW.BIFREIÐAVERKSTAEDI.IS

S. 587 1350

Alla fimmtudaga og laugardaga

arnarut@frettabladid.is gudruninga@frettabladid.is



Honda CR-V Executive

Nýskráður 8/2007, ekinn 188 þ.KM, bensín, sjálfskiptur, leðurinnrétting, glerbak, fjórhjóladrif og dráttarkrókur.



Verð kr. 1.490.000



Honda Civic Elegance navi

Nýskráður 7/2017, ekinn 1 þ.KM, bensín, sjálfskiptur, hlaðinn búnaði, sýningarbill frá umboði með 3 ára verksmiðjuábyrgð.



Verð kr. 3.390.000



Honda HR-V Elegance navi

Nýskráður 2/2018, bensín, sjálfskiptur, leiðsögukerfi og fjarlægðarskynjarar, nýr bill með 3 ára verksmiðjuábyrgð.



Verð kr. 3.870.000



Honda Jazz Trend

Nýskráður 3/2018, bensín, sjálfskiptur, nýr ókeyrður bill, aðeins örfá eintök á þessu frábæra verði, 3 ára veksmiðjuábyrgð.



Verð kr. 2.390.000

Opnunartími
Mánudaga - föstudaga
milli kl. 10:00 og 18:00
Laugardaga milli
kl. 12:00 og 16:00



Bílakjarnanum • Eirhöfða 11 • Sími 551 7171 • notadir.bernhard.is

Heilsa

Nudd



Thai- nuddstofan hjá Joom hefur stækkað og hefur flutt að Háaleitisbraut 58-60, 2 hæð t.h Boðið er upp á thailenskt teygju og oliunudd auk annarra nuddtegunda Pantanir í síma 8923899.

Húsnæði

Atvinnuhúsnæði

TIL LEIGU 50 M2

Gott atvinnubil í Steinhellu með 4 m lofthæð. Nýtt og snyrtilegt. Fyrir snyrtilega starfsemi. S: 695 6037

Geymsluhúsnæði

WWW.GEYMSLAEITT.IS
FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR
á minna en 7 m2. Ódyrt eftir það. S: 564-6500

GEYMSLUR.IS
SÍMI 555-3464
Geymslur af öllum stærðum. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

Atvinna

Atvinna í boði

SÖLUMENN ÓSKAST.

Óska eftir duglegum sölumönnum um allt land til að selja USB lykil sem á er digital bók. Um er að ræða ný trúabrögð sem er kristinn nýaldartrú. Sala fer þannig fram að kaupanda er boðinn lykili að himnaríki. Er þetta háheilagt sem selt er. Vinsamlegast berið virðingu fyrir því því þetta er hágæðavara. Síðan rettir sölumaður kaupanda auglýsingablað sem ég samdi sem á eru þær upplýsingar sem til þarf til að selja USB lykilinn. Ef um sölu er að ræða þá réttir sölumaður kaupanda miða og biður kaupanda að millifæra á reikning. Fær sölumaður 2000 kr eftir skatt en usb lykilinn kostar 10 þús kr. Og unnið er á milli 12-20 alla daga. En hægt er að vinna einungis um kvöld og helgar.

Upplýsingar í síma 776-4111

PROCAR BÍLALEIGA ÓSKAR EFTIR

STARFSFÓLKI Í EFTIRFARANDI STÖRF:

Starfstöð Reykjavík:

óskar eftir starfsmanni í afgreiðslu, vaktavinna (dagvakt), tölvu og enskukunnáttu skilyrði. Meirapróf skilyrði.

Starfstöð Keflavík:

óskar eftir bókara í fast starf, æskileg kunnáttu, word, excel og DK.

Áhugasamir sendi umsókn á job@procar.is



FANNDALSLAGNIR EHF ÓSKA EFTIR VÖNUM PÍPULAGNINGAMÖNNUM TIL STARFA.

Fannaldslagnir óska eftir pípulagningamanni til starfa. Umsækjandi þarf að vera vanur störfum við pípulagnir. Sveinspróf í faginu er kostur. Umsækjandi þarf að geta starfað sjálfstætt í verkefnum. Fjölbreytt og næg verkefni framundan. Áhugasamir eru vinsamlegast beðnir um að hafa samband í gegnum netfang jonfannald@simnet.is eða í síma 691-5698

- TRAILER BÍLSTJÓRA VANTAR -

Silfri ehf óskar eftir trailer bílstjóra

Uppl. gefur Gunnar í s. 894 9690

SMÍDA.IS

óskar eftir að ráða smíði eða menn vana smíðavinnu til hinna ýmsu smíðastarfa. Uppl. í s. 899 7262 og smida@smida.is

Atvinna óskast

VANTAR ÞIG SMÍÐI, MÚRARA, MÁLARA EÐA AÐRA STARFSMENN?

Höfum á skrá menn sem geta hafið störf með skömmum fyrirvara.

Proventus starfsmannabjónusta
- proventus.is Sími 551-5000
Netfang proventus@proventus.is

Námskeið

Létt og skemmtileg spænskunámskeið

Verða haldin í Stórholti 18. Kennarar eru Jakobína Davíðsdóttir og Carmen Nogales. Gestakennari með fyrirllestur um Spán og spænska menningu eru Kristinn R. Ólafsson. Meiri áhersla er lögð á tal og minni á málfræði. Námskeiðinu lýkur svo með tapaskvöldi. Námskeiðin standa í 4 vikur. Boðið er uppá byrjendanámskeið og framhaldsnámskeið.

Byrjendanámskeið:

Mánudaga og miðvikudaga: 10:00 - 11:30

Mánudaga og miðvikudaga: 13:30 - 15:00

Mánudaga og miðvikudaga 19:15 - 20:45

Framhaldsnámskeið spænska II:

Mánudaga og miðvikudaga: 17:30 - 19:00

Þriðjudaga og fimmtudaga 13:30 - 15:00

Framhaldsnámskeið spænska III:

Þriðjudaga og fimmtudaga: 17:30 - 19:00

Framhaldsnámskeið spænska IV

Þriðjudaga og fimmtudaga 10:00 - 11:30



Námskeiðin hefjast 9. og 10. apríl.

Verð á mann er 29.000 kr.

Upplýsingar í síma 698 5033 eða spanskuskolinnhablame@gmail.com

Facebook: [Spanskuskólinn Hablame](https://www.facebook.com/SpanskuskólinnHablame)

FRÉTTABLAÐIÐ.IS

Stendur undir nafni



FRÉTTABLAÐIÐ



FRÉTTABLAÐIÐ APP



FRÉTTABLAÐIÐ.IS

Atvinna

STARFSMAÐUR Á LAGER OG Í SÖLU

Ertu með lipurð á lager?

Við leitum að öflugum einstaklingi í 100% starf í dreifingarmiðstöð. Dreifingarmiðstöð ÁTVR sér um vörumóttöku frá birgjum og dreifingu í Vínbúðir.

Helstu verkefni og ábyrgð:

- Almenn lagerstörf
- Þjónusta við viðskiptavinum
- Móttaka og úrvinnsla pantana
- Önnur tilfallandi verkefni

Hæfniskröfur:

- Rík þjónustulund
- Stundvísi og samvirkusemi
- Nákvæmni í vinnubrögðum
- Gott viðmót og hæfni til samskipta
- Góð almenn tölvukunnátta
- Góð íslenskukunnátta
- Ensukunnátta er kostur

Um er að ræða tímabundið starf til eins árs en viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst. Starfshlutfall er 100% og vinnutími er frá 7.30 til 16.30.

Umsækjendur þurfa að hafa náð 20 ára aldri. Sakavottorðs er krafist. Umsóknarfrestur er til og með 3. apríl nk. Umsóknir óskast fylltar út á vinbudin.is


Nánari upplýsingar veita:

Hörður Theódórsson – hordur@vinbudin.is og Emma Á. Árnadóttir – starf@vinbudin.is, 560 7700.

ÁTVR rekur 51 Vínbúð um allt land og er með skrifstofur og dreifingarmiðstöð á Stuðlahálsi 2. Stefna ÁTVR er að vera eitt af fremstu þjónustufyrirtækjum landsins og fyrirmynd á sviði samfélagsábyrgðar. Fyrirtækið vill að vinnustaðurinn sé öruggur, heilsueflandi og skemmtilegur þar sem samskipti einkennast af lipurð, þekkingu og ábyrgð.

Við óskum einnig eftir fólki í sumarafleysingar við afgreiðslu í Vínbúðir um allt land. Nánari upplýsingar á vinbudin.is

Gildi ÁTVR eru LIPURÐ – ÞEKKING – ÁBYRGÐ. Ráðningar í stöður hjá fyrirtækinu taka mið af þessum gildum.



Ný tækifæri,
nýjar áskoranir!

 HAGVANGUR

www.hagvangur.is

Ef þú ert með rétta starfið — erum við með réttu manneskjuna

Ráðgjafar okkar búa yfir víðtækri þekkingu á atvinnulífinu og veita trausta og persónulega ráðgjöf.

capacent

www.capacent.is



Bragðgóðu næringagelin Náttúruleg öflug virkni

Aukin lífsgæði - betri líðan

30 daga skammtur



Pycnogenol

PULZ

fyrir hjartað og æðakerfið

Gæti haft áhrif á: Hjarta- og æðakerfið / Blóðtappa / Blóðsykur / Blóðfitu // Blóðþrýsting / Astma / Migreni. Aðrir kostir: Æðavikkandi / Eykur blóðflæði til vöðva og heila / Eykur úthald og stytir endurheimt / Dregur úr hættu á tognunum (íþróttir) / Anægjulegar aukaverkanir fyrir karlmenn.



Brúnpörungar-Fucoidan

YUMI

fyrir ónæmiskerfið og meltinguna

Gæti haft áhrif á: Ónæmiskerfið / Ofnæmi / Meltingartruflanir / Bakflæði / Ristilvandamál / Tíðarverki / Gyllinæð / Skjaldkirtilsvandamál / Húðvandamál (exem, herpes, frunsur, psoriasis, bólur), Psoriasisgigt, liðagigt og vefjagigt, sýkingar, bólur inn- og útvortis, kláða, skordýrabít, sykursýki 2, háan blóðþrýsting, hátt kolesteról o.fl. o.fl. Aðrir kostir: Gott sem smyrsl á sár og bruna.



Collagen Hydrolysat

AKTIV

fyrir brjóska og liði

Gæti haft áhrif á: Slitgigt / Brjóskeyðingu / Stírða liði / Vöðva-festur / Liðbönd / Liðverki / Beinhimnu og sinaskeiðabólgu. Aðrir kostir: Eykur almennan liðleika / Fyrir liðamót undir álagi (íþróttir)

**10%
afsláttur**
til 3. apríl

Hágæða vörur frá Þýskalandi, unnar úr náttúrunni samkvæmt ítrústu gæðastöðlum

Verð áður: 9.898 kr. **Verð nú: 8.908 kr.**

SVARIÐ BÝR Í NÁTTÚRUNNI



Heilsuhúsið

1979

LAUGAVEGI

LÁGMÚLA

KRINGLUNNI

SMÁRATORGI

NETVERSLUN HEILSUHUSID.IS



**Frestur til
að senda tilnefningar
er til miðnættis
6. apríl**

HEFUR ÞÚ ORÐIÐ VITNI AÐ **GÓÐVERKI?**

ÓSKAÐ ER EFTIR TILNEFNINGUM TIL SAMFÉLAGSVERÐLAUNA FRÉTTABLAÐSINS 2018

Til greina koma allir sem hafa lagt umtalsvert af mörkum til að bæta íslenskt samfélag.

Skorað er á lesendur Fréttablaðsins að senda inn tilnefningar um fólk og félagasamtök sem eiga skilið virðingavott fyrir verk sín. Allir koma til greina, jafnt óþekktir einstaklingar sem vinna störf sín í hljóði, félagasamtök og þjóðþekktir karlar og konur sem hafa með gjörðum sínum og framgöngu verið öðrum fyrirmynd.

SAMFÉLAGSVERÐLAUN FRÉTTABLAÐSINS ERU VEITT Í FIMM FLOKKUM.

1 Hvunndagshetjan

Einstaklingur sem sýnt hefur sérstaka óeigingirni eða hugrekki, hvort sem er í tengslum við einn atburð eða með vinnu að ákveðnum málaflokki í lengri tíma.

2 Frá kynslóð til kynslóðar

Hér koma til greina kennarar, leiðbeinendur, þjálfarar eða aðrir uppfræðarar sem skarað hafa fram úr á einhvern hátt. Einnig koma til greina félagasamtök sem sinna börnum af sérstökum metnaði og alúð.

3 Til atlögu gegn fordómum.

Einstaklingur eða félagasamtök sem hafa unnið ótullega að því að eyða fordómum í samfélaginu.

4 Heiðursverðlaun

Einstaklingur sem með ævistarfi sínu hefur stuðlað að betra samfélagi.

5 Samfélagsverðlaunin

Félagasamtök sem hafa unnið framúrskarandi mannúðar- eða náttúruverndarstarf og lagt sitt af mörkum til að gera íslenskt samfélag betra fyrir okkur öll. Verðlaunafé 1,2 milljónir.

Sendið tilnefningar um Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins með tölvupósti á netfangið samfelagsverdlaun@frettabladid.is, eða bréfleiðis merkt:

Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins, Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík.

Dórnefnd tekur allar innsendar tillögur til skoðunar.
Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins verða veitt 11. apríl.



Rafmagnsbíllinn VW e-Golf yfirleitt uppseldur

Svo mikil hefur eftirspurnin verið eftir rafmagnsbílum e-Golf frá Volkswagen að fyrirtækið á svo til aldrei neinar birgdir af bílunum, fremur er barist um þau eintök sem framleidd eru. Eftirspurnin eftir Volkswagen e-Golf hefur ekki síst verið mikil í öðrum Evrópulöndum en Þýskalandi og hefur sala hans t.d. verið gríðarmikil í Noregi og á Íslandi.

Volkswagen e-Golf náði því til að mynda að vera söluhæsta bílgerðin í nóvember á síðasta ári í Noregi. Bíllinn var líka söluhæsti rafmagnsbíll í V-Evrópu í janúar á þessu ári og sló með því við bílum eins og Renault Zoe og Nissan Leaf.

Rafmagnsbílar VW þrisvar sinnum eftirsóttari 2017 en 2016 Stjórnarformaður Volkswagen, Herbert Diess, segir að rafmagnsbílar Volkswagen hafi verið þrisvar sinnum eftirsóttari árið 2017 en 2016 og það sé greinilegt að bílakaupendur séu viljugir til að að skipta úr brunabílum yfir í rafmagnsbíla svo fremi sem verðið sé rétt. Þessi þróun ætti að ýta Volkswagen enn hraðar áfram við þróun sinna næstu rafmagnsbíla og á þeim verður enginn hörgull á næstunni, með tilvonandi bílum eins og I.D. Cross og I.D. Buzz. Volkswagen býður líka rafmagnsbíla kaupendum sínum upp á ódýrar hleðslustöðvar til heimanota sem kosta aðeins 300 evrur.



Kia Sportage var fyrst kynntur á bílasýningunni í Tókýó árið 1991.

Fimm milljón eintök af Kia Sportage hafa selst

Kia fagnaði því í dag að fimm milljón eintök af sportjeppanum vinsæla, Kia Sportage, hafa nú selst á heimsvísu. Bíllinn var fyrst settur á markað árið 1993 og fagnar því 25 ára afmæli í ár. Kia Sportage var fyrst kynntur á bílasýningunni í Tókýó árið 1991 tveimur árum áður en hann kom á markað og vakti þá strax talsverða athygli. Jepplingar voru á þeim tíma að ryðja sér til rúms í auknum mæli og þóttu fram-sæknir á margan hátt. Kia ætlaði sér stóra hluti með Sportage en líklega óraði engan þó fyrir því hversu miklum vinsældum sportjeppinn myndi ná og að 25 árum síðar væri bíllinn búinn að seljast í alls fimm milljón eintökum um heim allan.

Yfir 2.000 þeirra á Íslandi Sportage hefur einnig verið Íslendingum einkar kær og hafa yfir 2.000 Sportage-jepplingar prýtt vegi landsins hingað til og seljast enn grimmt. Kia Sportage hefur einnig verið söluhæsti bíll Kia á undanförunum árum. Nýjasta kynslóð sportjeppans hefur selst í alls milljón eintökum á aðeins 29 mánuðum. Og sem dæmi hafa síðustu tvær kynslóðir Sportage selst í tæplega 2.000 eintökum hér á landi. Kia Sportage er framleiddur fyrir Evrópumarkað í hátæknivæddri verksmiðju Kia í Zilina í Slóvakíu. Þar hefur sportjeppinn verið framleiddur síðan 2007.



BMW er gert að hætta framleiðslu á þessum bílum fyrir Evrópumarkað þar sem aðrar reglur gilda fyrir aðra heimshluta.

BMW gert að stöðva framleiðslu BMW 7 vegna mengunarreglna

Ný BMW 7-lína með bensínvélum nær ekki nýjum WLTP-mengunarstaðli Evrópusambandsins.

Síharðnandi mengunarkröfur og lagasetningar þar að lútandi hafa gert mörgum bílaframleiðendum skráveifu og nú kveður svo rammt að því að BMW hefur verið gert að hætta framleiðslu á BMW 7 flaggskipi sínu í heilt ár, þ.e. þeim gerðum hans sem ganga fyrir bens-

íni. Það þykir eflaust mörgum skjóta skökku við að framleiðsla á bensínbílum en ekki dísilbílum 7-línunnar sé stöðvuð í ljósi umræðunnar um hættulega mengun dísilbíla og eftir dísilvélasvindl Volkswagen. BMW 7 bílar með bensínvél hafa einfaldlega ekki komist í gegnum strangar kröfur hinna nýju WLTP (Worldwide Harmonized Light Vehicle Test Procedure) viðmiðana, en þær tóku gildi í fyrra. Þessar nýju reglur taka mið af raunverulegri mengun bíla við hinar ýmsu aðstæður og eru þeir prófaðir á ýmsan hátt til að standast þessar breyttu kröfur. Fyrrri mælingaaðferðir reyndust of einhæfar og gerðar við of frábreyttar aðstæður.

Purfa líka að hætta að framleiða 3-línuna

Líklega bitna þessar nýju mælingar á fleiri bílum BMW því fyrirtækið ætlar víst að hætta framleiðslu núverandi kynslóðar 3-línunnar í ágúst á þessu ári og hún verður ekki tekin upp aftur fyrr en með næstu kynslóð sem verður ekki tilbúin fyrr en árið 2020.

Taka skal fram að BMW er gert að hætta framleiðslu á þessum bílum fyrir Evrópumarkað en þar sem aðrar reglur gilda fyrir aðra bílamarkaði heimsins, svo sem í Bandaríkjunum, er ekki loku fyrir það skotið að framleiðslu verði haldið áfram fyrir aðra markaði en Evrópu.

#Shedrives verðlaunuð í Sádi-Arabíu

Herferðin #Shedrives hlaut verðlaunin Herferð ársins á Dubai Lynx International Festival of Creativity nú í vikunni. Herferðinni er ætlað að vekja umtal í Sádi-Arabíu á meðal kvenna um að læra að keyra þar sem þann 1. júní næstkomandi taka gildi lög í fyrsta skipti sem heimila konum að aka bifreið. Ghostlamp, íslenskt sprotafyrirtæki, vann að þessari herferð með TBWA\RAAD í Dubai. „Það er frábært að hafa tekið þátt í þessari herferð sem á eflaust eftir að fá fleiri alþjóðleg verðlaun á þessu ári,“ segir Jón Bragi Gíslason, framkvæmdastjóri Ghostlamp, um herferðina. „Þetta er líklega það erfiðasta sem Ghostlamp hefur tekið að sér. Við áttuðum okkur alls ekki á því hvað það er erfitt að fá konur til að tjá sig opinberlega í þessum heimshluta um svo einfaldan hlut eins og að aka bíl. En sem betur fer er verið að breyta lögum þarna en samfélagið hefur ekki fylgt eftir og herferðin vonandi hjálpar til við það.“ Herferðin var unnin fyrir Nissan.



Jón Bragi Gíslason, framkvæmdastjóri Ghostlamp.



**GARÐS
APÓTEK**
- í yfir 60 ár

Hafðu lyfin tilbúin þegar þú sækir
Pantaðu tiltekt á appotek.is
eða í síma 568 0990
Garðs Apótek - í leiðinni

Fáðu lyfin send heim með póstinum
Pantaðu sendingu á appotek.is
Garðs Apótek - um land allt

Sogavegi við Réttarholtsveg og Miklubraut
Opið kl. 9-18 virka daga, lokað um helgar

SKÍÐAÚTSALA

30-70% AFSLÁTTUR AF SKÍÐUM, BRETTUM, SKÍÐABÚNAÐI OG SKÍÐAFATNAÐI
Í SKÍÐAEILD ÚTILÍFS Í SMÁRALIND*

30-70%
AFSLÁTTUR

SKÍÐAEILDIN
ER Í SMÁRALIND

ÚTILÍF

síðan 1974

KRINGLUNNI · SMÁRALIND
utilif.is

*Gildir ekki með öðrum tilboðum.



Snædis Lilja, Heba Eir og Védís dansa af sérstakri nákvæmni og samstillingu og syngja vinnusöngva í verkinu Crescendo. Með því túlka þær sögu kvennastarfa. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Ekki tríó heldur kvartett eftir allt saman

Þrjár dansarar túlka mýkt og natni í störfum kvenna með taktvissum hreyfingum og söng í verkinu Crescendo eftir Katrínu Gunnarsdóttur sem frumsýnt verður í Tjarnarbiói í kvöld. Ein þeirra er Heba Eir Kjeld.

Gunnþóra Gunnarsdóttir
gun@frettabladid.is



Þetta verk snertir við hjarta þeirra sem kynnast því. Mér líður eins og það sé undurfagurt og sviðsmyndin hjá Evu Berger undirstríkar þá tilfinningu; eldrautt teppi og dúnmjúkir búningar," segir Heba Eir Kjeld dansari innt eftir andanum í Crescendo, dansverki Katrínu Gunnarsdóttur sem frumsýnt verður í Tjarnarbiói í kvöld klukkan 20.30.

Heba Eir segir Katrínu hafa sótt innblásturinn í sögu líkamlegrar vinnu kvenna, samhug, elju og samvinnu. Konurnar þrjár á sviðinu túlki þá sögu með síbreytilegum hreyfingum og söngvum. „Þetta er hljóðlát bylting, andstætt þeim sem eru að gerast í heiminum, #metoo og fleiri slíkum. Samt mik-

ill styrkur og þrautseigja. Katrín blandar vinnusöngvum þar inn og lætur okkur humma þegar við erum að þrjóna, sauma eða klára eitthvað annað. Við erum saman í öllu sem við erum að gera þar til yfir lýkur.“ Hún segir verkið krefjast mikillar nákvæmni og samstillingar. „Crescendo er ekki eitthvað sem stigmagnast og verður brjáláð í lokin heldur hæg alda sem fær fólk til að fljóta með.“

Heba Eir útskrifaðist sem dansari frá Listaháskólanum 2015 og hefur starfað sem dansari síðan en líka í öðrum verkefnum sem markaðsfulltrúi. „Þetta hefur verið dálitið í bland hjá mér, á tímabili var markaðsvinnan að taka yfir en það hefur tónast niður í betra jafnvægi núna,“ útskýrir hún. Kveðst hafa heyrt fyrst af verkinu Crescendo einhvern tíma í gæðastund hjá þeim Katrínu þar sem þær voru að fara yfir viðfangsefnin fram undan. „Þá spurði hún mig hvort ég væri til í að vera dans-

CRESCENDO ER EKKI EITTHVAÐ SEM STIGMAGNAST OG VERÐUR BRJÁLÁÐ Í LOKIN HELDUR HÆG ALDA SEM FÆR FÓLK TIL AÐ FLJÓTA MEÐ.

ari hjá henni í þessu verki. Fram að því var ég markaðspían hennar.“

Hinar tvær sem stíga dansinn í Tjarnarbiói eru Snædis Lilja Inga-dóttir og Védís Kjartansdóttir. „Þetta er virkilega skemmtilegt tríó en við erum gjörólíkar í karakter, útliti og sem dansarar,“ segir Heba og bætir því við að Védís eigi von á barni. „Þetta er í rauninni ekki tríó heldur kvartett eftir allt saman,“ segir hún hlæjandi og bætir við að það

sé hrina af fæðingum fram undan. „Katrín og Védís eiga von á sér með fárra daga millibili og kynningarfulltrúinn er óléttur líka – en við hinar erum bara rólegar. Ekkert að gerast hjá okkur eins og er!“

Nú langar mig að forvitnast meira um hana sjálfa. Ætlaði hún alltaf að verða dansari?

„Nei, ég ætlaði að verða leikkona. Var með þá drauma lengi lengi. En ég var í tónlistarnámi og dansnámi alla mína barnæsku og fram á unglingsár. Þegar ég var sextán ára þurfti ég að velja milli víólunnar og dansins og ég fór í dansinn á fullu. Þá varð ekki aftur snúið. Ekki það, nú langar mig að forvitnast meira um hana sjálfa. Ætlaði hún alltaf að verða dansari? „Nei, ég ætlaði að verða leikkona. Var með þá drauma lengi lengi. En ég var í tónlistarnámi og dansnámi alla mína barnæsku og fram á unglingsár. Þegar ég var sextán ára þurfti ég að velja milli víólunnar og dansins og ég fór í dansinn á fullu. Þá varð ekki aftur snúið. Ekki það, nú langar mig að forvitnast meira um hana sjálfa. Ætlaði hún alltaf að verða dansari?“

mér af sjálfsaga og sjálfsöryggi sem listamaður. Eg upplífi mikið frelsi sem því hefur fylgt, drif mig í verkefni og prófa mig áfram.“

Dansarar þurfa ekki aðeins að halda sér stöðugt við líkamlega heldur líka andlega að sögn Hebu Eirar. Hún kveðst taka skorpur í að hugsa vel um sig, sofa vel og borða rétt, þó detti hún í að vera aðeins slakari inn á milli. „En að vera dansari krefst þess að vera meðvitaður um líkamann, hlusta á hann og vera í tengslum við sjálfan sig. Líkaminn þarf að vera í formi til að taka við þeim verkefnum sem hent er í hann og sömuleiðis þarf sálin að vera í jafnvægi og viðbúin öllu.“

Þar sem við sitjum í betri stofu Tjarnarbiós yfir kaffi og súkkulaði lýsir Heba Eir því að þar sé gott að æfa og dvelja. „Það er góður og heimilislegur andi í húsinu,“ segir hún. „Ég tók upp á því að hekla í ferlinu, enda eru svo mörg vinkonu-börn að fæðast í kring um mig.“

Ólíkindatólið og ógnir samfélagsins

LEIKHÚS

Hans Blær

★★★★★

Tjarnarbió

Óskabörn ógæfunnar

Aðstandendur: Eiríkur Örn Norðdahl, Vignir Rafn Valþórsson, Halla Ólafsdóttir, Sveinn Ólafur Gunnarsson, Sólveig Guðmundsdóttir, Jörundur Ragnarsson, Sara Marti Guðmundsdóttir, Kjartan Darri Kristjánsson, Áslákur Ingvarsson, Davíð Freyr Þórunnarson og Brynja Björnsdóttir.

Eftir tafir var Hans Blær eftir Eirík Örn Norðdahl frumsýnt í Tjarnarbiói síðastliðinn miðvikudag. Er þetta í annað sinn sem Eiríkur og sviðslistahópurinn vinna saman en þeirra samstarf byrjaði með hinni ágætu Illsku sem sýnd var fyrir rúmum tveimur árum. Nýtt leikrit liggur nú fyrir, frumsamið í þetta skiptið, um ólíkindatólið og samfélagsmiðlastjórnuma Hans Blævi.

Form leikverksins er frekar hefðbundið og þrátt fyrir loford um ögrun þá þarf ekki að leita lengra en til virkra í athugasemdum til að sjá grófari aðfinnslur. Framvindan er keyrð áfram af atburðum frekar en innri baráttu persónanna, sem eru reyndar fámennar, og tilraunum til hnyttni, ekki dýptar. Hans Blær þróast aldrei sem persóna, heldur verður einungis ýktari. Vandamálið við að skrifa persónu sem lýgur stöðugt er að erfitt er að gera hana trúanlega á einhvern hátt. Persónur virðast lífa í samfélagslegu tómi, svo til áreitnislausar af feðraveldinu, þar sem internetið er allt umlykjandi en ekkert sett í samhengi.

Áður en lengra er haldið er nauðsynlegt að setja spurningarmerki við útfærsluna á aðalpersónunni sjálfri. Löngum hefur verið skortur á hinsegin persónum á leiksviði landsins, í öllum formum. Hans Blær er ekki sú breyting sem þörf er á. Kynsegin og hinsegin fólk er ekki einhvers konar afskræmi, uppfinning nútímans eða birtingarmynd umræðunnar í dag heldur einstaklingar sem eru að berjast fyrir sínum réttindum fyrir að vera til. Intersex manneskjur, transfólk og non-binary einstaklingar eru heldur ekki sami hluturinn.

Leikararnir berjast við að færa sýninguna áfram en höktandi þó. Fyrir utan Sólveigu sem leikur móður aðalpersónunnar taka aðrir leikarar að sér hlutverk Hans Blævar á mismunandi tímápunktum lífs hans. Öðryggi lá í loftinu, þá sérstaklega hvað varðar textann, en yfirhöfuð unnu þau ágætlega með það sem fyrir þau var lagt. Sveinn Ólafur leitaði í örugga takta sem forpokaði grófumadurinn, Sólveig á betra hlutverk skilið en skilningslausa móðirin enda firnasterk leikona og gaman er að sjá Jörund á sviði en hann var kannski sá eini sem tókst að gera Hans Blævi virkilega ógnandi. Sara Marti liður fyrir þunna persónusköpun þar sem hún leikur Hans Blævi áður en hún fór í kynleiðréttingu. Kjartan Darri er að þroskast vel sem leikari og vonandi bíða hans fleiri tækifæri brátt.

En lítið geta leikararnir gert þegar leikstjórnin er ekki nægilega góð. Oft hefur Vigni Rafni Valþórssyni tekist vel upp en Hans Blær hangir varla saman. Framvindan skróltir af stað með löngu dansatriði, nánast eins og helgileik til að bjóða áhorfendur velkomna, sem síðan verður ekkert úr eins og margt annað í sýningunni. Þó heppnadið svandans Hans Blævar fallega í lokin en var alveg á skjön við allt annað sem á undan hafði komið. Fyrir utan dansinn er ekki mikil hreyfing á sviðinu og hver sena fer fram nánast í kyrrstöðu, keyrð áfram af útskýringum. Kórinn sem kynnir Hans

Blævi til leiks hverfur og tilfærslur á sviðinu eru þunglamalegar.

Sviðsmyndarhönnun Brynju Björnsdóttur bjargar töluverðu, en nafns hennar er þó ekki getið í upplýsingum um sýninguna. Sviðið er tvískipt þar sem hinu hefðbundna sviði hússins hefur verið umturnað í einhvers konar sambland úr leikmyndasmiðju súrrealistanna og sjónvarpssetti frá sjöunda áratuginum. Fyrstu sætaröðunum hefur

verið kippt út og þess í stað settur hár pallur. Á milli svæðanna tveggja hangir gegnsæ dula fyrri part sýningar. Þess væri óskandi að þessi hugvitsamlega hönnun hefði verið notuð á skynsamlegri hátt.

Hans Blær er hvorki endurspeglun af internettröllum samfélagsins né satíra um þá súrrealísku umræðu sem springur stundum út í íslensku samfélagi. Að auki má setja stórt spurningarmerki við hvernig kyn

og kynhneigð aðalpersónunnar er sett fram. Hér er ekkert nýtt undir sólinni í þunglamalegri sýningu.

Sigríður Jónsdóttir

NIDURSTADA:

Stóryrðin skila sér ekki á svið.



FERMINGARVEISLA

BROT AF ÞVÍ BESTA ÚR 8BLS FERMINGARBÆKLIÐNUM

15" FHD LED
1920x1080 ComfyView
Intel N5000
2.7 GHz Burst Quad Core örgjörvi
8GB minni
DDR4 2400MHz
256GB SSD
M.2 diskur

3 LITIR

28" HDR UHD
3840x2160, 1ms, FreeSync

IPHONE SE 32GB
Fermingartilboð verð áður 54.990
49.990

IPHONE 8 64GB
Space og Gold litir fánlegir
107.990

ACER ASPIRE 3
Glæsileg ný 2018 kynslóð Acer Aspire 3 með silkisörvið bak, öflugt þráðlaust net

99.990

Glæsileg Aspire 3 frá Acer, kemur í 3 litum

BENQ EL2870U
Fullkominn 4K leikjaskjár með kristaltæra HDR tækni, 1ms svartíma og FreeSync leikjatekni

59.990

Einstakur HDR skjár með UHD 4K upplausn!

IPHONE X 64GB
Nýjasta útgáfa af hinum ofurvinsæla iPhone með betri skjá, meiri hraða og flottari myndavél

144.990

5.8" OLED skjár sem nær á jafar símans!

RYZEN **AMD RYZEN 3 2200G**
3.7GHz Turbo Quad Core örgjörvi
8GB minni
DDR4 3000MHz
256GB SSD
M.2 diskur

GTX1050 SKJÁKORT
2GB GDDR5 7.0GHz 640 Cores

TILBOÐ VIKUNNAR
VERÐ ÁÐUR 149.990

VIVE VR
119.990

AUDIO STRAP
19.990

Trust

beats solo³ wireless

BEATS SOLO3
Þráðlaus heyrnartól, allt að 40klst rafljóðuending

28.990

PS4 SLIM 500GB
Mögnuð leikjatólva á frábæru verði

39.990

FERMINGAR TILBOÐ
VERÐ ÁÐUR 154.990

13" MACBOOK AIR
128GB MacBook Air með intel i5

149.990

FJALLRÁVEN
Stórglæsilegar töskur á verði frá:

9.990

LEIKJALYKLABORD
Trust GTX 860 Semi mekanískt

6.990

SOUNDLINK MINI
Magnaður þráðlaus hátalari

22.990

TÖLVUTEK

Reykjavík · Hallarmúla 2 · 563 6900 | Akureyri · Undirhlíð 2 · 430 6900

Algjört vægðarleysi Svövu Jakobsdóttur

Þórhildur Þorleifsdóttir stjórnar í kvöld leiklestri í Hannesarholti á Hvað er í blýhólknum? eftir Svövu Jakobsdóttur.

Leikrit Svövu Jakobsdóttur verða leiklesin í Hannesarholti í mars og apríl. Fyrst á dagskrá er leikritið Hvað er í blýhólknum? undir stjórn Þórhildar Þorleifsdóttur, sem verður leiklesið í kvöld, fimmtudagskvöld, klukkan 20.00. Helstu leikendur eru: Anna Einarsdóttir, Björn Ingi Hilmarsson, Guðbjörg Thoroddsen, Hanna María Karlsdóttir, Jón Magnús Arnarsson og Sigurður Skúlason.

Hvað er í blýhólknum? var frumsýnt árið 1970 í leikstjórn Maríu Kristjánsdóttur. „Mér er afskaplega minnstætt þegar ég sá leikritið árið 1970,“ segir Þórhildur. „Þetta var sýning sem stimplaði sig inn í huga fólks því hún var afar nýstárleg og notaði ýmis meðul sem höfðu ekki sést mikið í íslensku leikhúsi. Leikstjórinn María Kristjánsdóttir var nýkomin frá námi í Þýskalandi og þetta var frumraun hennar. Þarna sló María nýjan tón.“

Leikritið talaði beint inn í þá umræðu sem þarna var að hefjast um stöðu kvenna og óánægju þeirra. Umræðan var komin í bullandi gang þótt hún væri ekki komin upp á yfirborðið. Á sama tíma var Rauðsokkahreyfingin stofnuð í kjölfar þess að konur gengu niður Laugaveginum með Lýsiströtu á herðunum og áletruninni: Manneskja en ekki markaðsvara.

Svava talaði beint inn í þennan tíma og gekk fram af mörgum því hún var algjörlega vægðarlaus og



„Feðraveldið stendur enn föstum fótum,“ segir Þórhildur Þorleifsdóttir. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

reif í sundur goðsögnina um hina hamingjusömu konu. Henni tókst að fanga frústrasjónir kvenna sem lokast inni á heimilum, talsvert hlutverkalausar, nema þegar mest gengur á í barnauppleði, og sitja svo einar eftir þegar börnin hafa yfirgefið heimilið.

Samfélagið gekk svo sannarlega

SVAVA TALADI BEINT INN Í ÞENNAN TÍMA OG GEKK FRAM AF MÖRGUM ÞVI HÚN VAR ALGJÖRLEGA VÆGÐARLAUS OG REIF Í SUNDUR GOÐSÖGNINA UM HINA HAMINGJUSÖMU KONU.

upp í því að deyfa þessar konur og sálfræðingarnir tóku fullan þátt í því. Það voru heilu fræðigreinar skrifaðar um það að konur væru ánægðastar í þessu hlutverki, þótt þær héldu sjálfar eitthvað annað.“

Áratugir eru síðan Hvað er í blýhólknum? var frumsýnt og margt hefur breyst á þeim tíma. Hefur

leikritið staðist tímans tönn? „Þetta er vel skrifað verk og skemmtilegt,“ segir Þórhildur. „Hin formlega umgjörð um líf kvenna hefur breyst, en ég held að nýjustu tíðindi, MeToo-byltingin, sýni að feðraveldið stendur enn föstum fótum með öllum sínum birtingarmyndum.“

kolbrunb@frettabladid

Úlfurinn við píanóið

TÓNLIST

★★★★★

Gautaborgarsinfónían flutti verk eftir Beethoven, R. Strauss og Sibelius. Einleikari: Héléne Grimaud. Stjórnandi: Santtu-Matias Rouvali.

Eldborg í Hörpu
Sunnudaginn 18. mars

Góðir píanóleikarar eru óteljandi. Þeir sem ætla að slá í gegn þurfa því eitthvað meira en bara að vera góðir. Héléne Grimaud hefur ákveðna sérstöðu fyrir tengsl sín við úlfa. Fyrir hundrað árum hefði það hvarflað að manni að hún væri varúlfur. Hún eyðir svo miklum tíma með úlfum að það er hreinlega ekki einleikið. Hún ræktar þá og stofnaði á sínum tíma miðstöð í Bandaríkjunum þeim til verndar.

Grimaud segir frá þessu í sjálfsvísógu sinni. Nótt eina fyrir tæpum tuttugu árum fór hún út til að víðra hund vinar síns. Þá rakst hún á skringilegan náunga sem bjó skammt frá. Hann átti gæludýr sem hún telur að hafi verið hálfur úlfur og hálfur hundur. Úlfhundurinn kom til hennar og hún rétti út höndina. Hann leyfði henni að snerta sig og hún segir að þá hafi rafstraumur farið um sig sem hafi kveikt undarlegan söng í sál hennar. Það var líkt og óþekktur forn kraftur kallaði á hana.

Það var svo sem ekkert varúlfalegt við Grimaud þegar hún lék einleik með Gautaborgarsinfóníunni í Hörpu á sunnudagskvöldið. Þvert



Spilamennska Grimaud var full af ástriðu og drama, túlkunin ákóf og hitti beint í mark, segir í dómnum. NORDICPHOTOS/GETTY

á móti var leikur hennar í upphafi mjög blíðlegur, enda á dagskránni fjórði píanókonsertinn eftir Beethoven. Byrjun konsertsins er eins og í hugleiðslu, en svo magnast hann og

rís upp í marga hápunkta. Formið er þó alltaf agað, hrynjandinn óskekikul, hröð tónahlaup upp og niður hljómsveitina. Leikur Grimaud var akkúrat og fätt

sem kom á óvart. En svo byrjaði einleikspátturinn í lok fyrsta kaflans, kadensan svokallaða. Hún myndaði skemmtilega andstæðu við allt þetta fyrirsjáanlega í samspili einleikarans

og hljómsveitarinnar. Hér var spilamennska Grimaud full af ástriðu og drama, túlkunin var ákóf og hitti beint í mark.

Í heild var flutningurinn á konsertinum lifandi og skemmtilegur, auk þess sem hann var tæknilega öruggur. Annað á efnisskránni var sömuleiðis frábært. Svíta úr óperunni Rósariddarinn eftir Richard Strauss var einhver magnaðasti tónlistarviðburður sem hefur átt sér stað á landinu, leyfir undirritaður sér að fullyrða. Hið margbrotna tónmál var útfært af ótrúlegri nákvæmni og smekkvísi undir kraftmikilli stjórn Santtu-Matias Rouvali. Litir hljómsveitarraddanna voru svo dásamlega skýrir og sterkir að það var alveg einstakt. Gautaborgarsinfónían er stærri en sú íslenska, en ekki bara það. Samspilið var það fagað að smæstu blæbrigði voru unaður áheyrnar og ofsafengnir kaflar rafmagnaðir. Framvindan í túlkuninni var líka sérlega spennuþrungin.

EKKI VAR FÝRSTA SINFÓNÍAN EFTIR SIBELIUS SÍÐRI. TÓNLISTIN ER VIÐBURÐARÍK, ÞAD ER ALLTAF EITTHVAÐ AÐ GERAST, LAGHENDINGAR RÍSA OG FALLA, ALLS KONAR HRYNJANDI KEMUR VIÐ SÖGU OG RÍSIÐ Í LOKIN ER VOLDUGT. VERKIÐ ER VISSULEGA EKKI EINS FLOTT OG ÝMISLEGT ANNAÐ EFTIR SIBELIUS, EN FLUTNINGURINN VAR SAMT Í FREMSTU RÖÐ, SVO FALLEGA MÓTADUR OG TÆKNILEGA FULLKOMINN AÐ ÞAD GERIST EKKI BETRA. JÓNAS SEN

NIÐURSTADA: Frábærir tónleikar með flottum einleikara og himneskri hljómsveit.

Frjáls framlög



enginn kostnaður!

VILTU GLEÐJA FORELDRA LANGVEIKRA BARNNA EÐA FJÖLSKYLDUR ÞAR SEM FORELDRI ER AÐ GLÍMA VIÐ LÍFSÓGNANDI SJÚKDÓM?

Hjá okkur í Samferða er enginn kostnaður og allt rennur óskert til þeirra sem þurfa svo sannarlega á að halda.

Þú getur hringt í eftirtalin númer:

907 1081 – 1.000 kr.

907 1083 – 3.000 kr.

907 1085 – 5.000 kr.

907 1090 – 10.000 kr.



Þú finnur okkur á Facebook – ekki hika við að fylgja okkur þar, við gerum góðverk í hverjum mánuði fyrir íslensku þjóðina.

www.facebook.com/samferdafoundation



gæði... ending... ánægja.



skoðaðu úrvalið á Weber.is

Slakaðu á með Slökun

Einkenni magnesíum-skorts

- ↪ Lítil orka
- ↪ Þröttleysi
- ↪ Veik bein
- ↪ Hormóna ójafnvægi
- ↪ Svefntruflanir
- ↪ Vöðvakrampar, kippir og spennu
- ↪ Kölkun líffæra
- ↪ Óreglulegur hjartsláttur
- ↪ Kvíði
- ↪ Streita
- ↪ Pirringur



www.mammaveitbest.is

Blekhyllki.is



Ódýr blekhyllki og tónerar!

Blekhyllki.is, S. 517 0150 – 2. hæð Smáralind

Nýjar vörur frá geoSilica



Fæst í öllum helstu apótekum, heilsuvöruverslunum, Hagkaupum, Nettó, Fjarðarkaupum og vefverslun geoSilica.

Nánari upplýsingar má finna á www.geosilica.is

geoSilica
ICELAND



Netflix gerir grimmt út á King með misjöfnum árangri. 1922 hefði getað verið betri.

Hryllingskóngurinn drottinnar yfir sjónvarpinu

Með tilkomu efnisveitna á borð við Netflix hefur eftirspurnin eftir Stephen King og fjörutíu far-sælum áratugum aldrei verið meiri.

Stephen King hefur verið eftirlæti kvikmyndagerðarfólks allt frá því að Brian De Palma snaraði fyrstu skáldsögu hans, Carrie, á filmu 1976. Meistari Stanley Kubrick stökk á þriðju skáldsögu Kings, The Shining, 1980 og síðan þá hefur nánast allt sem hann setur á blað endað í kvikmyndahúsum eða sjónvarpi. Þökk sé ofurmannlegum afköstum þessa meistara hrollvekjunnar, sem í seinni tíð hefur frekar keyrt á mannlegu drama og spennu en viðbjóði, er enn af nógu að taka. Og hann bætir stöðugt við. Ekki veitir af þar sem þrátt fyrir



Í breyttum heimi er Stephen King enn kóngurinn.

stöðugar vinsældir út um allan heim í fjóra áratugi hefur eftirspurnin eftir verkum Kings til kvikmyndunar aldrei verið meiri. Þessi fyrrverandi enskukennari og sérvitringur, sem skrifaði sínar fyrstu sögur á ritvél og tölur sem eru orðnar safngripir, skrifar nú fullkomlega í takt við nýja tíma og tækni.

Breytt neysluhegðun í áhorfi með tilkomu efnisveitna eins og Netflix og Hulu hefur opnað á nýja flóðbylgju efnis sem byggt er á verkum Kings og eftirspurnin er ótakmörkuð. Á Netflix á Íslandi er nú hægt að horfa á fyrsta árgang Under the Dome, The Mist og „sjónvarpsmyndirnar“ 1922 og Gerald's Game.

Óhætt að mæla með öllu þessu og þá ekki sist því nýjasta, 1922 og Gerald's Game. 1922 er gerð eftir samnefndri nóvellu úr safninu Full Dark, No Stars frá 2010. Það besta við þessa mynd er að hún er einhvers konar afturhvarf til upphafsára Kings. Hér er boðið upp á subbulega glæpi, afturgöngur, gróteskan viðbjóð og rottur. Hell-ing af tannhvössum rottum.

Tom Jane leikur hér kotbónda sem er að húrta á hausinn árið 1922. Hann er hálfgerður Svartur í Vetrarhúsum og freistar þess að bjarga búskapnum með því að draga ungan son sinn með sér í blóðugan björgunarleiðangur sem getur aldrei endað nema illa. Vel þess virði að horfa á.

Gerald's Game er gerð eftir skáldsögu Kings frá 1992. Hún þótti all sérstök þá en hún gerist í höfðinu á konu sem er hlekkjuð við rúmgöfl í afskekktum sumarbústað, með líkið af eiginmanni sínum á gólfinu, og biður þess að veslast upp og deyja. Ef hungraður flækingshundur étur hana ekki áður.

Carla Gugino er firnasterk í hlutverki Jessie sem óvart drepur eiginmann sinn í upphafi kynlífsleiks sem hún hafði engan áhuga á að taka þátt í. Á meðan hún biður þess sem verða vill, bjargarlaus, spólar hún í gegnum alls konar ógeð sem hún hefur upplifað.

Gerald's Game er skólabókardæmi Kings um að mesti hryllingurinn fer fram í huga fólks, lesandans, áhorfandans.

Næstu ár eiga eftir að verða aðdáendum Kings, gömlum og nýjum, gjöful í sjónvarpi og í bíó þannig að það er um að gera að drífa í að klára það sem er í boði á Netflix. Ef það á að halda í við kónginn dugir ekki að slóra. thorarinn@frettabladid.is

Enn í bíó

ANDIÐ EDLILEGA



Ísöld Uggadóttir segir mikla og áhrifaríka sögu á töfrandi hátt og lætur engan ósnortinn. Andid edlilega er krefjandi, nístandi fögur mynd sem á erindi við alla. Ut um allan heim.

FULLIR VASAR



Hressileg „strákamynd“ sem virkar einhvern veginn betur en maður reiknaði með. Margt gott í gangi og finn húmor á köflum en sagan er full þvæld. Skemmtilega leikin og gefur góð fyrirheit um það sem koma skal frá „snöppurinum“.



BLACK PANTHER



Bráðskemmtileg og spennandi ofurhetjumynd sem svíkur hvernig en undir niðri kraumar mögnuð og tímabær samfélagsgagnrýni sem

gerir Black Panther að tímamótamynd.

Dómanna í fullri lengd má nálgast á www.frettabladid.is/lifid/

FRÉTTABLAÐIÐ IS

考

HUGSANLEGA BESTU KAUPIN



Nú fylgir þjónustuskoðun í tvö ár með nýjum Outlander PHEV

Mitsubishi Outlander PHEV hefur slegið rækilega í gegn hjá þjóðinni og varð vinsælasti bíllinn í flokki jeppa og jepplinga árið 2017. Í krafti vinsældanna á 100 ára afmælisári Mitsubishi getum við áfram boðið frábær kjör á þessum magnaða bíl. Hann er ríkulega útbúinn með 5 ára ábyrgð og 8 ára ábyrgð á rafhlöðu. Þú getur tryggt þína ábyrgð hjá viðurkenndum þjónustuaðila, því nú fylgir þjónustuskoðun í tvö ár með í kaupunum* á nýjum Outlander PHEV frá HEKLU. Nú er tækifærið til að skipta yfir í vistvænan bíl. Hlökkum til að sjá þig!

Outlander Invite PHEV

- Margmiðlunartæki með skjá
- Leðurklætt aðgerðastýri fyrir útvarp, hraðastilli og Bluetooth
- USB tengi
- 6 hátalarar
- DAB+ (Digital Audio) útvarpstæki
- LED dagljós
- Regn- og ljósaskynjarar
- Rafdrifnar rúður
- Þokuljós að framan
- Hæðarstillanlegt bílstjórásæti
- 7 SRS loftþúðar
- ASTC spólvörn
- Brekkuaðstoð (Hill Start Assist)
- Rafmagnshandbremsa með sjálfvirkri biðstöðu
- Aflendurheimt á hendlum fyrir rafmótor
- AVAS hljóðviðvörðunarkerfi
- Bakkmyndavél
- Samlitir, aðfellanlegir rafstillanlegir og upphitaðir hliðarspeglar
- 18" álfelgur 225/55 R18
- App tenging til að forhita bíl og stýra hleðslu
- Lyklalaus ræsing
- Skyggðar afturrúður
- Hiti í sætum
- Hraðastillir
- Tvískipt miðstöð með forhitara

Outlander Invite PHEV
4x4, sjálfskiptur, frá:

4.540.000 kr.



FYRIR HUGSANDI FÓLK

*Nánari upplýsingar um þjónustuskoðun HEKLU má finna á hekla.is. Verð, tilboðsverð og búnaður eru háð gengi erlendra gjaldmiðla á hverjum tíma og geta því breyst án fyrirvara.

HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Umboðsmenn um land allt: Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílas Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ

Hvað? Hvenær? Hvar?

Fimmtudagur

Hvar@frettabladid.is

22. MARS 2018

Tónlist

Hvað? Týsdagstæknó á Húrra
Hvenær? 22.00
Hvar? Húrra, Tryggvagötu
Týsdagstæknó á fimmtudegi.

Hvað? Franskar stundir í Stúdentakjallaranum
Hvenær? 17.00
Hvar? Stúdentakjallarinn
Í dag verða franskir tónleikar í Stúdentakjallaranum í tilefni daga franskra tungu. Þeir sem koma fram eru: Jóhanna Vígðis og Karl Olgeirsson, Unnur Sara Eldjárn, Tui Hirv og Páll Ragnar og Le Bateau Vivre.

Hvað? Geir Ólafsson í Petersen svítunni
Hvenær? 21.00
Hvar? Petersen svítan, Ingólfsstræti
Í kvöld mun enginn annar en Geir Ólafs mæta ásamt hljómsveit og halda uppi stemningunni. Swing, latin & bolero haft í hávegum.

Viðburðir

Hvað? Kína og seinni heimsstyrjöldin – Það ku vera fallett í Kína
Hvenær? 18.00
Hvar? Kinasafn Unnar, Njálsgötu
G. Jökull Gíslason hefur ferðast um söguslóðir í Kína og haldið námskeið um Kína og seinni heimsstyrjöldina hjá Endurmenntun Háskóla Íslands og um jóln kom út bók hans „Föðurlandsstríðið mikla og María Mitrofanova“. Fyrirlesturinn verður í Kinasafni Unnar og það kostar 1.000 kr. inn en innifalið er súpa og te.

Hvað? Hænsnaþjófurinn – Sögustund
Hvenær? 17.30
Hvar? Bókasafn Árborgar, Selfossi
Í dag mun Kiddý lesa um Pétur og köttinn Brand í Hænsnaþjófinum fyrir yngstu kynslóðina klukkan 17.30 á Bókasafni Árborgar, Selfossi. Allir hjartanlega velkomnir.

Hvað? Þöbkkviss Félagsstjórn málafræðinga og Politicu
Hvenær? 20.00
Hvar? Reykjavík Bus Hotel
Félag Stjórn málafræðinga nema þýður í þöbkkviss í kvöld og spurningahöfundur verður hinn eini Logi Bergmann, sem er að sjálfsögðu menntaður í stjórn málafræði.



Glæsileg í grænu



Katrín, hertogaynja af Cambridge, hélt magnaða ræðu á málþingi þar sem fjallað var um að stíga fyrr inn í líf barna. Góðgerðarsamtök Katrínar héldu málþingið og sagði hertogaynjann að hún hefði alla tíð haft áhuga á málinu. NORDICPHOTOS/GETTY

Hin klassíska bjórspurning verður númer 18 og sigurvegarar munu bera kassa af bjór úr býtum. Fjórir í liði og svindl illa séð. Aðgangur ókeypis, allir velkomnir.

Hvað? Spilakvöld Samtakanna '78
Hvenær? 20.00
Hvar? Samtökin '78, Suðurgötu 3
Spilakvöld Samtakanna '78 hafa verið vinsæl og eitt slíkt verður haldið í kvöld.

Sýningar

Hvað? Tak í lige máde: Leiðsögn sýningarstjóra
Hvenær? 20.00
Hvar? Hafnarhúsið
Leiðsögn með Markúsi Þór Andréssyni, sýningarstjóra sýningarinnar Tak í lige máde: Samtímalist frá Danmörku. Árið 2018 eru 100 ár liðin frá því að Ísland hlaut fullveldi sem markaði veg landsins til sjálfstæðis undan dönskum yfirráðum. Listasafn Reykjavíkur minnst þessara tímamóta með því að bjóða valinkunnum dönskum samtímalista-mönnum að sýna í safninu. Mikil gerjun á sér stað í danskrí myndlist,

Logi Bergmann er spurningahöfundur í þöbkkvissi Félagsstjórn málafræðinga.



Fyrirlestur um Kína og seinni heimsstyrjöldina verður haldinn í Kinasafni Unnar á Njálsgötu í kvöld.

ekki síst í ljósi breyttrar heimsmyndar í pólitísku og samfélagslegu tilliti. Þær hræringar endurspeglast í allri listsköpun og gestir fá innsýn í þær í nýjum verkum frá frændum okkar og fyrrverandi herrapjóð Íslendinga.

Hvað? Elinu Brotherus – Leikreglur
Hvenær? 11.00
Hvar? Listasafn Íslands
Listasafn Íslands sýnir ný verk eins þekktasta ljósmyndara sam-



metrar og í fljótu bragði líkist hún helst virkisvegg. Innan hennar eru tuttugu stígagangar og 200 íbúðir þar sem búa nokkur hundruð manns. David Barreiro ljósmyndaði bygginguna, íbúana og umhverfið heima hjá þeim. Íbúarnir eiga það sameiginlegt að hafa reynslu af því að flytjast til Íslands víða að úr heim-inum.

Hvað? Spegill samfélagsins 1770
Hvenær? 10.00
Hvar? Safnahúsið

Í tilefni 135 ára afmælis Þjóðskjalasafns Íslands hefur verið sett upp sýning á úrvali skjala Landsnefndarinnar fyrri 1770. Danski konungurinn sendi rannsóknarnefnd til Íslands árið 1770 til að kanna samfélagið og auðlindir þess. Skjalasafn nefndarinnar, sem nefnd hefur verið Landsnefndin fyrri, er mikið að vöxtum, um 4.200 handritaðar síður.

Geir Ólafsson verður á Petersen svítunni í kvöld með hljómsveit.

tímans, Elinu Brotherus.

Hvað? Langa blokkín í Efra-Breiðholti
Hvenær? 10.00
Hvar? Þjóðminjasafnið
Lengd byggingarinnar er um 320

BIO ★ PARADIS

HAPPY HOUR Á BARNUM 17-19

The Florida Project	17.30
Loveless	17.30
Call Me By Your Name	17.30
The Shape Of Water	20.00, 22.30
Andið edlilega	20.00
Óþekkti Hermaðurinn	20.00
Spoor	22.00
Three Billboards Outside Ebbing Missouri	22.30

NÝTT



Gleðilega páska



Sjálfbærni og samfélagsábyrgð
Nóa Sírius súkkulaði er hluti af Cocoa Horizons verkefninu, sem gerir kakóræktendum kleift að framleiða kakó á sjálfbæran og ábyrgan hátt. Verkefnið stuðlar að betri lífsskilyrðum í kakóræktarsamfélögum og bættum aðbúnaði starfsfólks.

Salt gott að fréttu?

Þegar þú hélt að rjómasúkkulaðið okkar gæti bara ekki batnað þá kemur þetta stórkostlega egg, með saltlakkríslögum og íslensku sjávarsalti. Þú verður bara að prófa til að sannfærast, en við ábyrgjumst ekki að þú getir hætt að gæða þér á öllu góðgætinu.

Gjörið þið svo vel – það er nóg til fyrir alla.



facebook.com/noisirius

DAGSKRÁ

Fimmtudagur



AMERICAN IDOL

KL. 19:25

Bráðskemmtileg sería af American Idol með nýjum dómurum í hverju sæti. Hinn eini sanni Lionel Richie, Katy Perry og Luke Bryant. Frábær fjölskyldupáttur.

Frábært Fimmtudagskvöld

Fáðu þér áskrift á 365.is

THE GOOD DOCTOR

KL. 20:55


Ungur skurðlæknir með einhverfu er ráðinn til starfa á virtan spítala. Mun það verða honum til framdráttar eða fjötur um fót?



THE BLACKLIST

KL. 21:40

Hér er James Spader í hlutverki hins magnaða Raymond Reddington sem var efstur á lista yfir eftirlýsta glæpamenn hjá bandarískum yfirvöldum.



THE X-FILES

KL. 22:25

Skemmtilegir þættir með þeim Fox Mulder og Dana Scully en þau eru áfram eitt öflugasta teymi innan bandarísku alríkislögreglunnar þegar kemur að rannsóknum á dularfullum og yfirnáttúrulegum málum.



HERE AND NOW

KL. 23:10


Tim Robbins og Holly Hunter fara með hlutverk hjóna sem eiga blandaða fjölskyldu, þrjú ættleidd börn frá Sómalíu, Víetnam og Kólumbíu ásamt einu sem þau eignuðust saman.



THE 40 YEAR OLD VIRGIN

KL. 22:00

Andy Stitzer hefur aldrei verið laginn við að næla sér í konur og nú er svo komið að hann er orðinn fertugur og hefur aldrei verið við konu kenndur.



3 GOTHAM

KL. 22:20

Hörkuspennandi þættir þar sem söguviðið er Gotham-borg sem flestir kannast við úr sögunum um Batman.



Allt þetta og meira til á aðeins 333 kr. á dag.

365.is



STÖÐ 2

06.10 Ballers
06.40 The Middle
07.00 The Simpsons
07.20 Kalli kanína og félagar
07.45 Tommi og Jenni
08.05 The Middle
08.30 Ellen
09.15 Bold and the Beautiful
09.35 The Doctors
10.15 Hell's Kitchen
11.00 Hvar er best að búa?
11.45 Grey's Anatomy
12.35 Nágrannar
13.00 Eternal Sunshine of the Spotless Mind
14.45 To Walk Invisible
16.55 Bold and the Beautiful
17.20 Nágrannar
17.45 Ellen Skemmtilegur spjallþáttur með hinni einu og sönnu Ellen DeGeneres sem fær til sín góða gesti og slær á létta strengi. Þættirnir eru með þeim vínælustu í sinni röð um allan heim enda hefur Ellen einstakt lag á gestum sínum og nær að skapa óviðjafnanlegt andrúmsloft í salnum sem skilar sér beint til áhorfenda heima í stofu.

18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.55 Ísland í dag
19.10 Sportpakinn
19.20 Fréttayfirlit og veður
19.25 American Idol
20.50 The Good Doctor
21.35 The Blacklist
22.20 Here and Now Vandaðir gæðþættir frá HBO. Tim Robbins og Holly Hunter fara með hlutverk hjóna sem eiga blandaða fjölskyldu, þrjú ættleidd börn frá Sómalíu, Víetnam og Kólumbíu ásamt einu sem þau eignuðust saman. Öll upplifa þau bandaríska menningu á gjörólíkan hátt sem getur reynt verulega á fjölskylduböndin. Höfundur þáttanna er Alan Ball sem gerði Óskarsverðlaunamyndina American Beauty og verðlaunþættina Six Feet Under og True Blood.
23.15 The X-Files
00.00 Real Time With Bill Maher Vandaður og hressandi spjallþáttur í umsjón Bill Maher þar sem hann fer yfir málefni líðandi stundar með hinum ólíkustu gestum.
00.55 Gásmamman
01.40 Homeland
02.25 Death Row Stories
03.10 Broadchurch
04.00 Broadchurch
04.50 Point Break

STÖÐ 2 SPORT

08.50 Stjarnan - FH
10.20 Skallagrímur - Stjarnan
12.00 Seinni bylgjan
13.35 Liverpool - Watford
15.15 Stoke - Everton
16.55 Domino's-körfuboltakvöld
18.35 Premier League World
19.05 ÍR - Stjarnan
21.10 MD í hestaiþróttum - Samantekt
21.55 Seinni bylgjan
23.30 ÍR - Stjarnan

STÖÐ 2 SPORT 2

08.00 Valur - Haukar
09.40 FH - Selfoss
11.10 FA Cup
13.15 FA Cup
14.55 Haukar - Breiðablik
16.35 Þýsku mörkin
17.05 Huddersfield - Crystal Palace
18.45 Bournemouth - WBA
20.25 Premier League Review
21.20 New Orleans - Boston Celtics
23.15 ÍR - Stjarnan

ÚTVARP

FM 88,5 XA-Radíó
FM 89,5 Retro
FM 90,1 Rás 2FM 90,9 Gullbylgjan
FM 93,5 Rás 1
FM 95,7 FM957

STÖÐ 3

18.15 Anger Management
18.40 Baby Daddy
19.05 Last Man Standing
19.30 Entourage
20.00 Seinfeld
20.25 Friends
20.50 Supergirl
21.35 Arrow
22.20 Gotham
23.05 Dagvaktin
23.40 Bob's Burgers
00.30 Seinfeld
00.55 Entourage
01.25 Friends
01.50 Tónlist

STÖÐ 2 KRAKKAR

07.13 Víkingurinn Viggó
07.27 Zigby
07.38 Mæja býfluga
07.50 Kormákur
08.00 Dóra könnuður
08.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar
08.47 Doddi litli og Eyrnastór
09.00 Áfram Diego, áfram!
09.24 Svampur Sveinsson
09.49 Mamma Mu
09.54 Strumparnir
10.19 Lalli
10.25 Hvellur keppnisbill
10.37 Ævintýraferðin
10.49 Gulla og grænjaxlarnir
11.00 Stóri og Litli
11.13 Víkingurinn Viggó
11.27 Zigby
11.38 Mæja býfluga
11.50 Kormákur
12.00 Dóra könnuður
12.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar
12.47 Doddi litli og Eyrnastór
13.00 Áfram Diego, áfram!
13.24 Svampur Sveinsson
13.49 Mamma Mu
13.56 Strumparnir
14.21 Lalli
14.27 Hvellur keppnisbill
14.39 Ævintýraferðin
14.51 Gulla og grænjaxlarnir
15.02 Stóri og Litli
15.15 Víkingurinn Viggó
15.29 Zigby
15.40 Mæja býfluga
15.52 Kormákur
16.02 Dóra könnuður
16.26 Mörgæsirnar frá Madagaskar
16.49 Doddi litli og Eyrnastór
17.02 Áfram Diego, áfram!
17.26 Svampur Sveinsson
17.51 Mamma Mu
17.58 Strumparnir
18.23 Lalli
18.29 Hvellur keppnisbill
18.41 Ævintýraferðin
18.53 Gulla og grænjaxlarnir
19.04 Rasmus fer á flakk



Mörgæsirnar frá Madagaskar, kl. 08.24, 12.24 og 16.24

GOLFSTÖÐIN

08.00 WGC: Dell Match Play
14.00 Golfing World
14.50 Arnold Palmer Invitational
17.35 Inside the PGA Tour
18.00 WGC: Dell Match Play

STÖÐ 2 BÍÓ

12.05 The Yellow Handkerchief
13.40 Flying Home
15.15 The Edge of Seventeen
17.00 The Yellow Handkerchief
18.35 Flying Home
20.15 The Edge of Seventeen
Dramatísk gamanmynd frá 2016. Allir vita að það er erfitt að vaxa úr grasi, og það er það sem miðskólaneminn Nadine upplifir líka. Henni finnst allt vera hálf vandræðalegt í kringum sig og ekki batnar það þegar eldri bróðir hennar Darian, sem er aðal gaurinn í skólanum, byrjar með bestu vinkonu hennar, Kristu. Allt í einu finnst Nadine hún vera meira einmana en nokkru sinni fyrr, eða þar til að hún kynnist óvænt strák sem gefur henni smá von um að lífið sé ekki svo slæmt.
22.00 The 40 Year Old Virgin
23.55 The Transporter Refueled
01.30 Solace Sálfræðitryllir frá 2015 með Anthony Hopkins og Colin Farrell í aðalhlutverkum.
03.10 The 40 Year Old Virgin

RÚV

16.15 Grænkeramatur
16.45 Andri á flandri í túristalandi
17.15 Fjörskyldan
17.50 Tákn málsfréttir
18.00 KrakkaRÚV
18.01 Stundin okkar
18.25 Ég og fjölskyldan mín - Villads
18.36 Letibjörn og læmingjarnir
18.43 Flink
18.46 Slagarinn
18.50 Krakkafréttir
19.00 Fréttir
19.25 Íþróttir
19.30 Veður
19.35 Kastljós
19.50 Menningin
20.00 Unga Ísland
20.40 Hemsley-systur elda hollt og gott
21.10 Dánardómstjórnin
22.00 Tíufréttir
22.15 Veður
22.20 Glæpahneigð
23.05 Endurheimtur
23.50 Kastljós
00.05 Menningin
00.10 Dagskrárlök

SJÓNVARP SÍMANS

06.00 Síminn + Spotify
08.00 King of Queens
08.25 Dr. Phil
09.05 The Tonight Show
09.45 The Late Late Show
10.25 Síminn + Spotify
10.55 The Bachelor
12.25 The Bachelor
13.10 Dr. Phil
13.50 9JKL
14.15 Survivor
15.00 America's Funniest Home Videos
15.25 The Millers
15.50 Solsidan
16.15 Everybody Loves Raymond
16.40 King of Queens
17.05 How I Met Your Mother
17.25 Dr. Phil
18.10 The Tonight Show
18.55 The Late Late Show
19.35 The Mick
19.55 Man With a Plan
20.20 Trúnó
21.00 9-1-1
21.50 Scandal
22.35 Mr. Robot
23.25 The Tonight Show
00.45 24
01.30 Salvation
02.15 SEAL Team
03.00 Agents of S.H.I.E.L.D.
03.50 Síminn + Spotify

FM 102,9 Lindin

GLAMOUR

ÁSKRIFTARTILBOÐ

5 tölublöð af Glamour, send heim að dyrum + EGF Serum frá Bioeffect

AÐEINS 9.990 kr.

Heildarverðmæti pakkans er 19.900 kr.



EGF serum húddroparnir frá Bioeffect eru margverðlaunuð vara sem hefur farið sigurför um heiminn. Öflugt og hreint serum sem eykur kollagen- og elastínmyndun húðarinnar, auk þess að draga úr hrukkum, gefur henni meiri raka og eykur þykkt hennar.

* Aðeins takmarkað magn í boði - fyrstir koma, fyrstir fá!

Þrjár auðveldar leiðir til að skrá sig í áskrift

1. Farðu inn á Glamour.is og skráðu þig í áskrift
2. Hringdu í síma: 512 5550
3. Sendu okkur tölvupóst á glamour@glamour.is

FYLGSTU MEÐ OKKUR Á SAMFÉLAGSMIDLUNUM

Facebook - Glamour Iceland

Instagram @glamouriceland #glamouriceland

Twitter - GlamourIceland

Heilsan okkar

Edda Björk Þórðardóttir
doktor í lýð-
heilsuvísindum



Vísindarannsóknin Áfallasaga kvenna

Nú stendur yfir ein stærsta vísindarannsókn sem gerð hefur verið á Íslandi og ein sú umfangsmesta á þessu sviði á heimssviðu: Áfallasaga kvenna – Vísindarannsókn Háskóla Íslands. Markmið hennar er að kortleggja algengi áfalla meðal kvenna hér á landi og skoða áhrif áfalla á heilsu þeirra. Væntingar standa til þess að sem flestar fullorðnar konur á Íslandi muni taka þátt í rannsókninni, en allar konur 18-69 ára fá boð um þátttöku með SMS-skilaboðum eða póstkorti. Þátttaka felst í svörum á rafrænum spurningalista sem nálgast má á vefsíðunni www.afallasaga.is.

Heilsan okkar vill hvetja konur til að leggja sitt af mörkum til að auka þekkingarsköpun á þessu sviði. Til þess að geta metið algengi áfalla og áhrif þeirra á heilsu er einnig nauðsynlegt að hafa til viðmiðunar upplýsingar frá konum sem ekki hafa upplifað áföll. Því er mikilvægt að sem flestar konur taki þátt, óháð því hvort þær hafa orðið fyrir áföllum eða ekki.

ERLENDAR RANNSÓKNIR BENDA TIL AÐ MEIRIHLUTI KVENNA VERÐI FYRIR ALVARLEGU ÁFALLI.

Ábyrgðarmaður rannsóknarinnar er Unnur Valdimarsdóttir, prófessor við læknadeild Háskóla Íslands. Hún hlaut styrk frá Evrópska rannsóknarráðinu til að framkvæma Áfallasögu kvenna og má geta þess að hann er stærsti mögulegi styrkur sem ráðið veitir afreksvísindamönnum.

Erlendar rannsóknir benda til að meirihluti kvenna verði fyrir alvarlegu áfalli einhvern tímann á lífsleiðinni, svo sem ofbeldi, slysi eða ástvinamissi. Hingað til hafa fáar rannsóknir skoðað áföll meðal íslenskra kvenna og þá með takmarkaðan fjölda þátttakenda. Rannsókn af þessari stærðargráðu veitir dýrmætt tækifæri til að skoða tengsl áfalla við margvísleg heilsufarsvandamál. Niðurstöðurnar munu nýtast til stefnumótunar og þróunar skilvirkra forvarna gegn áföllum svo sem ofbeldi. Auk þess munu þær vonandi nýtast við þróun nýrra meðferðarúræða og skilvirkari þjónustu fyrir þolendur áfalla.



Kennararnir Katrín og Anna með nemendahópnum, Ingerði, Julie, Kristínu, Lauru, Lukreciju, Sigmundi, Sigríði, Steinunni og Þ. Sunnevu. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Allir hefðu gott af því að telja fötin í fataskápnum

Nemendur á öðru ári í fatahönnun hafa undanfarið unnið að verkefni í samstarfi við Fata-söfnun Rauða krossins þar sem þau velta þau fyrir sér textílsöun, framleiðslu og neysluhegðun. Fyrsta verkefnið sem þau fengu var að telja fötin í sínum eigin fataskáp.

Fatahönnunarnemar á öðru ári í Listaháskóla Íslands hafa undanfarið varið tíma sínum í að vinna verkefni sem er eins konar andsvar við vestrænni neyslumeningu. Verkefnið, sem ber heitið Misbrigði III: Utangarðs, er unnið í samstarfi við Fatasöfnun Rauða krossins á Íslandi. Nemendur fá þar fatnað og textil sem hefur af einhverjum ástæðum ekki þótt hæfur til sölu.

Með verkefninu vilja nemendur vekja fólk til umhugsunar um meðal annars textílsöun, neysluhegðun og framleiðsluferli textíls undir leiðsögn Katrínar Maríu Káradóttur, aðjúnkt við hönnunar- og arkitektúrdeild.

Níu nemendur eru á öðru ári í fatahönnun í LHÍ og öll hafa þau velt vöngum yfir þeirri neyslumeningu sem einkennir vestrænan heim. „Það er farið mikið inn á þetta



Nemendur fengu textil frá Rauða krossinum til að vinna með. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

skápnum okkar og fjöldinn kom stundum á óvart, það er eitthvað sem allir hefðu gott af að gera,” segir Sigmundur Páll Freysteinnsson, einn nemandi úr hópnum.

Meðvituð um vistvænar lausnir
„Almennt eru nemendur í fatahönnun mjög meðvitaðir um endurvinnslu og vistvænar lausnir og hafa mikinn áhuga á þessu og sú meðvituð eykst með frekari þekkingu og reynslu. LHÍ hefur lagt áherslu á að kenna nemendum um umhverfisáhrif og hvernig má minnka þau innan hönnunargeirans,” segir fatahönnunarneminn Þ. Sunneva Elfarsdóttir.

Spurð út í vinnuferlið segir Sigmundur: „Við byrjum á rannsóknarvinnu þar sem við fáum hugmynd um í hvaða átt við viljum taka línu. Við förum í heimsókn í Rauða krossinn þar sem við sáum hversu gríðarlega mikið magn af fötum þeir fá. Þar á eftir fengum við fatnað og textil úr Rauða krossinum til að vinna með, þróa hugmyndir og form. Þá var næsta skref að teikna upp línu og vinna að lokaútkomunni.“

Nemendahópurinn sýndi afrakstur vinnunnar á tiskusýningu í Hörpu í gær. Þann 6. apríl opna þau svo sýningu í húsnæði Lista-háskólans, Þverholti 11, þar sem fatalínur hópsins verða til sýnis og verður sýningin opin yfir helgina. gudnyhronn@frettabladid.is

Nemendur Herdísar Egilsdóttur kennara í Ísaksskóla 1953 - 1999 **ATHUGIÐ!**

Laugardaginn 7. apríl næstkomandi frá kl. 14.00 - 17.00

ætla nemendur, foreldrar og Herdís að hittast og rifja upp gamlar minningar, gleðjast saman og njóta kaffiveitinga í Ísaksskóla.

Herdís kenndi í 45 ár og verður 84 ára í sumar - það segir sig sjálf að fjölmargir nemendur hafa notið leiðsagnar hennar og þess vegna þurfum við að vera vel undir það búin að margir hafi hug á að koma.

Nemendur/foreldrar eru því beðnir að senda **SKILABOD** á netfangið nemendurherdisar@gmail.com eða hringja í Halldóru (dóttur Herdísar og nemandi) í síma 772 2408 til að tilkynna þátttöku eða senda kveðju. Þau sem vilja aðstoða við undirbúning eða eiga myndir eða minjagripa mega endilega láta vita af sér.

nemendurherdisar@gmail.com - s: 772 2408

Undirbúningsnefndin

FYRSTA VERKEFNIÐ Í ÁFANGANUM VAR AÐ TELJA FÖTIN Í FATASKÁPNUM OKKAR OG FJÖLDINN KOM STUNDUM Á ÓVART.

í náminu. Það er meðal annars á okkar ábyrgð sem fatahönnuðir að bæta neyslumeningu og viðhorf fólks til fatnaðar. Fyrsta verkefnið í áfanganum var að telja fötin í fata-




TÓNLEIKUR KYNNIR

JESSIE J

LAUGARDALSHÖLL




Hljómleikabíó
THE LORD OF THE RINGS
THE TWO TOWERS
LIFANDI FLUTNINGUR SINFÓNÍUHLJÓMSVEITAR, KÓRA OG EINSÓNGVARA
VERÐLAUNATÓNLIST HOWARD SHORE



LAUGARDALSHÖLL · 1. ÁGÚST

**ERTU BÚINN AÐ TRYGGJA ÞÉR MIÐA
Á ÓGLEYMANLEGA KVÖLDSTUND!**



KATIE MELUA
Á SAMT HLJÓMSVEIT
ELDBORG 10. JÚLÍ



DÚNDURFRETTIR
PINK FLOYD

THE
DARK
SIDE OF
THE MOON

45

ÁRA AFMÆLISTÓNLEIKAR

Verkfæri í miklu úrvali



METABO Bútsög
KS216
16.995

VIAir 12V loftdælur
í miklu úrvali.

Jeppatjakkur
2.25t 52cm.
17.995

Verðmætaskápar
frá 4.995

Verkfæralagerinn

Smáratorgi 1, 201 Kópavogi, sími 588 6090, vl@verkfaeralagerinn.is
Mán.-fim. kl. 9-18, fös. kl. 9-18:30, lau. kl. 10-18, sun. kl. 12-17



Amadeus borðstofuhúsgögn

Komið og skoðið úrvalið

NÝFORM
HÚSGAGNAVERSLUN

Strandgötu 24 | 220 Hafnarfjörður | Sími 565 4100 | nyform.is

Opið virka daga
11-18
laugardaga
11-15



VIÐ SÉRHFUM
OKKUR Í
ASÍSKRI
MATARGERÐ.

HOLLUR OG
LJÚFFENGUR
MATUR.


Vietnamese restaurant
Laugavegi 27 og
Suðurlandsbraut 8
sími: 588 6868



pho.is

VIÐ BÚUM TIL DRAUMASÓFANN ÞINN

900 útfærslur, engin stærðartakmörk
og 3.000 tegundir af áklæðum



Basel



Roma

Tungusófar • Sófasett • Stakir sófar • Hornsófar

Kíktu í heimsókn!

Opið virka daga kl. 10-18
Laugardaga 11-15

Patti
HÚSGÖGN

Bíldshöfða 18 - 110 Reykjavík - sími: 557 9510 - www.patti.is



Emmsjé Gauti hefur verið túristi í Vesturbænum í sjö ár en fær að verða hluti af hverfinu núna. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Fannst vanta „basic burger“ í hverfið

Hagavagninn, vinaleg sjoppa í Vesturbænum, mun ganga í endurnýjun lífdaga og opna sem hamborgarastaður á næstunni. Emmsjé Gauti er einn þeirra sem að staðnum koma og hann er spenntur.

Hjónin Rakel Þórhallsdóttir, eigandi Súpubarsins, og Jóhann Guðlaugsson, eigandi Geysis, hafa fest kaup á Hagavagninum við hlið Vesturbæjarlaugar og ætla sér að opna þar hamborgarastað. Með þeim í þessu verkefni verður rapparinn góðkenni Emmsjé Gauti. En hvernig gerðist það?

„Ég hef oft verið að labba fram hjá Hagavagninum og hugsað með mér að hann sé algjörlega kennileiti hérna í Vesturbænum. Ég var núna um daginn að labba þarna fram hjá og sá að það var svona „Til sölu“ skilti í glugganum. Það gerði mig rosalega spenntan og ég fór bara að þæla í hvað myndi koma þarna næst – verður þetta kannski hótel, einhvers konar pulsuhótel eða hvað? Ég sé að það er eitthvað í gangi og sting hausnum inn og þar eru þau Rakel og Jói í öða önn að brjóta og bramla,“ segir Gauti en eitt leiddi af öðru, skyndilega var hann kominn á fund með þeim svo úr varð samstarf. Hann segir að þarna rætist ákveðin draumar hans, bæði að nú getur hann loksins búið til McGauta-hamborgarann og orðið meiri Vesturbæingur.

„Eftir að ég flutti í Vesturbæinn langar mig meira að segja vera úr Vesturbænum en úr Breiðholti. Ég er búinn að búa í Vesturbænum í um sjö ár held ég. Ég er eigin-

ÞETTA VERÐUR BÖRRA BÖRRI – ÞÚ SITUR EKKI MEÐ HNÍF OG GAFFAL ÞARNA. ÞÚ FÆRD SÓSU Á PUTTANA.

lega eins og svona óþolandi túristi sem kemur til Íslands og er alltaf bara „I love Iceland“ og er einhvern veginn alltaf hérna og kallar sig jafnvel einhverju íslensku nafni því að hann tekur svo margar myndir af norðurljósumum – þannig er ég í Vesturbænum. Þú veist, ég vakna á morgnana og anda að mér loftinu og hugsa með mér „ahh, það er eitthvað við það maður, ég veit það ekki, sjórinn eða eitthvað.“

Það er hinn þaulreyndi veitingamaður Ólafur Örn Ólafsson sem er á fullu að þróa matseðil staðarins, en Gauti segir hann verða einfaldan og „góðan fyrir kvíðasjúklinga eins og mig“. Þarna verður einnig á boðstólum vegan hamborgari sem mikið púður verður lagt í og áherslan verður á að hann verði „sveittur“.

„Þetta verður í klassa fyrir ofan sjoppuborgarann. Þetta er ekki ísbúðin-i-hverfinu-þínu hamborgarinn. Heldur verður þetta svona hamborgarastaður sem nýtir sér aðferð sem heitir smass-börger. Það er fitumeira kjöt og aðeins öðruvísi steikingaraðferð. Þetta er geggjáð

því mér finnst vanta svona „basic burger“ í hverfið. Þetta verður börra börra – þú situr ekki með hníf og gaffal þarna. Þú færð sósu á puttana.“

Hugmyndin er sú að búa til „kósi“ stað – við hlið hans er auðvitað Vesturbæjarlaug og svo grasflöt þar sem gæti orðið talsvert líf.

„Það er náttúrulega geðveikt skemmtileg uppbygging í gangi í kringum þennan punkt. Það er Kaffihús Vesturbæjar, Brauð og co. og sundlaugin auðvitað og Mela-búðin. Þetta er ákveðinn menningarkjarni í Vesturbænum. Það er svo gaman að taka þátt í uppbyggingunni þarna, mér líður svolítið eins og ég sé að færa Vesturbæingum gjöf... hamborgaralykt í hverfið,“ segir Gauti hlæjandi.

Á Facebook-síðu Hagavagnsins má fylgjast með breytingunum á vagninum og fleira, en í vagninum má enn finna ýmislegt strangheiðarlegt úr fortíðinni eins og gult túbúsónvarp og gömul skilti.

„Í gegnum Magnús Leifsson, vin minn, hef ég fengið áhuga á bældum sjoppum – hann hefur verið að taka myndir í sérúf af svona bældum sjoppum – það fer ekkert á milli mála að Hagavagninn í núverandi mynd flokkast undir slíka sjoppu. Það er mikil sál í þessum stað, hann var opnaður 1980 og stendur enn – það er einhver ástæða fyrir því.“

stefanthor@frettabladid.is

SÍMAR AUGLÝSINGAEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI: Elmar Hallgríms Hallgrímsson elmar@frettabladid.is ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401: Gústaf Bjarnason gustaf@frettabladid.is, Hjördis Zoëga hjordis@frettabladid.is, Sigrún Örn Einarsson sigrun@frettabladid.is, Örn Geirsson orn.geirsson@frettabladid.is FÓLK/SÉRBLÓÐ SÍMI 512-5402: Atli Bergmann atli@frettabladid.is, Jón Ivar Vilhelmsson jonivar@frettabladid.is, Ólafur H. Hákonarson olafurh@frettabladid.is, Máté Dalmar mate@frettabladid.is FÓLK OG SÉRBLÓÐ EFNÍ: Elin Albertsdóttir elin@frettabladid.is og Ragnheiður Tryggvadóttir heid@frettabladid.is RÁÐAUGLÝSINGAR / FASTEIGNIR SÍMI 512-5403: Hrannar Helgason hrannar@frettabladid.is, Viðar Ingi Pétursson vip@frettabladid.is ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407: Arna Rut Kristinsdóttir annarut@frettabladid.is, Guðrún Inga Grétarsdóttir gudruninga@frettabladid.is



22. mars – 1. apríl

TILBOÐ

Stór bátur
+ 0,5 l Pepsi

990 KR.



quiznos.is



HÖFUÐBORGARSVÆÐIÐ:
NORÐLINGAHOLTÍ · GULLINBRÚ · ÁLFHEIMUM · SÆBRAUT
MJÓDD · GARÐABÆ · MOSFELLSBÆ

LANDSBYGGÐIN:
BORGARNESI · AKRANESI · AKUREYRI · REYÐARFIRÐI
KEFLAVÍK · SELFOSSI · HELLU



Fermingardagur

OPÍÐ Á
SUNNUDÖGUM Í
DORMA SMÁRATORGI



www.dorma.is

VEFVERSLUN

**ALLTAF
OPIN**



Nature's Bedding

Aukahlutur á mynd: Helsínki höfuðgafi.
Val um þrjá líti á botni: Hvítt, svart og grátt.

NATURE'S REST
heilsurúm með
Classic botni

Öllum fermingartilboðum á rúmum
fylgir Scandinavian Bedding dúnkoddi
að verðmæti **4.900 kr.**

**FERMINGAR
TILBOÐ**

DÚNKODDI

Nature's Rest með Classic botni og fótum

Stærð í cm	Fullt verð	Fermingartilboð
80x200	55.900	45.900
90x200	59.900	49.900
100x200	63.900	53.900
120x200	69.900	59.900
140x200	79.900	69.900

NATURE'S REST | SVÆÐASKIPT POKAGORMAKERFI | BURSTAÐIR STÁLFÆTUR | STERKUR BOTN | 320 GORMAR PR FM² | GÓÐAR KANTSTYRKINGAR

NATURE'S SUPREME

heilsurúm m/Classic botni

Nature's Bedding

- Svæðaskipt pokagormakerfi
- Burstaðir stálfætur
- Sterkur botn
- 320 gormar á m²
- Vandaðar kantstyrkingar



Aukahlutur á
mynd: Koddar
og höfuðgafi.
Val um þrjá líti
á botni: Hvítt,
svart og grátt.

Öllum fermingartilboðum á rúmum
í DORMA fylgir Scandinavian Bedding
dúnkoddi að verðmæti **4.900 kr.**

**FERMINGAR
TILBOÐ**

DÚNKODDI

Nature's Supreme með Classic botni og fótum

Stærð í cm	Fullt verð	Fermingartilboð
80x200	82.900	66.320
90x200	89.900	71.920
100x200	96.900	77.520
120x200	109.900	87.920
140x200	119.900	95.920

FERMINGAR TVENNUTILBOÐ

SB-sæng 135 x 200 cm. 85% smáfiður
og 15% hvítur andadúnn. 100% bómullarver.

Fullt verð: **9.900 kr**

SB-koddi 50 x 70 cm. 70% smáfiður
og 30% hvítur andadúnn. 100% bómullarver.

Fullt verð: **4.900 kr**

Fullt verð samtals:

14.800 kr.

TVENNUTILBOÐ

Aðeins **9.900 kr.**

Fermingartilboð

Afgreiðslutími Rvk
Mánudaga til föstudaga kl. 10-18
Laugardaga kl. 11-17
Sunnudaga kl. 13-17 (Smáratorg)
www.dorma.is

Holtagörðum, Reykjavík
512 6800
Smáratorgi, Kópavogi
512 6800

Dalsbraut 1, Akureyri
558 1100
Skeiði 1, Ísafirði
456 4566

Verð og vöruupplýsingar í auglýs-
ingunni eru birtar með fyrirvara
um prentvillur.

DORMA

Láttu drauminn rætast

Vorið í DORMA



www.dorma.is

VEFVERSLUN

**ALLTAF
OPIN**



TILBOÐ
50%
AFSLÁTTUR

DAGMAR

2,5 & 3ja sæta
Ljós- eða dökkgrátt áklæði.

2,5 sæta: 169 x 89 x 87 cm
Fullt verð: 69.900 kr.

3ja sæta: 200 x 89 x 87 cm
Fullt verð: 79.900 kr.

Aðeins **34.950 kr. 39.950 kr.**



TILBOÐ
25%
AFSLÁTTUR

TAMPA
tungusófi

Ljós- eða dökkgrátt slitsterkt áklæði.
Hægri eða vinstri tunga.
Stærð: 240 x 143 cm
Fullt verð: 119.900

Aðeins **89.925 kr.**



TILBOÐ
20%
AFSLÁTTUR

ZERO
hornsófi
með tungu

Grátt slitsterkt áklæði.
Stærð: 288 x 225 x 88 cm.
Fullt verð: 169.900 kr.

Aukahlutur á mynd:
Hnakkapúði

Aðeins **135.920 kr.**



TILBOÐ
50%
AFSLÁTTUR

RENO
2ja sæta sjónvarpssófi

Stillanlegur sjónvarpssófi
með skammeli.
Grátt leður á slitflötum.
Fullt verð: 199.900 kr.

Aðeins **99.950 kr.**

DORMA

Láttu drauminn rætast

BAKÞANKAR

Kristins Inga Jónssonar



Lamandi höft

Milton Friedman sagði að ekkert væri varanlegra en tímabundnar ráðstafanir stjórnvalda. Spakmælin eiga vel við um þá fjötra sem krónan hefur verið reyrd í undanfarinn áratug. Þegar höft voru sett á flæði fjármagns haustið 2008 var því lofað að þau yrðu aðeins í fáeina mánuði. Þegar loks stóð til að losa um þau átta árum síðar voru önnur höft sett á flæði fjármagns inn í landið.

Og rétt eins og átti við um fyrri höftin finnur fólk ekki fyrir innflæðishöftunum á eigin skinni. Þannig hafa þau verið réttlætt á þá leið að þau beinist að þeim sem vilja hagnast á vaxtamunarviðskiptum með krónuna. Samt sem áður gera höftin engan greinarmun á slíkum viðskiptum og langtímafjárfestingum í íslensku atvinnulífi. Í ljósi minnkandi vaxtamunar við útlönd fer áhugi erlendra fjárfesta á fyrrnefndu viðskiptunum dvínandi á sama tíma og áhugi þeirra á síðarnefndu viðskiptunum hefur aldrei verið meiri. Varla er það markmið stjórnvalda að standa í vegi fyrir erlendra fjárfestingu hér á landi? Sú er engu að síður raunin og er afleiðingin sú að fyrirtæki og heimili þurfa að búa við lakari vaxtakjör en annars væri.

Höftin grafa jafnframt undan trausti umheimsins á íslensku efnahagslífi. Með því að viðhalda höftum gefum við til kynna að við getum ekki eða viljum ekki reka opið hagkerfi með frjálsum viðskiptum eftir þeim leikreglum sem tíðkast annars staðar.

Sjálfstæðri mynt er ætlað að endurspeglar stöðu hagkerfisins. Höftin taka hins vegar markaðsöflin úr sambandi og halda þannig gengi krónunnar veikara en ástæða er til. Hvers virði er sjálfstæð mynt þegar embættismönnum er eftirlátið að stýra henni eftir hentisemi?

Hjólin eru komin

Frábær fermingargjöf

Krakka hjól í ýmsum stærðum

Frábært verð ár eftir ár!

Kven- og karlahjól
28" karla, 26" kvenjól, 6 gíra með brettum og körfu.
28.995
49620200-1

20%
afsláttur af öllum
SONAX
BÍLAVÖRUM
Til 26. mars

20%
afsláttur af öllum
**LITLUM HEIMILIS-
TÆKJUM**
Til 26. mars

20%
afsláttur af öllum
**HÁPRÝSTI-
DÆLUM**
Til 26. mars

Auðvelt að versla á byko.is

BYKO

GERUM ÞETTA SAMAN



Opið allan sólarhringinn í öllum verslunum

Iceland

Stjörnudagar

Allir 12 tommu bátar af matseðli og miðstærð af gosi á

1099kr.

19. til 25. mars



SUBWAY